allt

BJÖRGVIN FRANZ GÍSLASON

Mikilvægt að vera í góðu formi

• heilsa

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

Á LEIÐ TIL RÚSSLANDS

GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR

Skákdrottning í brúðkaupi Kasparovs

FÓLK 30 ▶

Hagstæðasta bílalánið
FRJÁLSI
Himinn og haf/SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. maí 2005 - 145. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

S-hópurinn fékk milljarða að láni hjá Landsbankanum

Landsbankinn lánaði félögum innan S-hópsins milljarða króna áður en bankinn var seldur Samson. Lánið var á góðum kjörum og var notað til að greiða fyrri greiðslu S-hópsins í Búnaðarbankanum.

EINKAVÆÐING S-hópurinn fékk milljarða að láni frá Landsbankanum á meðan hann var enn í ríkiseigu. Lánið var til að fjármagna fyrri greiðslu S-hópsins vegna kaupa á 45,8 prósenta hlut ríkisins í Búnaðarbankanum í janúar 2003.

Eignarhaldsfélagið Egla fékk um 3 milljarða króna í lán frá Landsbankanum en félög í S-hópnum fengu alls lánaða 6 til 8 milljarða króna. Þýski bankinn Hauck & Aufhauser átti 50 prósenta hlut í Eglu, Ker átti 49,5 prósenta hlut og VÍS 0,5 prósenta hlut.

Þetta kemur fram í síðasta hluta greinaflokks Fréttablaðsins um einkavæðingu bankanna, sem birtist í blaðinu í dag.

Þar kemur einnig fram að þegar framkvæmdanefndin valdi S-hópinn til viðræðna um kaupin á Búnaðarbankanum hafði nefndin ekki enn fengið uppgefið hvaða erlendi fjárfestir væri þar á meðal. S-hópurinn sagði fjárfestinn ekki vilja koma fram fyrr en að loknum samningum. Samið var um það að S-hópurinn gæfi HSBC upp nafnið á fjárfestinum og HSBC myndi síðan upplýsa nefndina um hvort hann teldist áreiðanlegur. Niðurstaða HSBC var jákvæð í garð fjárfestisins.

Umsögn HSBC vakti ekki spurningar meðal framkvæmdanefndarinnar fyrr en kaupsamningur var undirritaður og tilkynnt var að þýski einkabankinn Hauck & Aufhauser væri erlendi fjárfestirinn. Nefndarmönnum fannst þá að umsögn HSBC hefði ekki getað átt við þann banka.

Í greininni segir einnig að í kaupsamningi milli ríkisins og S-hópsins hafi komið fram að hluthöfum Eglu hafi verið óheimilt að selja hlut sinn í Eglu í 21 mánuð frá undirritun samningsins nema að fengnu skriflegu samþykki viðskiptaráðherra.

Peter Gatti, fulltrúi Hauck & Aufhauser sem átti helmingshlut í Eglu, sagði við fjölmiðla við undirskrift kaupsamningsins að bankinn myndi halda eignarhlut sínum í Búnaðarbankanum í að minnsta kosti tvö ár. Að þeim tíma liðnum yrði ávöxtunin metin. Þrettán mánuðum eftir undirritun kaupsamnings, 20. febrúar 2004, keypti Ker þriðjung af hlutafé Hauck & Aufhauser í sameinuðum KB banka.

Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra veitti leyfi fyrir viðskiptunum. - sda

Sjá síður 14 og 15

ÞRIÐJUDAGUR

Fylkismenn léku sér að Skagamönnum

Fylkir vann 3–0 sigur uppi á Akranesi á meðan Grindvíkingar náðu í sín fyrstu stig.

ÍÞRÓTTIR 20

Prestar hótuðu uppsögnum

Í dag eru liðin 60 ár síðan Geirþrúður Hildur Bernhöft lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands, fyrst íslenskra kvenna. Dóttir Geirþrúðar rifjar upp að ekki voru allir prestar hrifnir af því að móðir hennar lyki prófi.

TÍMAMÓT 18

Gítarleikari Skunk aðstoðar Dikta

Ace, fyrrverandi gítarleikari hljómsveitarinnar Skunk Anansie, mun stjórna upptökum á nýrri plötu frá íslensku rokksveitinni Dikta.

TÓNLIST 30

VEÐRIÐ Í DAG

RIGNING I BORGINNI Annars verður rigning sunnan og vestan til en úrkomulítið á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 3-9 stig í dag

VEÐUR 4

Fréttablaðið skorar og skorar!*

Lestur íþróttasíðna



Íslendingar 18-49 ára

*Lestur á íþróttasíður blaðanna á fimmtudögum. Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup maí 2005

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÓLAFUR VÍSAR VEGINN Ólafur Ragnar Grímsson og dr. A.P.J. Abdul Kalam Indlandsforseti ræddu saman utan við Bessastaði að loknum blaðamannafundi rétt fyrir hádegi í gær. Opinber heimsókn Indlandsforseta hófst formlega með móttöku á Bessastöðum í gærmorgun. Nánar um heimsókn Indlandsforseta á bls. 10.

Aðstoðarmaður Halldórs:

Staðfesti símafund

EINKAVÆÐING Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra, staðfesti í viðtali í morgunþætti Talstöðvarinnar í gær að Halldór hefði átt samtal við fulltrúa S-hópsins og Kaldbaks um það hvort þeir gætu sameinast um kaupin á Búnaðarbankanum haustið 2002.

Um var að ræða símtalsfund milli tveggja fjárfestahópa sem sóttust eftir að kaupa hlut ríkisins í Landsbankanum og Búnaðarbankanum, sem sagt hefur verið frá í Fréttablaðinu. Þar kemur fram að Halldór Ásgrímsson hafi komið á símafundi milli hópanna tveggja og hann hafi sjálfur tekið þátt í fundinum. Hann hafi verið að reyna að koma á samvinnu þeirra á milli um kaupin á Búnaðarbankanum. ■

Dýpkunarframkvæmdir við Sundahöfn hafa víðtæk áhrif:

Viðey að skolast burt

LANDEYÐING „Þarna hefur verið um gríðarlegt landrof að ræða síðustu árin og engu öðru um að kenna en þeim dýpkunarframkvæmdum sem gerðar hafa verið í Sundahöfn," segir Örnólfur Hálfdánarson, fyrrverandi bókaútgefandi og áhugamaður um Viðey.

Merkjanlegt er talsvert landrof á syðsta hluta Viðeyjar, við Kríusand og Þórsnes, og segir Örnólfur, sem sótt hefur eyna heim árlega um margra ára skeið, að dýpkunarframkvæmdum við Sundahöfn sé um að kenna. „Sem dæmi eru göngustígar sem lagðir voru um eyna á köflum horfnir vegna ágangs sjávar en þetta á sér eingöngu stað gegnt Sundahöfninni og ekki hægt að finna landrof að ráði annars staðar. Heilbrigð skynsemi segir mér að þetta sé afleiðing síendurtekinna framkvæmda við dýpkun Sundahafnar."

Jón Þorvaldsson, forstöðumaður tæknideildar Faxaflóahafna, segir þetta af og frá. „Um þetta hafa vaknað spurningar þegar framkvæmdir hafa áður legið fyrir og við höfum kannað þetta í samstarfi við Siglingastofnun og það er ekkert sem bendir til að tengsl séu þarna á milli." - aöe

SPURNING DAGSINS

Grímur, er þetta skítsæmileg mynd?

„Viðbrögðin hafa að minnsta kosti verið skítsæmileg."

Stuttmynd Gríms Hákonarsonar, Slavek the Shit, var valin besta besta myndin á stuttmynda- og heimildarmyndahátíðinni Short & Docs um helgina.

Flutti með sér um 25 kíló af sælgæti til landsins með Norrænu:

Bíður dóms fyrir sælgætissmygl

DÓMSMÁL Sýslumaðurinn á Seyðisfirði hefur stefnt Árna Emanúelssyni til greiðslu sjö þúsund og fimm hundruð króna sektar vegna brota á tollalögum þegar hann hafði með sér um 25 kíló af sælgæti og gosdrykkjum við komu Norrænu til Seyðisfjarðar síðla árs 2004. Telst slíkt brot á tollalögum og var Árna boðið að ljúka málinu með sátt hjá Tollstjóranum á Seyðisfirði sem hann hafnaði. Árni hefur óskað eftir því að greiða toll af vörunum sem hann flutti inn en hafnar því að greiða sekt. Málflutningur í málinu hófst fyrir héraðsdómi Austurlands á Egilsstöðum í gær

„Þeir leituðu í bílnum í fjóra klukkutíma og það sem þeir höfðu upp úr því var sælgæti sem ég hafði keypt og ætlaði að gæða mér á við akstur frá Egilsstöðum til Bolungarvíkur. Ég ætla ekki að una þessari niðurstöðu og fer með málið eins langt og þarf," segir Árni.

Samkvæmt upplýsingum frá Tollstjóranum í Reykjavík er tollfrjáls innflutningur á matvöru takmarkaður við þrettán þúsund krónur og þrjú kíló. Allt umfram þrjú kíló telst tollskyldur varningur og ber ferðamönnum þar með að greiða gjald af vörunum samkvæmt ákvæðum tollalaga. - hb

ÁRNI EMANÚELSSON Tók of mikið af sælgæti með sér til landsins en neitar að greiða sekt.

Landbúnaðarstofnun:

Fer á Selfoss

LANDBÚNAÐUR Ákveðið hefur verið að Landbúnaðarstofnun, sem tekur við þeim verkefnum sem hafa verið í höndum yfirdýralæknis, veiðimálastjóra, aðfangaeftirlitsins, kjötmatsformanns og plöntueftirlitsins, skuli staðsett á Selfossi.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra segir að stofnunin muni samt sem áður starfa um allt land og útibú verði á höfuðborgarsvæðinu.

Ákveðið hafi verið að koma stofnuninni fyrir nær vettvangi landbúnaðar og Selfoss sé sterkur þjónustubær í nálægð við landbúnað. Með stofnun Landbúnaðarstofnunar náist bæði hagræðing og öflugri stofnun. ■

MYND/AP

ANGELA MERKEL Segist uppræta atvinnuleysi í Þýskalandi nái hún kjöri.

Kristilegu flokkarnir:

Merkel verður kanslaraefnið

BERLÍN, AP Kristilegu flokkarnir í Þýskalandi lýstu því formlega yfir í gær að Angela Merkel yrði kanslaraefni þeirra í kosningunum sem haldnar verða í haust. Sigri flokkarnir í kosningunum verður Merkel fyrsti kvenkanslari Þýskalands.

Það kom í hlut Edmunds Stoiber að lesa tilkynninguna upp en hann atti kappi við Gerhard Scröder kanslara í kosningunum 2002.

Merkel hélt stutta ræðu við þetta tækifæri þar sem hún lofaði að uppræta atvinnuleysið í landinu næði hún kjöri. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

VINNUSLYS VIÐ KÁRAHNJÚKA Færeyskur ökumaður slasaðist lítillega þegar vörubíll hans valt við Kárahnjúka um hádegisbil í gær. Voru tildrög slyssins óljós en meiðsl mannsins reyndust ekki alvarleg þegar til kom.

FERÐAMENN Í BÍLVELTU Tveir kanadískir ferðamenn slösuðust illa þegar bfireið þeirra valt við Hösklá skammt frá Bakkafirði um miðjan dag í gær. Voru bæði flutt til Reykjavíkur með sjúkraflugi en ekki fengust upplýsingar um líðan þeirra áður en blaðið fór í prentun.

VIÐ HÉRAÐSDÓM REYKJANESS Magnús Einarsson, fyrrverandi eiginmaður Sæunnar Pálsdóttur, heldur því fram að hún hafi viljað láta bana sér, og hann hafi einungis verið að hjálpa henni við það.

Heyrði kvalafullt öskur

Samkvæmt nágranna Sæunnar Pálsdóttur, sem myrt var aðfaranótt 1. nóvember á síðasta ári, gekk mikið á í íbúð Sæunnar og Magnúsar Einarssonar á þeim tíma sem morðið á að hafa átt sér stað. Magnús kannast ekki við læti.

DÓMSMÁL Nágranni Sæunnar Pálsdóttur segist hafa heyrt skelfingaröskur og vein í konu á þeim tíma sem atburðirnir eiga að hafa átt sér stað. Óhljóðin hafi síðan hætt skyndilega eftir þungan dynk. Þetta kom fram í vitnisburði nágrannans við aðalmeðferð fyrir Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Magnús Einarsson, sem ákærður er fyrir að hafa banað Sæunni eiginkonu sinni, sagðist hafa verið að hjálpa henni að deyja þar sem hún hafi verið kvalin af þunglyndi og samviskubiti yfir meintu framhjáhaldi. Hann sagðist ekki kannast við öskur og læti sem nágranninn taldi sig hafa heyrt. Börn þeirra hafi þannig sofið vært meðan manndrápið hafi átt sér stað.

Sálfræðingur sem tók viðtöl við Magnús segir ekkert hafa komið fram sem dragi sakhæfi Magnúsar í efa. Jafnframt sagði sálfræðingurinn fyrir dómi í gær að svo virtist sem Magnús hefði misst stjórn á gjörðum sínum og í kjölfarið banað konu sinni.

Í rannsókn sálfræðingsins á Magnúsi hafi líka komið fram tilhneiging hjá honum til þess að geta í eyðurnar í vitnisburði sínum þegar hann hafi ekki verið viss um hvernig málin hafi verið. Hann hafi munað atburði næturinnar nokkuð skýrt, en skapað síðan sjálfur inn í eyðurnar þegar atburðarásin hafi vafist fyrir honum.

Það kom einnig fram í máli sálfræðingsins að Magnús hafi verið afskaplega háður konu sinni. Hann hafi þannig átt erfitt með að þola það þegar hann komst að því að kona hans hafi verið honum ótrú.

Lögreglumenn sem handtóku Magnús á morðstað segja hann hafa greint þeim frá því að einungis hafi verið um aðstoð við dráp að ræða, þar sem kona hans hafi viljað deyja.

Magnús sagðist hafa átt erfitt í kjölfarið og fundið fyrir miklum andlegum sársauka við það að finna fyrir fjölskyldu sinni tvístrast í sundur. Sérstaklega hafi honum fundist erfitt að hugsa til þess að samband hans við börn sín myndi glatast.

Frá upphafi hefur verið vitað að Magnús drap konu sína sjálfur, en hann játaði verknaðinn skömmu eftir að hafa framið hann.

Magnús heldur enn tengslum við börn sín en þau koma í heimsókn til hans einu sinni í mánuði á Litla-Hraun, þar sem hann er í gæsluvarðhaldi. Börnin eru í umsjá foreldra Sæunnar .

magnush@frettabladid.is

Umsækjandi um prestsstöðu:

Telur framhjá sér gengið

DÓMSMÁL Tekið var fyrir í gær í Héraðsdómi Reykjavíkur mál sem séra Sigríður Guðmarsdóttir höfðar gegn Biskupsstofu. Hún telur hafa verið framhjá sér gengið þegar ráðið var í stöðu sendiráðsprests í London.

Menntun Sigríðar er umtalsvert meiri en séra Sigurðar Arnarssonar, sem hreppti embættið, en hún hefur lokið M.Phil-gráðu, sem er þriggja ára nám, auk embættisprófs. Séra Sigurður Arnarsson, sem er tengdasonur biskups Íslands, hefur lokið einu ári í sjúkrahúsprestsnámi auk embættisprófs.

Hæfisnefndina skipa aðilar frá Tryggingastofnun ríkisins, utanríkisráðuneytinu og Biskupsstofu. Nefndin taldi menntun Sigurðar betur sniðna að starfi sendiráðsprests en menntun Sigríðar. - mh

Egill Helgason:

Fýlubomba frá Finni

FJÖLMIÐLAR „Þettar er bara ein af mörgum fýlubombum sem Finnur Ingólfsson hefur sprengt á ævi sinni.

Ég veit ekki hvað maðurinn er að spá," segir Egill Helgason þáttarstjórnandi. Finnur Ingólfsson sagði í Kastljósinu í gær að þegar Finnur hefði nýtekið við sem iðnaðarráðherra hefði Egill falast eftir viðtali við hann, en á þeim tíma hefði andlegt og líkamlegt ástand Egils verið með þeim hætti að hann hefði ekki verið í stakk búinn til að taka viðtalið.

„Ég hef bara einu sinni hitt hann augliti til auglitis, þegar ég tók fréttaviðtal við Finn í stúdíói Stöðvar 2, sem var á engan hátt sögulegt. Hvað eftir annað, þegar Finnur var iðnaðarráðherra, lofaði hann að koma í Silfur Egils og sveik það alltaf á síðustu stundu." - ss

PUNKTAÐU NIÐUR FERÐALAGIÐ

Fjárdráttur í Rafiðnaðarskólanum:

Fékk tveggja ára fangelsi

DÓMSMÁL Jón Árni Rúnarsson, fyrrverandi skólastjóri Rafiðnaðarskólans, var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir stórfelldan fjárdrátt á tímabilinu 1994 til 2001.

Peningarnir sem Jón Árni var fundinn sekur um að hafa dregið að sér voru af endurmenntunargjaldi sem vinnuveitendur í rafiðnaði greiddu.

Upphæðin nam tæpum 28 milljónum króna í heildina.

Í dómsuppkvaðningu sagði að brotin hefðu verið gerð með einbeittum brotavilja og verið skipulögð. Jón Árni hefði nýtt sér þá stöðu sem skapaðist með hraðri útþenslu í menntakerfinu á umræddum tíma.

Að auki kom fram að Jóni Árna hefði ekki tekist að bæta fyrir það fjárhagslega tjón sem gjörðir hans hefðu valdið.

Málið hefur verið lengi fyrir dómstólum, en því var skotið aftur í héraðsdóm eftir að Hæstiréttur komst að því að ekki hefði verið hægt að taka afstöðu til málsins á gefnum forsendum.

Jón Árni hafði áður verið dæmdur sýkn saka, en úrskurðurinn var ógildur í Hæstarétti og sendur niður í héraðsdóm.

Hæfileg refsing þótti vera tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi. - mh

JÓN ÁRNI MÆTIR TIL DÓMSUPPKVAÐNINGAR Jón var dæmdur sekur um fjárdrátt í héraðsdómi eftir að Hæstiréttur hafði skotið málinu þangað aftur.



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / ACTAVIS 50503

Lóritín® – *Kröftugt ofnæmislyf*

Notkunarsvið: Lóritín inniheldur virka efnið lóratadín sem hefur kröftuga og langvarandi verkun við algengustu tegundum ofnæmis. Lyfið er ætlað við frjókorna- og dýraofnæmi, sem og ofnæmi af völdum rykmaura. **Varúðarreglur:** Gæta þarf sérstakrar varúðar hjá börnum með alvarlega nýrna- og lifrarsjúkdóma. Sjúklingar með skerta lifrarstarfsemi þurfa minni skammta. **Aukaverkanir:** Lóritín þolist yfirleitt vel en algengustu aukaverkanirnar eru munnþurrkur og höfuðverkur. Svimi getur einnig komið fyrir. **Skömmtun:** Ein tafla af Lóritíni er tekin daglega. Börnum 2-14 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2ja ára.

Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04

actavis
hagur í heilsu

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 30.05.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	64,41	64,71
Sterlingspund	GBP	117,47	118,05
Evra	EUR	80,50	80,93
Dönsk króna	DKK	10,81	10,88
Norsk króna	NOK	10,11	10,17
Sænsk króna	SEK	8,77	8,82
Japanskt jen	JPY	0,60	0,60
SDR	XDR	95,52	96,08

Gengisvísitala krónunnar

112,11 -0,35%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Eftirmálar atkvæðagreiðslunnar í Frakklandi:

Áhugi Norðmanna á aðild minnkar

EVRÓPUMÁL Niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Frakklandi draga verulega úr líkunum á að Norðmenn hugi að Evrópusambandsaðild á næstu árum, að mati Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs. Stuðningur við aðild að ESB hefur ekki verið minni í Noregi í tæp fjögur ár.

„Ég tel að Norðmenn eigi ekki að flana að neinu á meðan staða Evrópusambandsins er jafn óljós og nú er," sagði Bondevik í samtali við NTB-fréttastofuna í gær. Bondevik hefur áður sagst búast við að þjóðin muni greiða atkvæði um aðild eigi síðar en 2009 en nú hafa forsendurnar gerbreyst að hans mati.

Aslaug Haga, leiðtogi Miðflokksins sem er mjög andvígur ESB-aðild, fagnaði úrslitunum og sagði þau byr í seglin fyrir efasemdarmenn um ESB hvarvetna.

Jens Stoltenberg, formaður Verkamannaflokksins, ítrekaði hins vegar að lyktir frönsku atkvæðagreiðslunnar þýddu ekki að staða ESB hefði veikst, en flokkurinn er því fylgjandi að Noregur gangi í ESB.

Ný skoðanakönnun Sentiosfyrirtækisins bendir til að stuðningur Norðmanna við aðild að sambandinu hafi ekki verið minni í tæp fjögur ár. 40,8 prósent fólks segjast styðja aðild og 44,5 prósent eru því andvíg en 14,7 prósent eru óákveðin.

- shg

KJELL MAGNE BONDEVIK Forsætisráðherrann segir að Norðmenn muni ekki leiða hugann að ESB-aðild á meðan framtíð sambandsins sé jafn óljós og nú.

Skref í rétta átt:

Hundruðum fanga sleppt

ÍSRAEL, AP Ísraelska stjórnin tilkynnti um helgina að hún hygðist á næstunni veita 400 palestínskum föngum frelsi til viðbótar við þá 500 sem nú þegar hefur verið sleppt.

Þessi aðgerð er hluti af friðarsamkomulagi við Palestínumenn en Ísraelsstjórn hefur dregið lengi að framkvæma hana. Palestínumönnum gremst að ekki hafi verið haft samráð við þá um hvaða fanga ætti að láta lausa.

Ófriðlegt hefur verið á Gazaströnd síðustu daga. Í fyrradag féllu þrír Palestínumenn fyrir kúlum ísraelskra hermanna og í gær skutu ísraelskar herþotur eldflaugum á vopnabúr uppreisnarmanna. Þrír særðust í loftárásinni. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

ÞUNG HELGARUMFERÐ Talsverð umferð var um Borgarnes fram undir miðnætti á sunnudagskvöld enda margir sem lögðu land undir fót um helgina. Umferðin gekk að sögn lögreglu áfallalaust fyrir sig.

KVEIKT Í BÍL Á MIÐNESHEIÐI Reyk lagði frá bíl sem kveikt hafði verið í á Miðnesheiði seint í fyrrinótt. Tilkynning um reykinn barst lögreglunni í Keflavík klukkan rúmlega fjögur og fóru lögregluþjónar á vettvang. Ekki er vitað hverjir voru að verki. Lögreglu var einnig tilkynnt um olíubrák í Keflavíkurhöfn í fyrrinótt og var hafnarstjóri látinn vita.

BRAUST INN OG STAL TÖLVU Brotist var inn í íbúð á jarðhæð í austurbæ Reykjavíkur í gær og fartölvu sem þar stóð á borði stolið. Innbrotsþjófurinn komst inn í íbúðina með því að spenna upp opinn glugga. Lögreglan vill brýna fyrir fólki að ganga vel um glugga á heimilum sínum til þess að koma í veg fyrir innbrot.

Á FUND FORSETA Michele Alliot-Marie, varnarmálaráðherra Frakklands, mætir á ríkisstjórnarfund í París í gær. Hugsanlegt er að hún verði arftaki hins óvinsæla Raffarins á forsætisráðherrastólnum.

Raffarin látinn víkja

Búist er við að í dag tilkynni Chirac Frakklandsforseti um uppstokkun í ríkisstjórninni eftir hrakfarirnar í þjóðaratkvæðagreiðslunni á sunnudag. Hollendingar greiða atkvæði um ESB-stjórnarskrána á morgun.

FRAKKLAND, AP Jacques Chirac Frakklandsforseti sat í gær á rökstólum með ríkisstjórn sinni eftir að öruggur meirihluti franskra kjósenda hafnaði stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslu á sunnudag. Var fastlega búist við því að forsætisráðherrann Jean-Pierre Raffarin yrði látinn víkja, en úrslit atkvæðagreiðslunnar voru ekki síst túlkaðar sem vantraustsyfirlýsing á ríkisstjórnina.

Talsmenn Chiracs sögðu að hann myndi tilkynna um uppstokkun í stjórninni í dag og flytja sjónvarpsávarp til þjóðarinnar í kvöld. Að mati franskra fjölmiðla eru þau Dominique de Villepin, núverandi innanríkisráðherra, Michele Aillot-Marie, núverandi varnarmálaráðherra, eða Nicolas Sarcozy, hinn metnaðarfulli formaður stjórnarflokksins, líklegust til að verða falið að taka við af Raffarin.

Leiðtogar annarra Evrópusambandsríkja meltu í gær þá staðreynd að hið metnaðarfulla stjórnarskrárígildi sambandsins hefði nú strandað á Frakklandi, aðaldriffjöður Evrópusamrunans í fimmtíu ár. Öll aðildarríkin 25 þurfa að fullgilda sáttmálann til að hann geti gengið í gildi. Og nú virðist stefna í að á morgun muni hollenskir kjósendur einnig hafna sáttmálanum. Samkvæmt síðustu skoðanakönnunum ætluðu yfir 60 prósent Hollendinga að segja „nei" í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Hollenski forsætisráðherrann Jan-Peter Balkenende skoraði á landa sína að láta afstöðu Frakka ekki hafa áhrif á sig.

Jan Asselborn, utanríkisráðherra Lúxemborgar sem nú gegnir formennskunni í ESB, hvatti til „tímabils íhugunar" í kjölfar úrslitanna í Frakklandi. Slíkt gæti reynst gagnlegt til að Írar, Danir, Pólverjar og fleiri þjóðir sem til stendur að gangi einnig til þjóðaratkvæðis um sáttmálann geti gert það í friði.

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sagði of snemmt að segja til um hvort hætt verði við að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um staðfestingu sáttmálans í Bretlandi, en hann hafði áður boðað að slík atkvæðagreiðsla yrði haldin á næsta ári.

- sjá nánar bls. 12

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BLENDNAR TILFINNINGAR Þegar ljóst var að Saad Hariri hefði leitt flokk sinn til sigurs í kosningum barst Bahia föðursystir hans í grát.

Líbönsku kosningarnar:

Yfirburðasigur Hariris

BEIRÚT, AP Flokkur Saad Hariri, sonar Rafik Hariri fyrrverandi forsætisráðherra, vann yfirburðasigur í fyrsta hluta líbönsku þingkosninganna í fyrradag og hreppti öll þingsætin sem í boði voru. Saad fékk sjálfur fimmfalt fleiri atkvæði en andstæðingur hans í kosningunum.

Kjörsókn var hins vegar fremur dræm, aðeins neyttu um 27 prósent þeirra sem voru á kjörskrá atkvæðisréttar síns.

Næsta umferð kosninganna fer fram á sunnudag en þá verður kosið í suðurhluta landsins. Þar hafa hreyfingar sjía, Amal og Hizbollah, töglin og hagldirnar en þær hafa lengstum verið undir verndarvæng Sýrlendinga. Því er síður búist við að Hariri vegni jafn vel þar og í Beirút. ■

SVISS

SVISSLENDINGAR ÁNÆGÐIR MEÐ FRAKKA Hans-Rudolph Merz, fjármálaráðherra Sviss, sagði í gær að niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Frakklandi sýndu að hin varfærna stefna Svisslendinga í Evrópumálunum væri rétt. Svisslendingar munu sjálfir ganga að kjörborðinu 5. júní næstkomandi en þá verður þjóðaratkvæðagreiðsla haldin um aðild landsins að Schengensamkomulaginu.

HVER ER PUNKTASTAÐA ÞÍN?

VEÐRIÐ Í DAG

FLOTT VEÐUR Í SAN FRANCISCO
Á sama tíma og við sjáum fram á dálítið norðanhret um og eftir helgi vorar hratt víða annars staðar. Þannig er að sjá að í San Francisco verði um 22-23 gráður og heiðskírt í dag. Ekki amalegt það. Ég hef fengið frá lesendum mjög góð viðbrögð við því að vera með veðurspá fyrir borgir víða um heim. Hugmyndin er auðvitað að þjónusta þá sem eru á faraldsfæti og þeim fer víst ekki fækkandi nú þegar sumarið er á næsta leiti. Það er næsta víst!!

Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

Í dag um hádegi



Á morgun



Víðast hæglætisveður, síst þó á Vestfjörðum norðanverðum.

Laugardagur



Vaxandi norðanátt, fyrst vestan til.

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	6°C skýjað	París	15°C skýjað	Mílanó	14°C léttskýjað
Osló	7°C skýjað	Berlín	11°C skýjað	New York	12°C léttskýjað
Stokkhólmur	7°C skýjað	Madrid	22°C skýjað	San Fransisco	22°C heiðskírt
London	14°C léttskýjað	Amsterdam	13°C léttskýjað	Orlando	29°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

ÍSLANDSBANKA REYKJAVÍKUR MARAÞON

Viðbúin, tilbúin, nú!

Nú hlaupa allir í sumar!

Íslandsbanki er aðalstyrktaraðili Reykjavíkurmaraþons 2005, sem nefnist nú Íslandsbanka-Reykjavíkurmaraþon. Við hvetjum Reykvíkinga og landsmenn alla til að taka þátt í þessum stærsta og fjölmennasta íþróttaviðburði ársins. Boðið er upp á vegalengdir við allra hæfi, allt frá 3 km skemmtiskokki upp í maraþonhlaup. Hlaupið fer fram laugardaginn 20. ágúst.

Undirbúningshópar fyrir 10 km hlaup eru í boði Íslandsbanka og öllum opnir. Æft verður undir leiðsögn þjálfara fram að hlaupi. Skráðu þig í undirbúningshóp á isb.is.

Skráning í hlaupið hefst á morgun, 1. júní. Allir viðbúnir!

Allar nánari upplýsingar um Íslandsbanka-Reykjavíkurmaraþon eru á isb.is.

ÍSLANDSBANKI | 100%

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3426

KJÖRKASSINN

Eiga Skorrdælingar að sameinast nágrannasveitarfélögum sínum?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	74,38%
Nei	25,62%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fórst þú í leikhús síðasta vetur?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Frá íbúahreppsfundi í Skorradal:

Tekist á um sameiningu

SVEITARSTJÓRNARMÁL Tuttugu manns sátu íbúahreppsfund í Skorradalshreppi sem fram fór í fyrrakvöld í húsi Skógræktarfélags ríkisins í Hvammi. Þar voru ræddir kostir og gallar sameiningar hreppsins og nágrannasveitarfélaganna en Skorrdælingar kjósa um málið næsta laugardag.

Davíð Pétursson, oddviti Skorradalshrepps, kvað að stíga yrði varlega til jarðar í slíkri sameiningu og að ekki væri skynsamlegt að samþykkja hana fyrr en ljóst væri hvaða verkefni yrðu sett yfir á nýja sveitarfélagið og hversu miklar fjárhæðir fengjust frá ríkinu til að sinna þeim verkefnum.

Eyjólfur kvað hins vegar að ef sveitarstjórnarmenn væru ósáttir við það hvernig ríkið hefði staðið að málum væri skynsamlegra að taka málin í sínar hendur og það gæti stórt sameinað sveitarfélag að miklu leyti gert.

Flestir fundargesta sem tóku til máls voru sammála um að enginn fjárhaldslegur hagur væri af sameiningu fyrir Skorradal en þó væri ekki loku fyrir það skotið að þeir samþykktu hana.

Davíð segir að hann hafi átt von á Ragnhildi Arnljótsdóttur, ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins, á fundinn.

Ragnhildur segir að hún hafi að eigin frumkvæði boðist til að fara á fundinn en ekki komist umræddan dag og hafi það verið tilkynnt.

– jse

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

ODDVITI OG FORMAÐUR SAMEININGARNEFNDAR Sveinbjörn Eyjólfsson, formaður sameiningarnefndar, segir hér Davíð Péturssyni oddvita frá kostum þess að búa í sterku sameinuðu sveitarfélagi. Davíð virðist ekki vera sannfærður en það verður spennandi að sjá hvað sveitungar hans segja í kosningunum á laugardag.

Alnæmissmitaður borgarstjóri:

Smitið ekki feimnismál

MIÐ-AFRÍKULÝÐVELDIÐ, AP Ríkisútvarpið í Mið-Afríkulýðveldinu skýrði frá því að borgarstjórinn í Bangui, höfuðborg landsins, hefði gengið í hjónaband með ástkonu sinni til margra ára. Þau eru bæði alnæmissmituð og var opinskátt sagt frá því í útvarpinu. Slíkt þykir afar óvenjulegt þar í landi þar sem alnæmi hefur verið mikið feimnismál eins og víðar í Afríkuríkjum, þrátt fyrir það hversu útbreiddur sjúkdómurinn er í álfunni.

„Dauðinn er ekki vís þrátt fyrir alnæmissmit," sagði Bernard Christian Miangue, borgarstjórinn í Bangui sem loks kvæntist sinni heittelskuðu Clementine á laugardaginn var. Hann fer ekkert í felur með smit þeirra beggja. ■

Asersku feðgarnir:

Umsátri lauk með uppgjöf

SVÍÞJÓÐ Umsátrinu vegna gíslatökunnar á sjúkrahúsinu í Blekinge í Karlskrona í Svíþjóð lauk með farsælum hætti um hádegisleytið í gær.

Aserskur flóttamaður hafði ráðist inn á sjúkrahúsið rúmum sólarhring áður, en þar var sonur hans vistaður. Aserinn var með nokkra lítra af bensíni í farteskinu og hótaði hann að kveikja í sér og syninum. Hluti sjúkrahússins var rýmdur en á meðan reyndi lögreglan að tala um fyrir manninum með milligöngu túlks. Í gærmorgun lét hann hins vegar son sinn lausan og tveimur klukkustundum síðar gafst hann sjálfur upp.

Ástæðan fyrir þessum örþrifaráðum mannsins er sú að vísa á honum og fjölskyldu hans úr landi. ■

Barist verður um sæti Vinstri grænna

Búist er við að fleiri en sitjandi borgarfulltrúar Vinstri grænna muni blanda sér í væntanlegan prófkjörsslag flokksins. Rætt hefur verið um að bjóða Vinstri grænum forystu í Orkuveitu Reykjavíkur.

REYKJAVÍKURLISTINN Búist er við því að fleiri en núverandi borgarfulltrúar Vinstri grænna í Reykjavík muni blanda sér í slaginn ef flokkurinn efnir til prófkjörs í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Borgarfulltrúarnir Árni Þór Sigurðsson og Björk Vilhelmsdóttir geta því átt von á að keppt verði um sæti þeirra ef þau ákveða að gefa kost á sér að nýju. Meðal þeirra sem nefnd hafa verið eru þau Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri grænna, Svandís Svavarsdóttir, formaður Vinstri grænna í Reykjavík og Grímur Atlason, stjórnarmaður Vinstri grænna í Reykjavík.

„Stjórn félagsins hefur ákveðið að það fari fram forval við val á fulltrúum á framboðalistann og það er óháð því hvort af samstarfinu við R-listann verður eða ekki. En slíkt á eftir að leggja fyrir félagsfund," segir Þorleifur Gunnarsson, varaformaður Vinstri grænna í Reykjavík. Hann segir að ef um prófkjör verði að ræða verði það lokað prófkjör og þannig aðeins fyrir flokksmenn, en slíkt eigi eftir að útfæra nánar.

Viðræðunefnd R-listaflokkanna fundar í dag en enn er ekki ljóst hvort Vinstri grænir muni taka þátt í R-lista samstarfinu. Vitað er að óformleg tillaga Framsóknar um að hver flokkanna þriggja fái tvo fulltrúa á listann og fyrsta og áttunda sætið verði valið með öðrum hætti hefur skapað umræðu sem leggst misvel í flokkana. Vinstri grænir eru sagðir geta sæst á slíka tillögu en vilja fá annað úr býtum ef borgarstjóraefni listans verður frambjóðandi úr röðum Samfylkingarinnar og áttunda sætið framsóknarmaður.

Meðal þess sem lauslega hefur verið nefnt er að bjóða Vinstri grænum forystuhlutverk í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem erfitt geti verið fyrir Framsóknarflokkinn að halda forystunni í Orkuveitunni vegna harðrar andstöðu Vinstri grænna við orkusölu fyrirtækisins til stóriðju.

hjalmar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

FRÁ FÉLAGSFUNDI VINSTRI GRÆNNA Á SUNNUDAG Allt stefnir í prófkjör hjá Vinstri grænum í Reykjavík, þar sem vitað er að fleiri munu blanda sér í slaginn en núverandi borgarfulltrúar.

Fossvogskirkjugarður:

Fallinna hermanna minnst

MINNINGARATHÖFN Bandarískra hermanna sem létust á og við Ísland í síðari heimsstyrjöldinni var minnst við hátíðlega athöfn í Fossvogskirkjugarði í gær. Sambærilegar athafnir fóru einnig fram víða um heim í gær í tilefni Memorial Day, sem haldinn er hátíðlegur síðasta mánudag í maí ár hvert, en þá minnast Bandaríkjamenn fallinna hermanna.

Rúmlega tvö hundruð hermenn létust hér við land í síðari heimsstyrjöldinni og er meirihluti þeirra jarðsettur í Fossvogskirkjugarði. Lagður var blómsveigur að minnismerki um þá í kirkjugarðinum í gær og flutt voru stutt erindi þeim til minningar auk þess sem herþotur varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli flugu yfir kirkjugarðinn.

Gunnar Snorri Gunnarsson, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu, gerði varnarsamning þjóðanna að umtalsefni í erindi sínu og sagði hann grundvöll varna Íslands og öryggis.

- ht

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SVIFIÐ YFIR MINNINGARATHÖFN Herþotur varnarliðsins heiðruðu hermenn sem féllu hér við land í síðari heimsstyrjöldinni en þeirra var minnst við hátíðlega athöfn í Fossvogskirkjugarði í gær.

oasis

KAREN MILLEN
ENGLAND

coast

Whistles
LONDON

Mosaic Fashions hf

Almennt hlutafjárútboð 6.–10. júní og skráning í Kauphöll Íslands

Hlutafjárútboð Mosaic Fashions hf. hefst mánudaginn 6. júní næstkomandi og stendur til föstudagsins 10. júní. Síðari hluta júnímánaðar er fyrirhugað að skrá hluti félagsins á Aðallista Kauphallar Íslands.

90.661.831 nýr hlutur er boðinn almenningi á genginu 13,6 krónur fyrir hvern hlut, samtals að andvirði 1.233.000.902 króna. Lágmarksáskrift er að andvirði 100 þúsund króna og hámarksáskrift 30 milljónir króna. KB banki sölutryggir útboðið að fullu á útboðsgengi.

Tekið er við áskriftum á vef KB banka, www.kbbanki.is.

Útboðs- og skráningarlýsing er gefin út á ensku undir heitinu Prospectus. Lýsinguna má nálgast hjá KB banka, Borgartúni 19 í Reykjavík og á vef bankans.

Ráðgjöf KB banka veitir upplýsingar vegna hlutafjárútboðsins í síma 444 7000.

Útgefandi

Íslenskt lögheiti: M Fashions hf. Alþjóðlegt lögheiti: Mosaic Fashions hf. Kennitala: 550405-0320. Lögheimili: Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík. Sími: 414 4125. Höfuðstöðvar: 1st Floor, 69–77 Paul Street, London, EC2A 4PN, England. Sími: +44 (0) 207 452 1000. Vefur: www.mosaic-fashions.co.uk

Umsjónaraðili útboðs og skráningar

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings Búnaðarbanka hf. (KB banka). Kennitala: 560882-0419. Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Sími: 444 6000. Vefur: www.kbbanki.is

Skráning áskriftar

Áskrift í almenningsútboðinu er opin einstaklingum með íslenska kennitölu og lögaðilum sem hafa íslenska kennitölu, að því gefnu að þeim sé ekki meinuð þátttaka samkvæmt lögum.

Áskriftum í hlutafjárútboðinu er einungis hægt að skila rafrænt á sérstöku áskriftarformi á vef KB banka, www.kbbanki.is.

Áður en kemur til áskriftar þarf fjárfestir að gera grein fyrir sér með eftirfarandi aðgangsauðkennum á áskriftarforminu;
(A) með notandanafni og lykilorði fyrir KB Netbanka, eða
(B) með kennitölu og lykilorði sem fjárfestir pantar við upphaf áskriftar og fær sent um hæl með tölvupósti.

Rafræn staðfesting er skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfestingin er birt í lok áskriftar og hana má prenta út. Eftir að áskrift hefur verið gerð og fram til 31. júlí 2005 er einnig hægt að nálgast rafræna staðfestingu á vefsíðunni með því að nota sömu aðgangsauðkenni og við skráningu áskriftar. Einnig má nálgast staðfestinguna í KB Netbanka.

Áskrift í útboðinu er bindandi fyrir áskrifanda. Útgefanda er heimilt að krefjast tryggingar frá fjárfestum sem skrá áskrift er nemur fjárhæð yfir 5 milljónum króna.

Úthlutun

Komi til þess að áskriftir verði umfram þann 90.661.831 hlut sem boðinn er í útboðinu, þá verður seldum hlutum úthlutað til áskrifenda með eftirfarandi hætti:
(A) Hlutfallslegur niðurskurður mun nema allt að 50% af hverri áskriftarfjárhæð, og
(B) ef samanlagðar áskriftir eru enn umfram 90.661.831 hlut eftir niðurskurð sbr. (A), þá verður til viðbótar beitt flötum niðurskurði þannig að hámark úthlutaðrar áskriftar lækki uns samanlagðar áskriftir nema 90.661.831 hlut.

Greiðsla

Frá og með 11. júní má nálgast tilkynningu um úthlutun ásamt greiðslufyrirmælum á vefsíðu KB banka með því að nota sömu aðgangsauðkenni og við skráningu áskriftar. Einnig má nálgast upplýsingarnar í KB Netbanka. Upplýsingar um úthlutun og greiðslufyrirmæli verða einnig send kaupendum við lok áskriftartímabilsins. Greiðslufyrirmæli verða ýmist í formi greiðsluseðils sem greiða má í íslenskum banka, sparisjóði eða netbanka, eða í formi upplýsinga sem lúta að greiðslu gegnum erlendan banka.

Greiðslu skal inna af hendi eigi síðar en 20. júní 2005 í samræmi við ofangreind greiðslufyrirmæli.

Útgáfa og afhending hluta

Í kjölfar útboðsins er gert ráð fyrir að heildarhlutafé Mosaic Fashions hf. nemi 2.900.461.613 hlutum. Hinir nýju hlutir sem seljast í útboðinu verða gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. einum degi eftir að fjórðungur samanlagðra áskrifta hefur verið greiddur. Gert er ráð fyrir að útgáfudagur verði eigi síðar en 21. júní 2005. Eftir útgáfuna verða hlutir afhentir hverjum kaupanda einum viðskiptadegi eftir að greiðsla berst.

Skráning í Kauphöll

Stjórn Kauphallar Íslands hf. hefur samþykkt að skrá alla útgefna hluti Mosaic Fashions hf. á Aðallista Kauphallarinnar, að því gefnu að Mosaic Fashions hf. uppfylli skilyrði varðandi fjölda hluthafa og dreifni hluta að útboðinu loknu. Stjórnin hefur veitt undanþágu á skilyrði um þriggja ára rekstrarsögu þar sem samstæða Mosaic Fashions hf. uppfyllir skilyrðin þrátt fyrir að móðurfélagið hafi verið stofnað á yfirstandandi ári. Mosaic Fashions hf. uppfyllir nú þegar skilyrði Kauphallarinnar varðandi stærð félags. Óskað hefur verið eftir því að MOSAIC verði auðkenni félagsins og hlutabréfa þess hjá Kauphöllinni. Viðskiptalota bréfanna verður 5.000 hlutir.

Niðurstaða útboðsins verður tilkynnt Kauphöll Íslands og fjölmiðlum hinn 10. júní 2005 eftir klukkan 17:00 og birt í fréttakerfi Kauphallarinnar 13. júní 2005. Skráning í Kauphöll Íslands er fyrirhuguð eigi síðar en hinn 21. júní 2005, en endanleg dagsetning verður tilkynnt með dags fyrirvara í fréttakerfi Kauphallarinnar.

TUNGLIÐ auglýsingastofa

www.kbbanki.is
Sími 444 7000

KB BANKI

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir forseti Indlands sem er hér í opinberri heimsókn?*

2 *Hver vann prestkosninguna í Vopnafirði?*

3 *Hvar var valin besta stuttmyndin á Reykjavík Shorts & Docs í ár?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

LEIÐRÉTTING

Missagt var í blaðinu í gær að lögreglan í Vík í Mýrdal hefði þurft að hafa talsverð afskipti af gestum á mótorkrossmóti í bænum. Mótið var haldið á Kirkjubæjarklaustri og segir lögreglan að ólætin hafi ekki verið bundin við gesti mótsins, heldur og aðra sem leið áttu um Klaustur um nýliðna helgi.

Íslandsbanki styrkir Reykjavíkur Maraþon:

Bjarni forstjóri stefnir á 21 kílómetra

SAMNINGUR Íslandsbanki verður aðalstyrktaraðili Reykjavíkur Maraþons næstu þrjú ár og mun það nefnast Íslandsbanka Reykjavíkur Maraþon.

Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, og Knútur Óskarsson, formaður Reykjavíkur Maraþons, undirrituðu samning þess efnis í gær. Markmið hans er að efla áhuga almennings á hlaupinu og stuðla að aukinni hreyfingu og hreysti. Hlaupinu verða gerð skil á heimasíðu bankans og þar verður hægt að skrá sig til þátttöku, setja sér markmið og fá æfingaáætlun.

Bjarni Ármannsson hleypur reglulega og hefur lengst hlaupið hálft maraþon. Hann hyggur á þátttöku í Íslandsbanka Reykjavíkur Maraþoni í sumar en vill sem minnst segja um hve langt hann muni hlaupa. „Það verður að koma í ljós. Maður má ekki hlaupa fram úr sjálfum sér, markmiðin verða að vera raunhæf," segir Bjarni.

Fréttablaðið hefur hins vegar heimildir fyrir að hann stefni á að hlaupa hálfmaraþon, sem er 21 kílómetrar. **- þþs**

MARKINU NÁÐ Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, og Knútur Óskarsson, formaður Reykjavíkur Maraþons, fagna samningnum á hlaupum.

GREITT ÚR GRÆNFÁNANUM Sigríður Anna greiðir hér úr Grænfánanum með krökkunum í Andabæ á Hvanneyri.

Umhverfisráðherra afhendir Grænfánann:

Allir skólar á Hvanneyri grænir

UMHVERFISMÁL Mikil vakning er í umhverfismálum á Hvanneyri

Í síðustu viku afhenti Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra krökkunum á leikskólanum Andabæ á Hvanneyri Grænfána fyrir umhverfisvernd í skólanum en skólinn hefur tekið þátt í verkefninu frá því í fyrrahaust.

Grunnskólinn á Hvanneyri, Andakílsskóli, hefur hinsvegar haft Grænfánann frá árinu 2002.

Nú er svo komið að Landbúnaðarháskóli Íslands, en höfuðstöðvar hans eru á Hvanneyri, vill ekki vera neinn eftirbátur í umhverfismálum sveitarinnar og hefur því sóst eftir því að taka þátt í verkefninu. Að sögn Ásdísar Helgu Bjarnadóttur, lektors og verkefnisstjóra umhverfisnefndar háskólans, gengur verkefnið vel en hins vegar hafa samtökin ekki veitt háskóla fánann áður og er nú unnið að því að laga verkefnið einnig að háskólum. Landbúnaðarháskólinn stefnir svo að því að verða fyrsti háskólinn til að fá fánann en samkeppnin er hörð þar sem háskólar í Rússlandi og á Ítalíu hafa það einnig á stefnuskrám sínum. **- jse**

Eldur kviknaði í íbúð að Mánagötu í Reykjavík:

Kona og ungbarn bjargast úr eldsvoða

ELDSVOÐI „Það var fyrir mestu að enginn slasaðist og tjónasérfræðingar eru bjartsýnir um að bjarga megi töluverðu af innanstokksmunum," segir Stefán Pálsson, safnvörður og dómari í Gettu betur, en kona hans og barn björguðust þegar kviknaði í íbúð þeirra að Mánagötu um eftirmiðsdagsbil í gær.

Stefán var ekki sjálfur heima þegar eldurinn kom upp en segir konu sína hafa gripið barnið í snarhasti þegar eldsins varð vart og hlaupið út. „Þá hringdi hún á Neyðarlínuna og slökkvilið var komið innan skamms. Því gekk greiðlega að slökkva eldinn en hann var mestur í eldhúsinu og þar urðu töluverðar skemmdir, sérstaklega vegna sóts, enda íbúðin lítil. Ég þarf líklega að rífa eldhúsinnréttinguna og setja upp nýja en sérfræðingar segja mér að mörgum öðrum innanstokksmunum verði hægt að bjarga þrátt fyrir reykskemmdir." **- aöe**

FRÁ SLYSSTAÐNUM Greiðlega gekk að slökkva eldinn, sem var aðallega í eldhúsi íbúðarinnar, en reykskemmdir voru töluverðar.

NÁM
SAMHLIÐA
STARFI
1 dagur til stefnu
Umsóknarfrestur til 1. júní
Nánari upplýsingar og umsóknir á endurmenntun.is eða í síma 525 4444
ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS
endurmenntun.is

Lögfræðingur hunds heldur baráttunni áfram:

Mál Taraks kært til úrskurðarnefndar

DÝRAHALD Lögfræðingur hundsins Taraks, Jón Egilsson, ætlar að kæra niðurstöðu Umhverfisráðs í máli hans til úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisráð vísaði endurupptöku málsins frá á fundi sínum í gær, en lögmaðurinn hafði farið fram á að málið yrði tekið þar upp öðru sinni.

Mál Taraks hefur gert víðreist í borgarkerfinu. Það fór upphaflega fyrir Umhverfis- og heilbrigðisnefnd, sem úrskurðaði að hundurinn skyldi aflífaður. Ástæðan var sú að í ágúst á síðasta ári hafði hann glefsað í stúlkubarn og faðir barnsins kært til lögreglu. Úrskurðinum var áfrýjað til umhverfisráðs. Auk lögfræðiaðstoðar fór hundurinn í víðtækt skapgerðarmat og heilsufarsskoðun hjá sérfræðingum. Umhverfisráð úrskurðaði að hundurinn, sem er roskinn Collie-hundur, skyldi fá að lifa en yrði gerður útlægur úr Reykjavík, þar sem eigendur hans búa. Lögmaður hundsins reyndi að leita sátta í málinu, meðal annars með endurupptöku þess hjá Umhverfisráði. Því var hafnað í gær, sem fyrr sagði.

„Þessi niðurstaða er fáránleg," sagði lögmaðurinn. „Ef menn myndu líta á málið af sanngirni, þá ætti hundurinn, sem á ekki nema 2-3 ár ólifuð, að fá að vera hjá fjölskyldu sinni, sem býr við bestu aðstæður. Það er mannvonska og skilningsleysi að ætla að rífa hann í burtu." **- jss**

ENN TEKIST Á UM TARAK Lögmaður Taraks kveðst ætla að kæra niðurstöðu Umhverfisráðs til úrskurðarnefndar. Enn er því ekki útséð um hvort Tarak og Snædís eigandi hans verða að skilja.

STJÓRN FÉLAGS KVENNA Í ATVINNUREKSTRI Nýr formaður félagsins er Margrét Kristmannsdóttir. Hildur Petersen, Sofia Johnson, María Maríudóttir, Aðalheiður Karlsdóttir, Katrín Pétursdóttir og Svava Johansen skipa auk hennar stjórnina.

Félag kvenna í atvinnurekstri:

Nóg að reka fyrirtæki

ATVINNULÍF Konur sem reka fyrirtæki fá nú aðgang að Félagi kvenna í atvinnurekstri en áður þurftu konur bæði að eiga og reka fyrirtæki til að fá að vera í félaginu. Aðalfundur félagsins var haldinn í síðustu viku og voru þá samþykktar breytingar á lögum félagsins.

Í fréttatilkynningu frá félaginu kemur fram að það hafi sætt gagnrýni fyrir að setja aðild að félaginu svo þröngar skorður, en breytingarnar gera fleiri konum í áhrifastöðum kleift að gerast félagar. Félagskonur eru um 380 talsins en gert er ráð fyrir að þeim fjölgi verulega eftir breytingarnar. **-ht**

Og1

Og1 er ný þjónusta **Og Vodafone** sem lækkar kostnað heimila verulega og færir þeim rausnarlegan ávinning.

GSM

0 KR. HEIM

Nú hringja allir heim úr GSM án þess að greiða mínútugjöld í allt að 60 mínútur á dag.

0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM

Hvert GSM númer fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir GSM áskrift er 600 kr. Gildir fyrir Frelsisnotendur með 500 kr. Frelsisáskrift.

Heimasími

0 KR. INNANLANDS

500 mínútur í aðra heimasíma eru innifaldar í mánaðargjaldi. Flestir tala minna en í 500 mínútur á mánuði á milli heimasíma og greiða því ekkert mínútugjald.

0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM

Hver Heimasími fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir Heimasíma er 1.340 kr.

Internet

MEIRI HRAÐI, FRJÁLST NIÐURHAL OG VERÐÞAK

Þú átt þess kost að fá 6Mb/s ADSL og ótakmarkað niðurhal á 4.990 kr. á mánuði eða 4Mb/s ADSL og 1GB niðurhal fyrir 3.990 kr. á mánuði.

ADSL hraði miðast við þjónustusvæði **Og Vodafone**.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet, geta skráð sig í **Og1**. Þeir sem eru með síma eða nettengingu frá vinnuveitanda ættu einnig að kynna sér **Og1**.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone™

Heyrumst!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 27709 04/2005

...bara á
flugfelag.is
1. - 7. júní

Milli Reykjavíkur og
AKUREYRAR
5.299 kr.
Flug **aðra leiðina.**
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og
EGILSSTAÐA
5.999 kr.
Flug **aðra leiðina.**
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og
ÍSAFJARÐAR
5.199 kr.
Flug **aðra leiðina.**
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Akureyrar og
VOPNAFJARÐAR/
ÞÓRSHAFNAR
4.499 kr.
Flug **aðra leiðina.**
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Akureyrar og
GRÍMSEYJAR
3.499 kr.
Flug **aðra leiðina.**
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Börn, 2ja–12 ára, í fylgd með fullorðnum, greiða 1.940 kr. aðra leiðina.

flugfelag.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SÍA.IS FLU 28559 05/2005

Starfsmenn sveitarfélaga og launanefndin semja:

Tuttugu prósenta hækkun

KJARAMÁL Kjölur og önnur félög starfsmanna sveitarfélaga í Starfsgreinasambandinu og Samflotinu svonefnda skrifuðu undir nýjan kjarasamning við launanefnd sveitarfélaga síðastliðið sunnudagskvöld. Þrjú til fjögur þúsund starfsmenn sveitarfélaga víðs vegar um land eiga aðild að samningnum.

Anna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar, segir að samningurinn gildi frá 1. apríl til 30. nóvember 2008 og feli í sér liðlega 20 prósenta launahækkun á samningstímanum. Ný launaflokkaröðun tekur gildi 1. júní 2006 sem kemur sumum hópum til góða en öðrum ekki. Samningurinn gerir meðal annars ráð fyrir þriggja prósenta hækkun launa 1. janúar ár hvert út samningstímann.

Félög bæjarstarfsmanna í Kópavogi, Hafnarfirði og á Akranesi slitu samningaviðræðum á laugardag vegna ágreinings um starfsmat og áhrif þess á kaup og kjör. Félögin þrjú töldu tilboð nefndarinnar óviðunandi og kröfðust sérstakrar bókunar í kjarasamningi fyrir þá sem starfsmat nær ekki til.

- jh

ARNA JAKOBÍNA BJÖRNSDÓTTIR
Formaður Kjalar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FYLGST MEÐ VIÐBRÖGÐUM Í SKÓGARHLÍÐ Ólafur Ragnar Grímsson og dr. A.P.J. Abdul Kalam heimsóttu Björgunarmiðstöðina í Skógarhlíð í gær. Á blaðamannafundi sem haldinn var á Bessastöðum fyrr um daginn varð þeim tíðrætt um annars vegar elsta og hins vegar fjölmennasta lýðveldi heims.

Eldflaugamaðurinn sýndi Ólafi Alpana

Samstarf í tækni- og lyfjaþróun er efst á baugi í opinberri heimsókn Indlandsforseta, en hann kynnti sér einnig viðvörunarkerfi Íslendinga vegna jarðskjálfta og annarra náttúruhamfara.

BESSASTAÐIR Ólafur Ragnar Grímsson, forseti, og ríkisstjórn Íslands tóku formlega á móti dr. A.P.J. Abdul Kalam Indlandsforseta á Bessastöðum klukkan 10.15 í gærmorgun. Eftir móttökuna ræddu þeir saman í rúman hálftíma áður en þeir ræddu við íslenska og indverska blaðamenn. Á fundinum ræddu forsetarnir samstarf landanna og þá einkum í tækni- og lyfjaþróun.

Dr. Abdul Kalam er geimverkfræðingur að mennt og er einn virtasti vísindamaður Indverja, oft kallaður Eldflaugamaðurinn. Í störfum sínum sem forseti hefur hann einkum einbeitt sér að því að Indland verði orðið þróað iðnríki árið 2020, en staða Indlandsforseta í stjórnkerfinu er sambærileg og staða forseta Íslands. Ólafur Ragnar sagði frá því á blaðamannafundinum að dr. Abdul Kalam hefði skellt tölvu upp á borðið og sýnt vikugamlar myndir sem nýjasti gervihnöttur Indverja hafi tekið af Ölpunum, og líkti Ólafur Ragnar þeirri sýningu við gönguferð í gegnum Alpana.

Eftir blaðamannafundinn fóru forsetarnir ásamt fylgdarliði sínu á Nordica Hotel á viðskiptaráðstefnu sem efnt var til af íslensk-indverska verslunarráðinu, sem stofnað var í byrjun mánaðarins. Um 100 gestir voru á ráðstefnunni. Að henni lokinni heimsótti dr. Abdul Kalam höfuðstöðvar Actavis í Hafnarfirði og lagði þar hornstein að nýrri byggingu.

Því næst var haldið upp í Háskóla Íslands þar sem Páll Skúlason, rektor Háskólans, og Magnús Jónsson veðurstofustjóri tóku á móti honum. Veðurstofan var með sérstaka dagskrá um viðvörunarkerfi vegna jarðskjálfta og annara náttúruhamfara, en einnig heimsóttu forsetarnir Norrænu eldfjallastöðina og hittu stúdenta í Öskju. Að lokum heimsótti Indlandsforseti Stjórnstöð almannavarna í Skógarhlíð. Um kvöldið buðu íslensku forsetahjónin síðan til kvöldverðar í Listasafni Íslands.

Í dag mun dr. Abdul Kalam meðal annars snæða hádegisverð með Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra á Þingvöllum og heimsækja Nesjavelli og kynna sér starfsemina þar. Heimsókninni lýkur á morgun.

grs@frettabladid.is

Enn er ráðist að lögreglumönnum í Írak:

Tugir falla í tvöfaldri sjálfsmorðsárás

BAGDAD, AP Allt að þrjátíu manns týndu lífi í sjálfsmorðssprengjuárás í bænum Hillah í Írak í gær. Á meðan handtóku bandarískar hersveitir háttsettan stjórnmálamann úr hópi súnnía í misgripum.

Sprengjutilræðið í Hillah í gærmorgun var vandlega skipulagt en þá smeygðu tveir menn með sprengjur innanklæða sér í hóp 500 lögreglumanna sem mótmæltu niðurskurði í þeirra röðum. Til að valda sem mestum skaða kveiktu þeir á vítisvélum sínum með einnar mínútu millibili og þegar yfir lauk lágu allt að þrjátíu manns í valnum.

„Ég sá allt í einu risastóran eldhnött og líkamsleifar fljúgandi um allt. Í kjölfarið tóku lögreglumenn að skjóta upp í loftið í örvæntingu sinni," sagði Jiwad Kadhim Hamid, sjónarvottur að harmleiknum.

Íraskar og bandarískar öryggissveitir héldu í gær áfram aðgerðum sínum gegn uppreisnarmönnum. Bandarískir hermenn handtóku í misgripum Mahsen Abdul-Hamid, leiðtoga stærsta stjórnmálaflokks súnnía og fyrrverandi forseta íraska ráðgjafarráðsins sem sett var á fót í kjölfar innrásarinnar 2003. Honum var sleppt skömmu síðar. Flokkur hans hafði áður varað við því að í skjóli aðgerðanna yrðu saklausir borgarar áreittir. ■

SÁR EN Á LÍFI Lögreglumaður frá Hillah lætur gera að sárum sínum á sjúkrahúsi í bænum í gær. Allt að þrjátíu manns dóu í árásinni og á annað hundrað særðist.

MYND/AP

Taktu prófið!

1. Hve fljótt eftir að þú vaknar reykir þú fyrstu sígarettuna?
   - ☐ Innan 5 mín. (3)
   - ☐ 6-30 mín. (2)
   - ☐ 31-60 mín. (1)
   - ☐ Eftir 60 mín. (0)

2. Átt þú erfitt með að sleppa því að reykja þar sem það tíðkast ekki, t.d. í bíói eða kirkju?
   - ☐ Já (1)
   - ☐ Nei (0)

3. Hvaða sígarettu dagsins vildir þú síst vera án?
   - ☐ Fyrstu (1)
   - ☐ Einhverrar annarrar (0)

4. Hve margar sígarettur reykir þú á dag?
   - ☐ 1-10 (0)
   - ☐ 11-20 (1)
   - ☐ 21-30 (2)
   - ☐ 31 eða fleiri (3)

5. Reykir þú meira fyrri hluta dags en seinni hluta?
   - ☐ Já (1)
   - ☐ Nei (0)

6. Reykir þú þegar þú ert veik/ur eða rúmliggjandi?
   - ☐ Já (1)
   - ☐ Nei (0)

Samanlagður fjöldi stiga



20%
afsláttur af öllum Nicorette vörum til 5. júní

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum á fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun á fylgiseðli. Á fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

GOTT FÓLK McCANN

Lyf & heilsa
Við hlustum!

FBL. GREINING: VIÐBRÖGÐ VIÐ ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLUNNI

Meistaraverk í masókisma

Eins og búast mátti við var vart fjallað um annað í evrópskum fjölmiðlum í gær en hið franska nei. Viðbrögð blaðanna voru á ýmsa vegu, sum þeirra fögnuðu úrslitunum en önnur átöldu Frakka fyrir afstöðu sína. Franska dagblaðið **Liberation** sagði niðurstöðuna vera „meistaraverk í masókisma sem tortryggnir kjósendur hefðu sjálfir kallað yfir sig“. Spænska blaðið **El Pais** gat vart dulið gremju sína í garð franskra kjósenda. „Eitt af stofnríkjum [Evrópusambandsins] hefur ákveðið að stöðva það sem hingað til hefur verið frábærlega vel heppnað samrunaferli og viðhaldið stöðugleika og friði í álfunni.“ Leiðarahöfundur Madrídarblaðsins **La Razon** er hins vegar ánægður með franska kjósendur. „Staðreyndin er einfaldlega sú, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að fjöldi Evrópubúa vill ekki stjórnarskrá sem er úr takti við almenning en er sniðin að þörfum skriffinnanna í Brussel.“

Le Temps sem gefið er út í Genf tekur diplómatíska afstöðu að hætti Svisslendinga. „Það er ómögulegt að draga nokkra ályktun af atkvæðagreiðslunni aðra en þá að gjá hefur myndast á milli fólksins og elítunnar.“ **Die Welt** í Þýskalandi spáir því að miklar pólitískar breytingar séu í aðsigi í Frakklandi á meðan **Der Tagesspiegel** í Þýskalandi bendir á að innanríkispólitík ráði mestu um hvernig fólk kýs. „Margir Frakkar voru harðákveðnir í að refsa hinum óvinsæla forsætisráðherra Jean-Pierre Raffarin. Að sama skapi verður þjóðaratkvæðagreiðslan í Hollandi fyrst og fremst traustskosning um Jan Peter Balkenende forsætisráðherra.“ Leiðarahöfundur Lundúnablaðsins **The Times** gaf út dánarvottorð stjórnarskrársáttmálans. „Dómur franskra kjósenda ætti að teljast síðasti naglinn í kistu þessa óvinsæla sáttmála. Ef fer sem horfir að hollenskir kjósendur hafni honum á [morgun] þá verður hann kominn sex fet ofan í jörðina.“ Breska dagblaðið **The Guardian** harmar hins vegar úrslitin í Frakklandi. „Það er miður að hið franska nei þýðir í raun að engin þörf verður á þjóðaratkvæðagreiðslu í þessu landi til að skera úr um í eitt skipti fyrir öll hvernig við viljum haga okkar sambandi við hinar Evrópuþjóðirnar.“

MYND/AP

Frakkar hafna ESB-stjórnarskrá

Franskir kjósendur höfnuðu með öruggum meirihluta stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslu á sunnudag. Til að sáttmálinn geti tekið gildi verða öll aðildarríkin 25 að fullgilda hann.

Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar

45,13% Með — 54,87% Á móti

Staða fullgildingarferlisins

- Ríki sem hafa lokið fullgildingu
- Ríki sem hafa hafnað fullgildingu
- Þjóðaratkvæðagreiðsla áformuð
- Atkvæðagreiðsla á þingi fyrirhuguð

*Í Tékklandi hefur ekki verið ákveðið hvort boðað skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu.

MYND/AP

SJÖ TIL ÁTTA ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLUR EFTIR

Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um staðfestingu stjórnarskrársáttmálans fer fram í Hollandi á morgun, 1. júní. Önnur aðildarríki þar sem til stendur að bera málið undir þjóðaratkvæði eru:

- Lúxemborg, í júlí næstkomandi
- Danmörk, í september
- Svíþjóð, væntanlega í desember
- Bretland, Írland og Pólland á næsta ári.

Ef Tékkar ákveða að halda þjóðaratkvæðagreiðslu fer hún væntanlega fram í júní 2006.

Uppreisn í Gallaþorpinu

Afgerandi höfnun Frakka á stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins þýðir að hann tekur aldrei gildi. Leiðtogar sambandsins munu nú leita leiða til að innleiða valin ákvæði til tæknilegrar uppfærslu á leikreglum þess.

MYND/AP

VONBRIGÐI Í BRÚSSEL Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, og Jean Claude Juncker, forseti leiðtogaráðsins, tala við blaðamenn í Brussel um úrslitin í Frakklandi.

Höfnun öruggs meirihluta frönsku þjóðarinnar á stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins hefur valdið pólitískum landskjálfta í Frakklandi og sambandinu öllu. Úrslit atkvæðagreiðslunnar – 54,9 prósent á móti og 45 prósent með – voru niðurlægjandi fyrir Chirac og mikill skellur fyrir ríkisstjórn hans. Úrslitin setja líka framtíð Evrópusamstarfsins í talsvert uppnám.

„Höfðinginn Aðalríkur stendur skakkur á skildi sínum,“ skrifar leiðarahöfundur svissneska blaðsins Neue Zürcher Zeitung um stöðu Chiracs. „Uppreisn í Gallaþorpinu! Ástríkur segir nei. Þjóðin hlýðir ekki leiðtogum sínum lengur,“ segir í leiðaranum. „Rómverjar, Brusselbúar og aðrir fylgjast stjarfir með og segja: Þessir Gallar eru klikk!“

Chirac átti sjálfur frumkvæði að því að kalla til þjóðaratkvæðagreiðslunnar, en að frönskum stjórnlögum hefði þingleg afgreiðsla dugað. Fyrst eftir að forsetinn boðaði atkvæðagreiðsluna snemma í vor mældist öruggur meirihluti fyrir samþykkt sáttmálans, enda var markmið Chiracs að ljá eigin pólitísku arfleifð aukinn ljóma með því að fá þjóð sína til að lýsa með afgerandi hætti stuðningi við fyrstu „stjórnarskrá Evrópu“ (eins og sáttmálinn hefur gjarnan verið nefndur í pólitískri orðræðu á meginlandinu).

En svo snerist blaðið við og síðustu vikurnar áður en hinar rúmlega 42 milljónir franskra kjósenda voru kallaðar að kjörkassanum sýndu skoðanakannanir að nánast kraftaverk þyrfti til að „jáin“ yrðu fleiri en „neiin“. Þessar hrakfarir Chiracs minna á þegar hann boðaði árið 1997 til þingkosninga, skömmu eftir að hann var fyrst kjörinn forseti, í þeirri trú að pólitískir samherjar hans kæmu tvíefldir út úr þeim kosningum. Kosningarnar fóru hins vegar á allt annan veg og næstu árin varð Chirac að sætta sig við að starfa með vinstristjórn. Ýmsum þykir það heldur ekki auka hróður Chiracs að hann skyldi útiloka að segja af sér jafnvel þótt hans málstaður lyti í lægra haldi í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Þykir pólitísk fyrirmynd hans, Charles de Gaulle, hafa sýnt meiri auðmýkt fyrir vilja kjósenda er hann sagði umsvifalaust af sér er hann tapaði máli sem hann skaut í þjóðaratkvæði á sínum tíma, árið 1969.

Reyndar er ósigur fylgjenda sáttmálans ekki aðeins forsetans og ríkisstjórnarinnar, heldur forystu Sósíalistaflokksins einnig, sem stóð með stjórninni í baráttunni fyrir samþykkt sáttmálans.

Hollendingar næstir

Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar sem gegnir formennskunni í ESB þetta misserið, og Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnarinnar í Brussel, lýstu yfir vonbrigðum með dóm franskra kjósenda, en sögðu að fullgildingarferlið héldi engu að síður áfram. Aðrar þjóðir sambandsins yrðu að afgreiða málið hver á sínum forsendum.

FRÉTTASKÝRING
ÖRLÖG STJÓRNARSKRÁRSÁTTMÁLA ESB

AUÐUNN ARNÓRSSON
BLAÐAMAÐUR

Á morgun, 1. júní, ganga Hollendingar til þjóðaratkvæðis um sáttmálann og benda skoðanakannanir til að þeir séu enn staðráðnari í að hafna honum en Frakkar. Þótt atkvæðagreiðslan í Hollandi sé aðeins ráðgefandi blasir við að hafni kjósendur í tveimur stofnríkjum sambandsins sáttmálanum með afgerandi hætti verði honum ekki við bjargað. Slík niðurstaða myndi gera út um allar vonir sem fylgjendur sáttmálans gerðu sér ef til vill um að höfnun sáttmálans í einu eða tveimur af aðildarríkjunum 25 myndi ekki stöðva framgöngu hans, þar sem hægt yrði – að sáttmálanum fullgiltum í öllum hinum ríkjunum – að fá hann samþykktan fyrir rest í nýrri atkvæðagreiðslu í þessu eina eða tveimur löndum.

Tæknilegar uppfærslur

Fyrir atkvæðagreiðsluna í Frakklandi var lögð á það áherzla, ekki sízt af hálfu forsvarsmanna Evrópusambandsins sjálfs, að ekki yrði um það að ræða að semja upp á nýtt um stjórnarskrársáttmálann. Það væri ekkert „Plan B“ til. Í raun er það þó svo að raunhæft þykir að takast megi að koma vissum atriðum, sem varða tæknilega uppfærslu á starfsháttum og skipulagi sambandsins, í gildi þrátt fyrir að hið metnaðarfulla stjórnarskrárígildi komist aldrei til framkvæmda.

Giuliano Amato, fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu, sem var í áberandi hlutverki á Framtíðarráðstefnunni svonefndu sem samdi drögin að stjórnarskrársáttmálanum, lagði til í blaðaviðtali í gær að mögulegt kynni að reynast að innleiða nokkur lykilákvæði sáttmálans þrátt fyrir að hann tæki sem slíkur aldrei gildi. Corriere della Sera hafði eftir honum þá líkingu að stjórnarskráin væri eins og dauðvona sjúklingur sem mætti „græða nokkur líffæri úr í Nice-sáttmálann“.

Sáttmálinn sem kenndur er við leiðtogafund ESB í suður-frönsku borginni Nice í árslok 2000 er sú uppfærða útgáfa stofnsáttmála sambandsins sem nú er í gildi og stjórnarskrársáttmálinn átti að taka við af. Í Nice-sáttmálanum voru þær breytingar gerðar sem brýnastar þóttu til að hægt væri að fjölga aðildarríkjunum úr 15 í 25, en hann inniheldur að grunni til samt þær leikreglur sem hannaðar voru fyrir hálfri öld fyrir upprunalega sex aðildarríki.

Markmiðið með stjórnarskrársáttmálanum var enda fyrst og fremst að tryggja skilvirkni stofnana og ákvarðanatöku í stækkuðu Evrópusambandi, auk þess að bæta lýðræðislegt lögmæti og gegnsæi ákvarðanatökunnar. En hann er (eða öllu heldur: var) að sjálfsögðu málamiðlun ólíkra markmiða – milli þeirra sem vilja sjá ESB þróast lengra í átt að sambandsríki og hinna sem vilja tryggja til frambúðar að ESB verði aldrei meira en samstarfsvettvangur fullvalda þjóðríkja, milli hagsmuna smærri og stærri ríkja sambandsins, milli fátækari og ríkari ríkja þess, milli þeirra sem vilja að sambandið stuðli að aukinni markaðssamkeppni og hinna sem vilja beita því til að standa vörð um félagsleg réttindi, og þannig mætti lengi telja.

Að mati Amatos væri skynsamlegast að svo komnu máli að leiðtogar aðildarríkjanna réðu nú ráðum sínum og reyndu að koma sér saman um hvernig koma mætti í gildi „fáeinum ákvæðum“ úr stjórnarskrársáttmálanum sem samkomulag væri um að bezt gögnuðust til tæknilegrar uppfærslu á starfsemi sambandsins; lágmarksuppfærslu sem ekki væri nauðsynlegt að láta ganga í gegnum hið þunglamalega fullgildingarferli. Nefndi Amato í þessu sambandi sérstaklega embætti utanríkisráðherra ESB og eigin utanríkisþjónustu sambandsins. Þetta þyrftu þó allt að vera breytingar sem ekki fælu í sér neina eiginlega valdatilfærslu til hinna yfirþjóðlegu stofnana sambandsins. ■

Hvert ætlum við okkur með náttúruna?
Hvað ætlar náttúran sér með okkur?

Alþjóðleg ráðstefna
í Fjölbrautaskóla Suðurlands
á Selfossi 11. og 12. júní 2005

Markmið ráðstefnunnar er að huga að stöðu náttúrunnar í samtímanum og birtingarmyndum hennar á ólíkum sviðum mannlífs.

Ráðstefnan er öllum opin. Innritun og frekari upplýsingar á:
www.midja.is/fraedslunet

FYRIRLESARAR:
Herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands
Antje von Graevenitz, prófessor í listfræði við háskólann í Köln
Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í visthagfræði við Boston University
Emily Brady, prófessor í heimspeki við City University í New York
Eric Palazzo, prófessor við háskólann í Poitiers.
Holmes Rolston III, prófessor í heimspeki við Colorado State University
Mariele Neudecker, myndlistarmaður
Mikael M. Karlsson, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri
Ósk Vilhjálmsdóttir, myndlistarmaður
Páll Skúlason, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands
Roger Pouivet, prófessor í heimspeki við háskólann í Nancy
Þorvarður Árnason, náttúrufræðingur og kvikmyndagerðarmaður
Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands

Fræðslunet Suðurlands, Tryggvagötu 25, 802 Selfossi
Sími 480 81 55 – Netfang: **fraedslunet@sudurland.is**

NISSAN PATHFINDER

SKIPT_um landslag

Aukabúnaður á mynd eru stigbretti.

Lífið er ævintýri og Pathfinder tekur því fagnandi. Hann fer allt á fjórhjóladrifinu, er þægilegur í öllum sjö sætunum, lipur innanbæjar og rúmar farangur til fleiri mánaða. Hann er öflug listasmíð, traustur og vandaður. Þetta er allt eins og það á að vera. En fyrst og fremst sameinar Pathfinder það grófa og það fína í einum best heppnaða útivistarbíl síðari ára.

PATHFINDER SE

Beinskiptur
174 hestöfl
5 dyra

STAÐALBÚNAÐUR

- Þokuljós
- Krómað grill
- Leðurklætt stýri og gírstöng
- Krómaðar höldur inní bíl
- Hiti í speglum
- Áttaviti í baksýnisspegli
- Litað gler
- 7 sæta
- Birtuskynjari í spegli
- Útvarpsfjarstýring í stýri
- Innbyggt loftnet (loftnet í afturrúðu)
- Regnskynjari
- Hraðastillir (Cruise Control)

Verð frá: 4.450.000 kr.

46.581 kr. á mán.*

VEIÐIKORTIÐ FYLGIR MEÐ!

20 veiðivötn bjóða Pathfinder velkominn

Með veiðikortinu má veiða nánast ótakmarkað í a.m.k. 20 vötnum víðsvegar um landið og tjalda endurgjaldslaust hjá mörgum þeirra. Nánari upplýsingar á www.veidikortid.is

Glitnir

*Bílasamningur Glitnis með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a 800 Selfossi 482-3100	**Eyrarlandi 1** 530 Hvammstanga 451-2230	**Sæmundargötu 3** 550 Sauðárkróki 453-5141	**Holtsgötu 52** 260 Njarðvík 421-8808	**Dalbraut 2b** 300 Akranesi 431-1376	**Víkurbraut 4** 780 Höfn í Hornafirði 478-1990	**Búðareyri 33** 730 Reyðarfjörður 474-1453	**Sindragötu 3** 400 Ísafjörður 456-4540	**Óseyri 5** 603 Akureyri 461-2960

Fíton/SÍA FI013219

STRÍÐIÐ UM BANKANA
» FJÓRÐI HLUTI

Foringjar og fótgönguliðar

Margir komu við sögu í bankasölunni, sumir stýrðu atburðarásinni – aðrir eltu. Tekist var á um mikla hagsmuni. Hótanir, ósætti og átök eru allt orð sem hægt er að nota um samskiptin – jafnvel innan ríkisstjórnarinnar.

RÁÐHERRANEFNDIN »

DAVÍÐ ODDSSON
» Hafði bein afskipti af starfi framkvæmdanefndarinnar í bankasölunni.

GEIR H. HAARDE
» Ber ábyrgð á afskiptum ráðherranefndar af bankasölunni.

HALLDÓR ÁSGRÍMSSON
» Skipulagði símafund milli Kaldbaks og S-hópsins.

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR
» Gaf leyfi fyrir sölu þýska bankans á hlut sínum til Kers.

FRAMKVÆMDANEFNDIN »

ÓLAFUR DAVÍÐSSON
» Reyndi að fá Björgólf Thor til að bjóða hærra.

JÓN SVEINSSON
» Fór að fyrirmælum ráðherra í nefndinni.

STEINGRÍMUR ARI ARASON
» Sagði sig úr nefndinni vegna vinnubragða.

BALDUR GUÐLAUGSSON
» Fulltrúi fjármálaráðherra í nefndinni.

SÆVAR ÞÓR SIGURGEIRSSON » Hlýddi fyrirmælum ráðherra.

S-HÓPURINN »

ÓLAFUR ÓLAFSSON
» Hringdi og skammaði Halldór Ásgrímsson.

ÓSKAR H. GUNNARSSON
» Stjórnarformaður Andvöku og Samvinnutryggingа.

MARGEIR DANÍELSSON
» Framkvæmdastjóri Samvinnulífeyrissjóðsins.

GEIR MAGNÚSSON
» Forstjóri Olíufélagsins og Kers.

ÞÓRÓLFUR GÍSLASON
» Ekki kært á milli hans og Ólafs Ólafssonar.

» S-HÓPURINN

JÓN HELGI GUÐMUNDSSON
» Keypti í Keri og varð valdamikill í S-hópnum.

FINNUR INGÓLFSSON
» Forstjóri VÍS og veigamikill í S-hópnum í kaupunum.

SAMSON »

BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON
» Fundaði með Ólafi um hugsanlega sameiningu.

BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON
» Neitaði að taka á móti bréfi frá nefnd.

MAGNÚS ÞORSTEINSSON
» Einn þremenninganna í Samson en nú hættur.

LANDSBANKINN »

HELGI S. GUÐMUNDSSON
» Formaður bankaráðs Landsbankans.



KJARTAN GUNNARSSON
» Var á fundum um hugsanlega sameiningu bankanna.

HALLDÓR J. KRISTJÁNSSON
» Fundaði með Ólafi daginn sem tilkynnt var um KB banka.

Seldu fyrr en kaupsamningur kvað á um

Valgerður Sverrisdóttir veitti þýska bankanum **Hauck & Aufhauser** heimild til að selja Keri þriðjung þess hlutar sem hann keypti í Búnaðarbankanum þrettán mánuðum eftir að kaupsamningur S-hópsins um Búnaðarbankann var undirritaður. Í samningnum var ákvæði um að ekki mætti selja fyrr en að 21 mánuði liðnum. ***Sigríður Dögg Auðunsdóttir*** segir hér frá lokakaflanum í einkavæðingu ríkisbankanna.

Fimmtudaginn 29. ágúst 2002 var samkomulag S-hópsins og Landsbankans um kaup S-hópsins á hlut Landsbankans í VÍS gert opinbert.

Samkvæmt óskum framkvæmdanefndar skiluðu hóparnir þrír inn svörum við spurningum framkvæmdanefndarinnar 2. september og fór nefndin yfir svörin tveimur dögum síðar.

Á fundi framkvæmdanefndar 4. september lagði ráðgjafi HSBC áherslu á að fá nokkuð nákvæmar upplýsingar um verð á þessu stigi enda teldi hann það nauðsynlegt við val á þeim sem boðið yrði til beinna viðræðna um kaup. Niðurstaða fundarins var sú að hópunum þremur var sent bréf þar sem óskað er eftir upplýsingum um það verð sem þeir væru tilbúnir að greiða fyrir hlutabréfin í Landsbankanum. Frestur til að skila inn verðhugmyndum var gefinn til 6. september. Þá var skýrt frá því í bréfinu að stefnt væri að því að tilkynna 9. september hvern yrði gengið til viðræðna við um söluna.

Samson með lægsta tilboðið

Kaldbakur skilaði inn hæsta tilboðinu, 4,16 á hlut, S-hópurinn næsthæsta með 4,10 á hlut og Samson var með lægsta tilboðið, sem var á verðbilinu 3,10 til 3,90 á hlut með ýmsum tilgreindum fyrirvörum. Í viðræðum framkvæmdanefndarinnar við hópana hafði Samson ítrekað lýst því yfir að hópurinn væri ekki tilbúinn að greiða hærra verð en sem samsvaraði 3,50 fyrir hlutinn. Framkvæmdanefndin og ráðherranefndin höfðu þó gert grein fyrir því að ekki yrði hægt að taka tilboði undir 3,90 á hlut.

Áður en framkvæmdanefndin tilkynnti að farið yrði í viðræður við Samson um kaupin á Landsbankanum höfðu farið fram óformlegar viðræður um verð milli framkvæmdanefndarinnar og Samson. Samson stóð þó fastur á því að ekki kæmi til greina að greiða meira en 3,50 á hlutinn. Niðurstöðurnar úr hinum óformlegu viðræðum urðu þær að Samson myndi skila inn tilboði á verðbilinu 3,10 til 3,90 með ýmsum tilgreindum fyrirvörum og í samningaviðræðum yrði tekið tillit til þeirra fyrirvara sem settir væru fram í tilboðinu.

Reiknilíkan sniðið að tilboði Samson

Þegar tilboðin voru komin inn var ljóst að Samson var með lægsta tilboðið. Ekki hafði enn verið ákveðið hvernig meta ætti hvern þátt tilboðsins samkvæmt auglýsingunni, það er að segja hvaða vægi hver þeirra fimm þátta sem tilgreindir voru í auglýsingunni ætti að hafa.

Leitað var til ráðgjafans, HSBC, til að útfæra matið. Starfsmaður framkvæmdanefndarinnar, Skarphéðinn Berg Steinarsson, fór því til London í því skyni og kom til baka með tilbúið reiknilíkan um það hve mikið vægi hver þáttur ætti að hafa.

Hinn 8. september kynnti ráðgjafinn frá HSBC matið og forsendur þess á fundi framkvæmdanefndar. Niðurstaðan var sú að miðað við hinar gefnu forsendur væri Samson líklegast til þess að uppfylla markmið ríkisins með sölunni.

Ágreiningur kom upp í nefndinni um matið, ekki síst um vægi verðsins í reiknilíkaninu og hinar huglægu forsendur sem lægju að baki mati annarra þátta líkansins. Bent var á að nær ómögulegt væri að gefa framtíðaráætlunum hópanna einkunn út frá öðrum forsendum en huglægu mati. Því væri óverjandi að þáttur á borð við framtíðaráætlanir yrði jafnveigamikill í reiknilíkaninu og verð.

Verðið hafði þriðja mesta vægið

Í áliti HSBC voru eftirfarandi þættir í tilboðum bjóðendanna þriggja teknir til athugunar: Fjárhagsstaða fjárfestis, framtíðaráform um rekstur bankans, hugmyndir um staðgreiðsluverð, þekking og reynsla fjárfestis á fjármálamarkaði og skilyrði af hálfu kaupenda.

Í reiknilíkani HSBC höfðu tveir fyrstnefndu þættirnir, fjárhagsstaða fjárfestis og framtíðaráform um rekstur bankans, hlutfallslega mesta vægið af þáttunum fimm og jafnframt jafnmikið vægi.

Á fundi framkvæmdanefndar var síðasttalda atriðið, skilyrði af hálfu kaupenda, fellt niður sem sérstakt matsatriði áður en reiknilíkanið var sett upp. Þess má geta að Samson hafði sett mun ítarlegri skilyrði en hinir tveir bjóðendurnir um þætti sem gætu haft áhrif til lækkunar á lokaverði á hlut ríkisins í Landsbankanum.

HSBC var falið að gera næmnigreiningu á reiknilíkaninu en komst að þeirri niðurstöðu að henni lokinni að tilboð Samson væri það áhugaverðasta að því gefnu að miðað yrði við efri mörk þess verðbils sem fram kom í tilboði Samson, eða 3,90.

Í áliti sem HSBC vann fyrir framkvæmdanefndina um niðurstöðurnar úr reiknilíkaninu var lögð rík áhersla á að Samson yrði meðal annars gerð skýr grein fyrir því að að boð sem væri lægra en efstu mörk tilboðs hans, 3,90, yrði ekki talið viðunandi fyrir ríkið.

Framkvæmdanefndin lagði niðurstöðurnar fyrir ráðherranefndina án þess að gera tillögu um hvaða tilboði skyldi tekið. Í kjölfarið tók ráðherranefndin þá ákvörðun að á grundvalli mats HSBC skyldi Samson boðið til beinna viðræðna um kaup á hlut ríkisins í Landsbankanum.

Steingrímur Ari sagði sig úr nefndinni

Eftir ákvörðun ráðherranefndarinnar var framkvæmdanefndinni falið að ganga frá bréfi þar að lútandi. Skoðanaskipti urðu um orðalag bréfsins og lagði einn nefndarmanna, Steingrímur Ari Arason, áherslu á að í bréfinu yrði sett ákveðið lágmarksverð á hluta ríkisins líkt og HSBC hefði mælt með. Aðrir nefndarmenn vildu ekki fallast á tillögu hans og sögðu að tillaga þeirra, sem síðan varð ofan á, tryggði efnislega það sem Steingrímur Ari vildi segja svart á hvítu, að gengið væri til viðræðnanna með því skilyrði að ekki yrði samið um lægra verð á hverjum hlut en 3,90, sem voru efri mörk verðtilboðs Samson.

Næsta dag, hinn 10. september 2002, sagði Steingrímur Ari sig úr framkvæmdanefnd með bréfi til Davíðs Oddssonar forsætisráðherra. Bréf Steingríms Ara var svohljóðandi:

„Í framhaldi af þeirri ákvörðun ráðherranefndar um einkavæðingu að ganga til viðræðna við Samson ehf. um kaup á umtalsverðum hlut í Landsbanka Íslands hf. hef ég ákveðið að segja mig úr framkvæmdanefnd um einkavæðingu. Ástæðan eru þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í aðdraganda þessarar ákvörðunar og hafa nú leitt til þess að aðrir áhugasamir kaupendur eru sniðgengnir þrátt fyrir hagstæðari tilboð fyrir ríkissjóð á alla hefðbundna mælikvarða. Ég hef setið sem fulltrúi fjármálaráðherra í framkvæmdanefnd um einkavæðingu frá árinu 1991 og aldrei kynnst öðrum eins vinnubrögðum. Þar sem ég er bundinn trúnaði um einstaka þætti þessa máls treysti ég því að óhlutdrægur aðili verði fenginn til að fara ofan í saumana á þeim vinnubrögðum sem eru orsök afsagnar minnar.“

Í greinargerð Ríkisendurskoðunar um Landsbankasöluna frá því í október 2002 kemur fram það samdóma álit fjárfestanna þriggja, Kaldbaks, S-hópsins og Samson, að ekki hafi verið staðið nægilega faglega að verki við söluna. Söluferillinn hafi verið óskýr nánast allan tímann og sömuleiðis markmiðin sem voru að baki. Fjárfestunum þremur hafi fundist að ekki hafi verið fullljóst í upphafi í hvaða farveg málið færi heldur hafi ferlið jafnvel að einhverju leyti verið spunnið eftir því sem á leið.

Björgólfur Thor neitaði að taka við bréfi

Sama dag og Steingrímur Ari sagði af sér, hinn 10. september, var Björgólfur Thor kallaður á fund Ólafs Davíðssonar í Stjórnarráðinu. Ætlunin var að afhenda honum bréf frá framkvæmdanefnd þar sem tilkynnt yrði um það að nefndin myndi ganga til viðræðna við Samson um söluna á Landsbankanum.

Björgólfur Thor mætti í Stjórnarráðið þar sem hluti framkvæmdanefndar var staddur. Ólafur Davíðsson rétti Björgólfi Thor umslag með bréfi þar sem tilkynnt var um ákvörðun framkvæmdanefndar. Um leið og Ólafur rétti Björgólfi Thor bréfið sagði hann eitthvað á þann veg að það yrði að vera ljóst að Samson þyrfti að greiða 3,90 fyrir hlutinn, annað væri ekki ásættanlegt. Björgólfur Thor ítrekaði þá stefnu Samson að greiða ekki

hærra verð en 3,50 á hlut. Ólafur endurtók þá að það verð sem endanlega yrði samið um yrði að vera við efri mörk tilboðs Samson, eða 3,90. Sagðist Björgólfur Thor ekki geta samþykkt það, neitaði að taka við bréfinu og yfirgaf Stjórnarráðið.

Ólafur skammaði Halldór

Þegar Ólafur Ólafsson, einn forkólfanna í S-hópnum, sem bitust á við Samson og Kaldbak um Landsbankann, fékk fréttirnar um að Samson hefði verið valinn til viðræðna við framkvæmdanefnd um söluna á Landsbankanum var hann staddur á hreindýraveiðum austur á landi. Hann hringdi umsvifalaust í Halldór Ásgrímsson, öskureiður, og hellti sér yfir hann fyrir að hafa gert sig að fífli með þátttöku sinni í söluferlinu á Landsbankanum. Hann hefði varið miklum tíma og fjármunum í undirbúning að kaupunum og var ósáttur við að hafa ekki fengið að kaupa bankann þrátt fyrir að hafa verið með besta tilboðið þegar á heildina væri litið.

Ferlið spunnið eftir því sem á leið

Hinn 18. október 2002 var tilkynnt um samkomulag Samson og framkvæmdanefndar um heildarsöluverð hlutar ríkisins í Landsbankanum, sem var rúmar 139 milljónir Bandaríkjadala, sem samsvaraði rúmum 12,3 milljörðum íslenskra króna miðað við gengi dalsins á þeim tíma. Verð á hlut var miðað við það 3,92. Greiningardeild Búnaðarbankans hafði gefið út verðmat á Landsbankanum 8. ágúst 2002 og 24. febrúar 2003. Þar var gengið metið á 4,2 í bæði skiptin.

Samkvæmt kaupsamningnum yrði greiðsla fyrir bréfin tvískipt. Greitt yrði fyrir 33,3 prósenta hluta innan 30 daga frá kaupsamningi, eða sem samsvaraði um 8,9 milljörðum króna, og fyrir 12,5 prósent, eða 3,4 milljarða króna, að ári liðnu.

Í kaupsamningnum voru ákvæði um verðaðlögun, það er að segja að afsláttur allt að 700 milljónum yrði veittur af lokagreiðslu ef þróun efnahagslíða yrði önnur en gengið hefði verið út frá í áætlunum sem lágu til grundvallar við undirritun samkomulagsins frá 18. október.

í kjölfar áreiðanleikakönnunar sem KPMG vann á Landsbankanum og birt var 15. desember kom upp ágreiningur milli Samson og framkvæmdanefndar um gæði lána í lánastokki bankans.

Sú varð raunin að öll upphæðin sem tiltekin var í samningunum, 700 milljónir, kom til frádráttar frá lokagreiðslunni og nam hún því sem samsvarar 2,7 milljörðum króna. Endanlegt kaupgengi hlutar Samson í Landsbankanum var því 3,7.

Nýir eigendur tóku við stjórn Landsbankans á aðalfundi 14. febrúar 2003. Í nýju bankaráði áttu sæti Björgólfur Guðmundsson, Einar Benediktsson, Andri Sveinsson, Þorgeir Baldursson og Kjartan Gunnarsson.

Halldór skipuleggur símafund

Áður en ákvörðun framkvæmdanefndarinnar um valið á Samson til viðræðna um kaupin á Landsbankanum, hinn 10. september, var tilkynnt hafði Halldór Ásgrímsson haft milligöngu um það að hinir hóparnir tveir, Kaldbakur og S-hópurinn, sameinuðust um kaupin á Búnaðarbankanum. Allt frá því að söluferlið fór af stað höfðu hópunum tveimur borist skilaboð, bæði beint og óbeint, frá framkvæmdanefndinni um að reyna að sameinast í einn fjárfestahóp.

S-hópnum hugnaðist fyrst og fremst ekki að vinna með Þorsteini Má Baldvinssyni. Fulltrúar hópanna áttu samtöl um hugsanlega samvinnu sín á milli, en ekkert varð úr því að þeir ræddu málið af fullri alvöru fyrr en Halldór Ásgrímsson skipulagði símafund þar sem hann, ásamt helstu fulltrúum beggja hópanna, ræddi um hugsanlega sameiningu hópanna.

Ólafur Ólafsson í Keri var sá eini sem ekki tók þátt í fundinum og gaf þá skýringu á fjarvist sinni að hann væri á leið austur á firði á hreindýraveiðar og því ekki í öruggu símasambandi. Símafundurinn átti sér því stað áður en tilkynnt var um val framkvæmdanefndar á Samson til viðræðna um Landbankann.

Auk Halldórs Ásgrímssonar voru á símafundinum Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Eiríkur Jóhannesson frá Kaldbaki og fulltrúar S-hópsins; Axel Gíslason forstjóri VÍS, Margeir Daníelsson, Geir Magnússon, Óskar Gunnarsson og Þórólfur Gíslason.

Á fundinum bað Halldór Ásgrímsson hópana tvo að reyna að sameinast um kaupin á Búnaðarbankanum, þeir yrðu að gera það ef hann ætti að geta hjálpað þeim. Það gekk ekki eftir.

„Ein eða fleiri erlendar fjármálastofnanir"

Hinn 5. nóvember sendi framkvæmdanefnd frá sér tilkynningu um að ákveðið hefði verið að ganga til viðræðna við hóp fjárfesta sem samanstæði af Eignarhaldsfélaginu Andvöku, Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum, VÍS, Kaupfélagi Skagfirðinga og Samvinnulífeyrissjóðnum „auk einnar eða fleiri erlendra fjármálastofnana", eins og fram kom í tilkynningunni.

Ekki var því enn ljóst á þessum tíma hverjar hinar tilgreindu erlendu fjármálastofnanir voru. S-hópurinn átti á þessum tíma í viðræðum við útibú franska bankans Societe General í Frankfurt, en önnur stofnun bankans veitti S-hópnum ráðgjöf varðandi kaupin.

Framkvæmdanefndin hafði á þessum tíma ekki enn fengið upplýsingar frá S-hópnum hver eða hverjir hinir erlendu fjárfestar

> **» S-HÓPURINN BREYTIST**
>
> S-hópurinn var í upphafi söluferilsins samsettur af sjö félögum: Eignarhaldsfélaginu Andvöku, Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum, Fiskiðjunni Skagfirðingi, Kaupfélagi Skagfirðinga, Keri, Samskipum og Samvinnulífeyrissjóðnum.
>
> Samsetningin á fjárfestahópnum breyttist á meðan á söluferlinu stóð og voru endanlegir kaupendur Egla hf., en eigendur þess voru Ker og þýski bankinn Hauck & Aufhauser, Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, Samvinnulífeyrissjóðurinn og VÍS.

væru. Skýringar S-hópsins voru þær að erlendi fjárfestirinn vildi ekki koma fram fyrr en samningar hefðu verið undirritaðir. Til þess að skera úr um það hvort erlendi fjárfestirinn væri áreiðanlegur var samið um það við S-hópinn að hann myndi gefa ráðgjöfum framkvæmdanefndarinnar, HSBC, upp nafnið á fjárfestinum og HSBC myndi síðan upplýsa nefndina um hvort hann væri áreiðanlegur. Niðurstaða HSBC var jákvæð í garð fjárfestisins.

Umsögn HSBC vakti spurningar eftir á

Umsögn HSBC um erlenda fjárfestinn vakti ekki spurningar meðal framkvæmdanefndarinnar fyrr en daginn sem skrifað var undir samninginn við S-hópinn og tilkynnt var hver erlendi fjárfestirinn var, þýski einkabankinn Hauck & Aufhauser. Nefndarmönnum fannst þá að umsögn HSBC hefði ekki getað átt við Hauck & Aufhauser því hún hefði dregið upp mynd af stórum alþjóðlegum fjárfestingabanka, sem Hauck & Aufhauser er ekki. Umsögn HSBC hefði mun frekar átt við Société Générale, sem var sjötti stærsti banki í Evrópu, en S-hópurinn átti á þessum tíma í viðræðum við bankann um að taka þátt í kaupunum.

S-hópurinn neitar því að hafa gefið upp annað nafn en Hauck & Aufhauser, en Fréttablaðið hefur meðal annars óskað eftir því á grundvelli upplýsingalaga að fá afhent afrit af umsögn HSBC um hinn ónefnda erlenda banka. Beiðninni var synjað og er nú til meðferðar hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Eignatilfærslur innan S-hópsins

Hinn 12. nóvember 2002 áttu sér stað talsverð viðskipti innan félaga í S-hópnum. Þórólf Gíslason, kaupfélagsstjóra Kaupfélags Skagfirðinga, og Ólaf Ólafsson, þáverandi forstjóra Samskipa, greindi á um rekstur Kers, sem þeir voru báðir stjórnarmenn í. Tvær fylkingar höfðu tekist á innan S-hópsins en þær deilur voru leystar með tilfærslum eigna þennan dag. Norvik, eignahaldsfélag BYKO, keypti 25 prósent hlutafjár í VÍS af Keri fyrir 3,4 milljarða króna en seldi hlutinn til Hesteyrar nokkrum dögum síðar í skiptum fyrir hlut Hesteyrar í Keri. Hesteyri var í eigu Kaupfélags Skagfirðinga og Skinneyjar Þinganess, sem Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra á hlut í.

Norvik var að stórum hluta í eigu Jóns Helga Guðmundssonar í BYKO, sem tilheyrði jafnframt Gildingarhópnum svokallaða, en Gildingarhópurinn átti orðið stóran hlut í Búnaðarbankanum.

Með þessum viðskiptum tók Ólafur Ólafsson við stjórnartaumunum í Keri og Þórólfur Gíslason í VÍS. Þá var innkoma Norvikur í Ker sögð styrkja S-hópinn fyrir kaupin á Búnaðarbankanum. Hannes Smárason var kjörinn í stjórn Kers fyrir hönd Norvikur á stjórnarfundi félagsins sem haldinn var stuttu síðar, en Jón Helgi hafði jafnframt mikil völd innan Kers.

Frestun á samningum vegna óvissu um erlenda fjárfestinn

Hinn 19. nóvember 2002, tveimur vikum eftir að framkvæmdanefnd hafði tilkynnt um viðræður við S-hópinn um Búnaðarbankann, setti Kauphöll Íslands Búnaðarbankann á athugunarlista vegna þess að ekki væri enn ljóst hvernig aðkomu franska bankans, Société Générale, yrði háttað. Franski bankinn ætlaði að taka sér frest til 6. desember til að ákveða hvernig hann kæmi að málinu. Fulltrúi HSBC-bankans í London sem sá um úttekt á kaupendum bankanna staðfesti við Fréttablaðið á þessum tíma að yfirgnæfandi líkur væru á aðkomu alþjóðlegs banka að kaupum S-hópsins.

S-hópurinn fékk að minnsta kosti tvívegis frest hjá framkvæmdanefnd til að staðfesta aðild erlenda fjárfestisins að kaupunum á Búnaðarbankanum. Fyrri fresturinn var veittur 19. nóvember og átti að gilda til 6. desember. Hinn 9. desember tilkynnti framkvæmdanefnd að fresturinn hefði verið framlengdur til 13. desember. Áfram væri þó stefnt að því að kaupsamningar yrðu frágengnir fyrir lok ársins.

Máttu selja 12,5 prósent strax

Hinn 16. janúar 2003 var skrifað undir kaupsamning við S-hópinn á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. Söluverðið var rúmlega 11,2 milljarðar króna. Ekki samið um að öllm upphæðin yrði staðgreidd, en um leið og búið var að skrifa undir samninginn fór S-hópurinn með valdið sem fylgdi eignarhlutnum þó svo að ekki væri búið að afhenda hann formlega. Ríkið átti því í raun 18,32 prósent í Búnaðarbankanum þegar hann sameinaðist Kaupþingi í maí 2003. Samkvæmt kaupsamningi ríkisins og S-hópsins var nýju eigendunum frjálst að selja 12,5 prósent af hlutnum, sem var alls 45,8 prósent, og sameinast öðru fyrirtæki.

Samkvæmt samningnum átti að greiða fyrir 27,48 prósent útgefins hlutafjár innan 30 daga og var upphæðin um 6,7 milljarðar. Hinn hlutann, 18,32 prósent af útgefnu hlutafé, skyldi greiða fyrir 20. desember 2003. Verðmæti hans var um 4,5 milljarðar.

Hlutir S-hópsins skiptust á eftirfarandi hátt: Egla átti 71,2 prósent, en eigendur Eglu voru þýski bankinn Hauck & Aufhauser sem átti 50 prósent í félaginu, Ker 49,5 prósent og VÍS 0,5 prósent. VÍS átti að auki 12,7 prósent, Samvinnulífeyrissjóðurinn 8,5 prósent og Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar 7,6 prósent.

Hauck & Aufhauser var því stærsti hluthafinn í Búnaðarbankanum með 16,3 prósent, hlutur Kers var 16,1 prósent, samanlagður hlutur VÍS 6 prósent, hlutur Samvinnulíferyissjóðsins 3,9 prósent og Eignarhaldsfélagsins Samvinnutryggingga 3,5 prósent.

S-hópur fékk lán hjá Landsbankanum

Skömmu áður en Samson tók við Landsbankanum og gengið var frá samningum milli ríkisins og S-hópsins um Búnaðarbankann var félögum innan S-hópsins veitt lán upp á 6 til 8 milljarða króna. Lánið var á hagstæðum kjörum, eða 1,4 yfir LIBOR, og var veitt til þess að greiða fyrri greiðslu S-hópsins til ríkisins fyrir Búnaðarbankann. Sú greiðsla hljóðaði upp á 6,7 milljarða.

Um þrír milljarðar af lánsupphæðinni fóru til Eglu, sem þýski bankinn Hauck & Aufhauser átti helmingshlut í, Ker 49,5 prósent og VÍS 0,5 prósent. Hauck & Aufhauser hafði því tekið um 1,5 milljarða króna lán á Íslandi til að fjármagna kaupin á Búnaðarbankanum en S-hópurinn var meðal annars valinn til kaupanna vegna þess að erlendur fjárfestir var þar á meðal.

Sameining við Kaupþing

Í mars 2003, um tveimur mánuðum eftir að S-hópurinn skrifaði undir kaupsamning um Búnaðarbankann, var tilkynnt um fyrirhugaða sameiningu Kaupþings og Búnaðarbankans.

S-hópurinn hafði þá átt í margra mánaða viðræðum við Kaupþing um hugsanlega sameiningu og hafði Ólafur Ólafsson átt fundi með Sigurði Einarssyni mánuðum áður en kaupsamningurinn um Búnaðarbankann var undirritaður.

Áður en tilkynnt var um sameiningu Búnaðarbankans og Kaupþings höfðu S-hópsmenn einnig átt í viðræðum við Samson um hugsanlega sameiningu Búnaðarbankans og Landsbankans. Daginn sem tilkynnt var um fyrirhugaða sameiningu Búnaðarbanka og Kaupþings höfðu Ólafur Ólafson og Jón Helgi Guðmundsson, fulltrúar S-hópsins verið á fundi með Landsbankamönnunum Björgólfi Guðmundssyni, Kjartani Gunnarssyni og Halldóri J. Kristjánssyni um hugsanlega sameiningu Landsbankans og Búnaðarbankans.

Þýski bankinn selur

Í kaupsamningi milli ríkisins og S-hópsins kom fram að hluthöfum Eglu var óheimilt að selja, eða ráðstafa á annan hátt, hlutum sínum í Eglu í tuttugu og einn mánuð frá undirritun samningsins 16. janúar 2003, nema að fengnu skriflegu samþykki viðskiptaráðherra.

Peter Gatti, fulltrúi Hauck & Aufhauser sem átti helmingshlut í Eglu, sagði við fjölmiðla við undirskrift kaupsamningsins að bankinn myndi halda eignarhlut sínum í Búnaðarbankanum í að minnsta kosti tvö ár líkt og kveðið væri á um í kaupsamningnum. Að þeim tíma liðnum yrði ávöxtunin metin og fjárfestingin endurskoðuð.

Þrettán mánuðum eftir undirritun kaupsamnings, eða 20. febrúar 2004 keypti Ker þriðjung af hlutafé Hauck & Aufhauser í sameinuðum KB banka.

Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra veitti leyfi fyrir viðskiptunum.

Lokagreiðsla S-hópsins fyrir hlut ríkisins í Búnaðarbankanum var reidd af hendi í desember 2003, og þar með lauk einkavæðingu ríkisbankanna.

Við vinnslu á greinaflokki þessum var stuðst við viðtöl við fjölda þeirra sem beinan þátt áttu í einkavæðingarferli Landsbankans og Búnaðarbankans sem fór að mestu fram á árinu 2002. Þá er stuðst við kaupsamning milli S-hópsins og ríkisins um Búnaðarbankann, Greinargerð Ríkisendurskoðunar um útboð í fjórðungshlut ríkisins í Landsbanka Íslands frá október 2002, Skýrslu framkvæmdanefndar um einkavæðingu um einkavæðingu á árunum 1999 til 2003, skýrslu Ríkisendurskoðunar, Einkavæðing helstu ríkisfyrirtækja árin 1998 til 2003 og umfjöllun í fjölmiðlum á tímabilinu sem fjallað er um, 1997 til 2003, auk þingræða.

» ATBURÐIR Í TÍMARÖÐ

JÚNÍ 2002 » Björgólfur Guðmundsson hringir í Davíð Oddsson og segist vilja kaupa Búnaðarbankann eða Landsbankann.

JÚNÍLOK 2002 » Bréf berst frá Björgólfi Guðmundssyni, Björgólfi Thor Björgólfssyni og Magnúsi Þorsteinssyni, um að þeir hefðu áhuga á að kaupa Landsbankann eða Búnaðarbankann.

10. JÚLÍ 2002 » Framkvæmdanefnd um einkavæðingu auglýsir báða bankana til sölu.

JÚLÍLOK 2002 » Fimm hópar senda inn tilkynningu um áhuga sinn á bönkunum, Samson, Kaldbakur, S-hópurinn, Íslandsbanki og Þórður Magnússon fyrir hönd fjárfesta. Þeir eru kallaðir á fund framvkæmdanefndar.

ÁGÚST 2002 » Þrír hópar valdir til viðræðna, Samson, Kaldbakur og S-hópurinn.

22. ÁGÚST 2002 » Sex daga stríðið um VÍS hefst. Landsbankinn og S-hópurinn takast á um yfirráðin yfir félaginu, en þeir eiga helmingshlut hvor. Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson blandast í átökin og ríkisstjórnarsamstarfið er í uppnámi.

28. ÁGÚST 2002 » Sex daga stríðinu um VÍS lýkur með kaupum S-hópsins á hlut Landsbankans í VÍS.

10. SEPTEMBER 2002 » Björgólfur Thor Björgólfsson neitar að taka við bréfi frá framkvæmdanefndinni úr hendi Ólafs Davíðssonar þar sem nefndin lýsir því yfir að hún vilji ganga til samningaviðræðna við Samson um kaup á Landsbankanum.

10. SEPTEMBER 2002 » Steingrímur Ari Arason segir sig úr framkvæmdanefndinni og segist aldrei hafa upplifað önnur eins vinnubrögð.

18. OKTÓBER 2002 » Samson og framkvæmdanefnd undirrita samkomulag um sölu ríkisins á hlut sínum í Landsbankanum.

23. OKTÓBER 2002 » Framkvæmdanefndin sendir Kaldbaki og S-hópi bréf þar sem söluferli Búnaðarbankans er skýrt.

4. NÓVEMBER 2002 » Framkvæmdanefndin ákveður að ganga til samninga við S-hópinn um söluna á Búnaðarbankanum.

15. NÓVEMBER 2002 » S-hópurinn og framkvæmdanefnd undirrita samkomulag um sölu ríkisins á hlut sínum í Búnaðarbankanum.

31. DESEMBER 2002 » Samson og framkvæmdanefndin undirrita kaupsamning um hlut ríkisins í Landsbankanum.

16. JANÚAR 2003 » S-hópurinn og framkvæmdanefndin undirrita kaupsamning um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.

MAÍ 2003 » Búnaðarbankinn sameinast Kaupþingi og til verður KB banki.

skoðun

SJÓNARMIÐ
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Sala ríkisbankanna kemur þjóðinni við. Hún á heimtingu á að vita hvernig þessar verðmætu eignir voru seldar á sínum tíma.

Opinber rannsókn

Sjálfsagt og eðlilegt er að opinber rannsókn fari fram á því hvernig Landsbankanum og Búnaðarbankanum var komið í hendur sérvalinna einkaaðila – með handafli, eins og glögglega hefur komið fram í greinaflokki Fréttablaðsins á síðustu dögum þar sem stríðinu um ríkisbankana hafa verið gerð góð og rækileg skil. Þar blasir við furðuleg mynd af stjórnmálavafstri tveggja helstu ráðamanna þjóðarinnar á undanförnum árum; helmingaskiptum sem þjóðin hélt að heyrðu sögunni til en lifa augljóslega ennþá góðu lífi í ríkisstjórnarsamstarfi Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks.

Sala ríkisbankanna kemur þjóðinni við. Hún á heimtingu á að vita hvernig þessar verðmætu eignir voru seldar á sínum tíma. Við vinnslu fréttaskýringa blaðsins um söluferlið hefur hins vegar glögglega komið í ljós að litið er á allar upplýsingar um bankasöluna sem trúnaðarmál, nánast einkamál nokkurra ráðherra og undirsáta þeirra í framkvæmdanefnd um einkavæðingu. Þvílík framkoma við þjóð sem kennir sig við lýðræði er aumkunarverð. Hún minnir á staðnað og spillt stjórnkerfi sem notar vald sitt að vild. Hún minnir þar að auki á þá gömlu tíma þegar allar upplýsingar um stjórnsýslu ráðamanna voru geymdar í læstum hirslum og komu almenningi einfaldlega ekki við. Í sem fæstum orðum minnir hún á hroka.

Á næstu vikum mun ráðast hvort núverandi stjórnvöld hafa lýðræðislegan þroska til að leggja spilin á borðið í þessu efni. Á næstu vikum kemur í ljós hvort nýfengin upplýsingalög eru staðlausir stafir eða lykill að læstum hirslum ráðamanna. Á næstu vikum reynir á orð formanna stjórnarandstöðuflokkanna, sem kröfðust þess á síðum Fréttablaðsins í gær að óháð opinber rannsókn færi fram á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru við sölu bankanna. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir í blaðinu í gær að í greinaflokki þess komi fram „svo ámælisverð vinnubrögð að þetta verður að rannsaka til hlítar og svipta af þessu leyndarhjúpnum“. Í sama streng tekur Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, nýkjörinn formaður Samfylkingarinnar.

Grundvallarþáttur alls þessa máls er að formenn ríkisstjórnarflokkana höfðu bein afskipti af sölu ríkisbankanna. Þeir tóku völdin af einkavæðingarnefnd og hlutuðust til um söluna eftir því gamalkunna kerfi sem kennt hefur verið við helmingaskipti. Sérstaka athygli vekur að Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður Halldórs Ásgrímssonar, núverandi forsætisráðherra, staðfesti í morgunþætti Talstöðvarinnar í gærmorgun að Halldór hefði reynt að koma því til leiðar að hóparnir tveir sem bitust um Búnaðarbankann sameinuðust um kaupin. Þá er og augljóst að Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og þáverandi forsætisráðherra, beitti sér fyrir því að hópur kenndur við Samson fengi að kaupa Landsbankann.

Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks ber mikla ábyrgð á því hvernig fiskveiðikvóta þjóðarinnar var komið í hendur einkaaðila. Það ferli allt saman er þeirrar náttúru að þjóðin er enn í sárum. Íslensk þjóð þarf ekki á fleiri sérindum að halda úr sömu átt. Einkavæðing er sjálfsögð og mikilvæg til að efla samfélagið. Hún er hins vegar vandasöm og á ekki að snúast um karlagrobb. ■

ERTU AÐ SAFNA PUNKTUM?

FRÁ DEGI TIL DAGS

Í miklu stuði

Á vefsíðu Össurar Skarphéðinssonar alþingismanns má sjá að hann er í miklu pólitísku stuði þessa dagana og hefur ekki látið ósigurinn í formannskjörinu í Samfylkingunni slá sig út af laginu. Meðal þess sem hann gerir að umtalsefni eru úrslitin í þjóðaratkvæðagreiðslunni í Frakklandi á sunnudaginn um stjórnarskrá Evrópusambandsins. Drögin „verða annaðhvort söltuð um langa hríð og síðan breytt verulega áður en lagt er í næsta ferðalag með þau, eða stjórnarskráin verður einfaldlega send rakleiðis í líkhúsið,“

segir hann. „Það er hinn blákaldi veruleiki sem blasir við eftir að Frakkar höfnuðu stjórnarskránni með afgerandi hætti. Í því sambandi skiptir óskhyggja þeirra forystumanna ESB sem töpuðu í kjörkössum Frakklands engu máli. Þegar allt er skoðað er afstaða lykilþjóða í Vestur-Evrópu einfaldlega það neikvæð að í núverandi mynd verður stjórnarskráin aldrei að veruleika“.

Þurfa ekki að sýta

En eru úrslitin ekki líka ósigur fyrir íslenska stuðningsmenn Evrópusambandsins, til dæmis Samfylkingarfólkið sem vill að Ísland gangi í ESB? Ekki er Össur þeirrar skoðunar. Hann telur úrslitin styrkja þá. Hann skrifar: „Íslenskir evrópusinnar þurfa þó síst að sýta niðurstöðuna svo fremi hún lami ekki þrótt Evrópusambandsins. Stjórnarskráin, sem lögð var til samþykktar, var þeirrar gerðar að hún hefði alltaf torveldað baráttuna fyrir að ná þeim sterka meirihluta sem er forsenda þess að hægt sé fyrir Ísland að ganga í Evrópusambandið. Nægir að vísa í vel flutt rök í grein Ragnars Arnalds í Morgunblaðinu í gær, þó rök hans um fiskveiðarnar sérstaklega byggi að mínu viti á kolröngum forsendum. Án stjórnarskrárinnar mun því ganga betur bæði fyrir íslenska og norska Evrópusinna að berjast fyrir aðild landa sinna að Evrópusambandinu. Það er hin bjarta hlið málsins fyrir hinar sérískenslu aðstæður þó sölt tár hrynji nú efalítið í sölum valdsins víða um Evrópu í nótt“.

gm@frettabladid.is

Styttingu framhaldsskólans frestað

Í DAG
FRAMHALDSSKÓLINN

INGA RÓSA ÓRÐARDÓTTIR

Markmið styttingar framhaldsskólans er meðal annars að fá sem mest út úr þeim árum sem nemendur eru í skólakerfinu. Þetta er haft eftir menntamálaráðherra á ráðstefnu um menntamál og hljómar fallega. En mest af hverju? Og fyrir hvern?

Nú hefur verið ákveðið að fresta styttingu framhaldsskólans um eitt ár. Ráðherra segir það gert vegna ábendinga skólamanna, sem töldu of stuttan tíma til stefnu. Nú eiga grunnskólar að fá lengri tíma til að undirbúa breytingar á framhaldsskólastigi. Er markmið grunnskólanna þá fyrst og fremst að búa nemendur undir nám í framhaldsskóla? Og er skólafólk almennt fylgjandi styttingu framhaldsskólans, burtséð frá tímasetningu?

Á Íslandi er börnum skylt að ganga í skóla frá 6 ára til 16 ára aldurs eða í 10 ár. Samkvæmt grunnskólalögum er hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Í lögunum er ekki kveðið sérstaklega á um það hlutverk grunnskólanna að búa nemendur undir nám í framhaldsskólum en þar sem það er hluti lífs og starfs í lýðræðisþjóðfélagi má segja að það segi sig sjálft að nokkru leyti. Með samræmdum prófum við lok grunnskólans virðist þetta hlutverk grunnskólans þó hafa vaxið heldur en hitt með því að við innritun nýrra nemenda hafa framhaldsskólar horft í vaxandi mæli á niðurstöður samræmdra prófa. Nú er það svo sem ekkert nýtt, fyrir tíma samræmdra prófa þurfti landspróf til að komast inn í suma framhaldsskóla en aðrir gerðu kröfu um gagnfræðapróf. Menntunin á bak við þessi tvö próf var að mestu sú sama, munurinn sá helstur að landspróf var tekið á einu ári en gagnfræðapróf á tveimur. Með grunnskólalögunum og samræmdum prófum að

Vissulega þarf að gæta þess að eyða þar ekki og sóa út og suður heldur gæta hagræðis og sparnaðar eftir því sem við verður komið meðan það kemur ekki niður á nemendum grunnskóla eða framhaldsskóla. Gamalt orðtak segir að frestur sé á illu bestur. Það á vonandi ekki við hér.

loknu 10 ára námi var öllum gert að vera tilbúnir til náms í framhaldsskóla á sama tíma. Að sumu leyti má því segja að það sem áður var hafi hentað ýmsum betur, það þýddi að þeir sem erfiðara áttu með bóklegt nám gátu tekið sér lengri tíma.

Á þeim tíma, fyrir rúmum þrjátíu árum, var mikil umræða um þörf þess að auka áherslu á verklegar greinar og listgreinar. Að því hefur verið unnið með ýmsum hætti þessa áratugi en árangur ekki mjög sýnilegur og enn er megináherslan á bóklegar greinar. Þetta endurspeglast vel í samræmdum prófum og við innritun í flesta framhaldsskólana. Gallinn er auðvitað m.a. sá að kennsla í þessum greinum er dýr, krefst töluverðs sérbúnaðar og er tímafrekari en kennsla í mörgum bóklegum greinum. Og nú læðist að sá óþægilegi grunur að helsti hvatinn að styttingu framhaldsskólanna sé af sama toga sprottinn, þ.e. hér sé verið að leita leiða til að spara peninga. Það er auðvitað ódýrara að hafa nemendur í 3 ár í framhaldsskóla en 4. Frá sjónarmiði nemandans blasa ekki við augljósar ástæður styttingar. Nú þegar eiga nemendur þess kost að ljúka námi á 3 árum eða jafnvel enn styttri tíma, bæði í skólum sem kenna eftir áfangakerfi og á sérstakri hraðbraut. Nemendur eiga því nú talsvert val. Aðrir geta kosið að vera lengur.

Mikið hefur verið rætt um nám við hæfi einstaklingsins. Núverandi valkostir í framhaldsskólum landsins hljóta að falla að þeim markmiðum. Það væri hinsvegar fróðlegt að vita niðurstöður úr einni stærstu skoðanakönnun sem gerð hefur verið, þegar nemendum var gert að skrifa ritgerð um styttingu framhaldsskólans á samræmdu prófi í íslensku í vor. Það er örugglega auðvelt að lesa afstöðu nemenda úr þeim ritgerðum og væri fróðlegt fyrir þjóðina og ekki síst skólafólk að fá upplýsingar þar um.

En það læðist sem sagt að sá óþægilegi grunur að helsti hvati að styttingu framhaldsskólans sé ekki endilega hagsmunir nemenda heldur miklu fremur peningar. Það virðist nefnilega allt snúast um peninga, nú sem aldrei fyrr. Ef ekki er hægt að reikna út hagnað í krónum og aurum eru hlutirnir lítils virði. Helst þarf að vera hægt að sjá þennan hagnað strax. Langtímasjónarmið eru ekki mjög vinsæl. Við viljum græða og græða hratt. Þetta viðhorf hlýtur að hafa áhrif á þróun skólastarfs. Vissulega þarf að gæta þess að eyða þar ekki og sóa út og suður heldur gæta hagræðis og sparnaðar eftir því sem við verður komið meðan það kemur ekki niður á nemendum grunnskóla eða framhaldsskóla. Gamalt orðtak segir að frestur sé á illu bestur. Það á vonandi ekki við hér. ■

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

allt

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	3.25	13.25	23.28
AKUREYRI	2.37	13.10	23.47

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er þriðjudagur 31. maí, 151. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Það er erfitt að vera góð fyrir-mynd. Maður þarf að láta fyrirmynda allt sem maður gerir!

Smáauglýsingar

byrja í dag á bls. 4

Flokkar

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR Á 995 KR.

ÞÚ GETUR PANTAÐ ÞÆR Á visir.is

visir

heilsa o.fl.

Nýr brjóstaþreifari fyrir sjálfskoðun

BLS. 4

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Björgvin Franz segist vera alveg ónýtur ef hann hreyfir sig ekki.

Mikilvægt fyrir leikara að vera í góðu formi

Björgvin Franz Gíslason leikari hreyfir sig reglulega og passar upp á heilsuna.

„Leikarar verða að vera í góðu formi. Þeir þurfa að geta dansað og hoppað og verða að hafa gott úthald. Ég hef heyrt því haldið fram að heilsan sé það mikilvægasta fyrir leikarann og held það sé mikið til í því," segir Björgvin sem gerir ýmislegt til að halda sér í formi. „Einu sinni var ég í fitness-sporti, svo fór ég í einkaþjálfun og núna er ég duglegur að lyfta í ræktinni. Við hjónin æfum saman í Sporthúsinu. Þar fer ég í tæki, lyfti og reyni að hlaupa dálítið líka. Ég er fremur þollítill og verð að hlaupa til að halda þolinu við."

Björgvin segir að hann sé bestur þegar hann er í einkaþjálfun og sú aðferð henti best til að halda sér í formi. „Ég er mjög sérhlífinn og á það til að vera of góður við sjálfan mig. Hins vegar er ég afar hlýðinn og geri allt sem einkaþjálfarinn segir mér að gera. Um tíma var ég hjá einkaþjálfaranum Magna Bernharðs, sem var rosalega góður. Keyrði mig áfram þannig að stundum var ég alveg að fara að gubba eftir tímann. Ég tek ekki eins mikið á þegar ég er bara einn en reyni þó að gera mitt besta."

Björgvin segist fara í ræktina þrisvar til fjórum sinnum í viku og viðurkennir að hann mætti fara oftar. Æfingatíminn fer reyndar að einhverju leyti eftir því hvaða verkefni eru í gangi hjá honum því sumar sýningar krefjast meira líkamlegs atgervis en aðrar. Björgvin bendir líka á að mataræðið skipti miklu máli. Það sé ekki nóg að hreyfa sig eingöngu. „Ég nota helgarnar í óhollustu og reyni að borða hollt þess á milli. Svo er líka mikilvægt að fara snemma að sofa og sofa vel. Þetta spilar allt saman."

Björgvin hefur í nógu að snúast um þessar mundir og er með eitt og annað í sigtinu. Hann leikur í Klaufum og kóngsdætrum, syngur með Doors-bandinu og er þar fyrir utan alltaf að skemmta og syngja. Þá er gott að geta skoppað um sviðið án þess að blása úr nös.

- ÞO

LIGGUR Í LOFTINU

í heilsu

Matvörur unnar úr soja draga úr hættu á krabbameini í brjóstum og og móðurlífi. Þetta hafa nýlegar rannsóknir sem gerðar voru bæði í Japan og Bandaríkjunum leitt í ljós. Það eru ísóflavonóíðin sem sojað er auðugt af sem eru varnarveggurinn. Hjá konum sem komnar voru yfir breytingaskeiðið minnkaði neysla soja ísóflavonóíða hættuna á móðurlífskrabba um 56%.

Stinningarlyfið Viagra virðist geta valdið blindu. Bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitið hefur fengið 38 tilkynningar um einhvers konar blindu frá notendum stinningarlyfsins og rannsakar málið. Vissara þykir að breyta texta umbúðanna jafnvel þótt ekki hafi verið sannað að tengsl séu á milli notkunar Viagra og blindu. Einnig hafa nokkrar tilkynningar um blindu borist vegna notkunar tveggja annarra stinningarlyfja, Cialis og Levitra. Viagra kom á markað árið 1998.

Hollur matur leiðir til betri hegðunar, einbeitingar og athygli hjá börnum. Athugun tveggja breskra samtaka leiddi þetta í ljós. Þeir nemendur sem fengu máltíðir í skólunum gerðar úr fersku óunnu hráefni og höfðu aðgang að drykkjarvatni áttu auðveldara með nám. Þeir voru rólegri og betur vakandi í tímum en hinir sem ekki nutu þessara gæða.

heilsa@frettabladid.is

Crispy Aromatic önd

Vinsælasti kínverski rétturinn á veitingahúsum um allan heim

Hálf önd með 18 pönnukökum, vorlauk, agúrku, sósu og steiktum hrísgrjónum, frábær aðalréttur fyrir 2 einnig spennandi forréttur fyrir 4-6

Fyrst setur þú sósu á pönnukökuna, síðan agúrku, önd og vorlauk þar yfir. Pönnukökunni er síðan rúllað upp og rétturinn er tilbúinn.

á mann kr. 1745 | fyrir tvo kr. 3490

Crispy Aromatic önd er eingöngu afgreidd fyrir 2 eða fleiri

Fáið öndina senda heim eða borðið á staðnum!

NINGS

www.nings.is

Stórhöfða 17
Suðurlandsbraut 6
Hlíðasmára 12

Pöntunarsími 588 9899

Hafragrautur Morgunmaturinn er mikilvægasta máltíð dagsins þar sem líkaminn nær sér í orku fyrir daginn. Hafragrautur er tilvalinn morgunmatur þar sem hann hækkar blóðsykurinn hægt, svo að orkan endist langt fram á dag, auk þess sem hann er trefja- og járnríkur.

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA SUMARYOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

Silicol Skin
vinnur gegn fílapenslum og bólum.
Bindur bakteríur og húðflögur og dregur þær til sín.
Þannig getur þú haldið húð þinni mjúkri og hreinni og komið í veg fyrir bólur.
Fæst í apótekum.

Sykurlaus jógúrt!
Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio·Bú
www.biobu.is var kosinn bestti íslenski bændaverturinn
Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Konur þurfa járn
NÝTT Í HEILSUHÚSINU!
Spatone, algerlega náttúrulegt fljótandi járn.
Spatone er litlum skammtapokum og nægir einn á dag til að fullnægja járnþörf kvenna og stúlkna.
- *Spatone hentar afar vel eldra fólki.*
- *Spatone er kjörið fyrir þá sem eru að jafna sig eftir veikindi.*
- *Spatone er laust við öll aukaefni.*
- *Spatone veldur ekki óþægilegum aukaverkunum.*
heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi

Eldra fólki er mun hættara við hermannaveiki en því yngra, einkum ef undirliggjandi sjúkdómar eru fyrir hendi.

Hermannaveikin afbrigði af lungnabólgu

Hermannaveiki hefur verið í fréttum að undanförnu eftir að Íslendingur veiktist alvarlega af henni er hann var nýkominn heim frá Róm. En hvað er hermannaveiki og hvernig smitast hún?

Hermannaveiki er ein tegund lungnabólgu. Nafngiftin er tilkomin vegna þess að hún greindist fyrst árið 1976 eftir að hátt í tvö hundruð fyrrverandi hermenn veiktust á ráðstefnu í Fíladelfíu í Bandaríkjunum. Veikin smitast hins vegar ekki milli manna heldur berst hún með úða frá menguðu vatni.

Það er bakterían Legionella sem veldur hermannaveikinni. Hún fyrirfinnst víða í náttúrulegu umhverfi en verður fyrst hættuleg þegar hún nær að fjölga sér. Kjörhitastig bakteríunnar er um 30-40˚C en hún getur fjölgað sér við lægra hitastig. Gróðrarstíur hennar geta verið í loft- og vatnskælikerfum sem notuð eru í stórum verslunarmiðstöðvum, iðnaðarhúsnæði og á hótelum og gefa frá sér úða.

Meðgöngutími hermannaveiki frá smiti og þar til einkenna verður vart, er yfirleitt 2-10 dagar. Fyrstu einkenni hennar eru slappleiki, höfuðverkur og bein- og vöðvaverkir. Síðan fylgir hrollur og hár hiti, þurr hósti og önnur einkenni frá öndunarvegi. Stundum líka niðurgangur.

Ungt fólk getur fengið bakteríuna án þess að veikjast en líka eru dæmi um bráð einkenni hjá ungu fólki. Beinverkir, hiti og höfuðverkur kemur þá fram og gengur yfir á nokkrum dögum án meðferðar.

Hinsvegar er hermannaveikin hættuleg eldra fólki sem hefur skert ónæmiskerfi, til dæmis vegna annarra lungnasjúkdóma, nýrnabilunar, reykinga eða áfengissýki.

Hermannaveiki er meðhöndluð með sýklalyfjum og í mörgum tilfellum er þörf á sjúkrahúslegu. Andlátstíðni sjúklinga með veikina er milli 5 og 30 af hundraði. Það sem af er árinu hafa fimm einstaklingar greinst með hermannaveiki á Íslandi að því er fram kemur á vef landlæknis. Þó er enginn faraldur að ganga yfir hér á landi. ■

LifeStream
Aloe Vera Gel +E-vítamin
96% hreint
Fæst í apótekum

Frá Dr. Gillian McKeith
Living Food Energy duft
fyrir súper heilsu
Living Food Energy er súperfæða sem skilar sér í bættri heilsu og meiri orku
Fæst í apótekum og heilsubúðum

SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ

Liðleiki

Fjölmörg okkar stunda einhvers konar líkamsrækt. Það sem ég held samt að flest okkar klikki á er að það er nauðsynlegt að stunda þjálfun sem okkur finnst sjálfum skemmtileg. Einnig verður þjálfunin að vera fjölbreytt og svo megum við ekki gleyma að byrja á okkar hraða, sem þýðir fyrir okkur flest að við byrjum RÓLEGA! Það getur einnig virkað mjög vel að byrja að stunda þjálfun í góðum félagsskap. Af þremur líkamlegum þáttum þjálfunar, styrkleika-, úthalds/fitubrennslu- og liðleikaþjálfunar, verður liðleikaþjálfunin oftast út undan.

Liðleikaþjálfun – teygjur
Það sem skiptir líklega mestu máli varðandi liðleikaþjálfun, sem og alla aðra þjálfun, er að okkur líði vel meðan hún er stunduð og valdi vellíðan – líka á milli æfinga!

Ávinningur liðleikaþjálfunar er meðal annars að:
1. Fá fram slökun í vöðva
2. Draga úr vöðvakrampa
3. Lengja vöðva og koma í veg fyrir styttingar
4. Hindra samgróning í vöðvum
5. Halda vöðvajafnvægi

Talið er að 80% allra bakvandamála séu tilkomin vegna ójafnvægis í vöðvum, vöðvafestingum og þess háttar. Þetta er ein af ástæðum þess að svo margir hljóta bata af því að teygja, hvort sem það er í líkamsræktarstöðinni, í jóga eða á einhvern annan hátt.

Hvernig er best að teygja?
Svar mitt er eitthvað á þessa leið: Að fara í einhverja stöðu þar sem teygir á vöðvunum, ekki bara liðamótunum, þar sem þú teygir á en EKKI meira en svo að vöðvinn geti slakað á undan teygjunni!

Öndun
Góður mælikvarði er að þú getir andað djúpt frá og að þér meðan á teygjunni stendur. Eins og Billi (Brynjúlfur Jónatansson) jógakennari og vinur minn kenndi mér að útskýra fyrir fólki, að hugsa sér að þegar maður andar að sér þá sé það eins og að hella vatni í könnu, þar sem vatnið kemur fyrst neðst í könnuna og fyllir hana síðan rólega neðan frá.

Almennt er ráðlagt að stunda teygjur með því að gera 8-10 teygjuæfingar, dreift jafnt á allan líkamann. Þá er ágætt að halda hverri teygju í lágmark 15-30 sekúndur (ég ráðlegg fólki að nota frekar tilfinningu fyrir teygjunni og áhrifum hennar á líkamann en klukkuna)

Þetta hollráð, og önnur, er að finna á vefsvæði Heilsuráðgjafar, www.heilsuradgjof.is.

Sölvi Fannar Viðarsson
Er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabil.

Heilsuvörur og matstofa
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 11–17
maður lifandi
Borgartúni 24

LYFJA
Við mælum beinþéttni
Pantaðu tíma
í Lágmúla í síma 533 2308
Smáratorgi í síma 564 5600

“Ég vil hámarks árangur!”

Öll höfum við kynnst því að vilja ná meiri árangri. Við leggjum okkur hart fram við að brenna burt líkamsfitu, styrkja líkamann og stuðla að heilbrigðu líferni. Raunin er sú að ekki gengur alltaf sem skyldi og má oftast rekja ástæður þess til rangs mataræðis. Við vitum að æskilegast er að borða margar smáar og rétt samsettar máltíðir á dag. Hátt hlutfall af uppbyggjandi próteinum, lágt innihald af sykri og fitu ásamt fjölda vítamína og steinefna ættu að einkenna þessar máltíðir. Að útbúa margar slíkar máltíðir reynist flestum erfitt og því er gjarnan gripið í óhollan skyndibita eða jafnvel sleppt úr máltíðum.
Þúsundir Íslendinga nota EAS Myoplex máltíðardrykki til að tryggja hollt og gott mataræði. Með EAS Myoplex færðu á augabragði ljúffenga máltíð sem færir þér öll þau næringarefni sem þú þarft til að brenna fitu og byggja upp vöðva. Sé EAS Myoplex notað samhliða hollu mataræði og reglulegri hreyfingu stuðlar það að hámarks árangri. Næringarinnihald EAS Myoplex er sniðið að nýjustu rannsóknum og vísindum og er mest seldi máltíðardrykkur í heimi, það er ekki eins og milljónir manna hafi rangt fyrir sér!

Meðan birgðir endast getur þú fengið 20 EAS Myoplex Diet máltíðir á einstöku tilboðsverði - aðeins kr. 3.995.- (leiðbeinandi verð er 6.680.-).

20 máltíðir fyrir grenningu og uppbyggingu

3.995.-

eða **80 máltíðir** (4 kassar) á aðeins **13.995.-** (175.- máltíðin)!!

Njóttu bragðsins, finndu muninn!

Aftur fáanlegar! Við höfum átt erfitt með að anna eftirspurn af Thermo DynamX enda hafa Íslendingar kunnað að meta öflugustu fitubrennslutöflur sem völ er á. Prófaðu strax í dag og þú finnur muninn! Verð aðeins **2.995.-** (5 vikna skammtur).

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

Opnunartímar: Virkir dagar 10-18, laugardagar 11-15. Sendum í póstkröfu.

MYND/GETTY IMAGES

Olivia Newton-John sigraðist á brjóstakrabba og hvetur nú konur til sjálfskoðunar.

Auðveldar leit að brjóstakrabbameini

Olivia Newton-John hefur þróað brjóstaþreifara sem nota á við sjálfskoðun brjósta.

Kominn er á markað brjóstaþreifari frá LivAid sem er ætlaður til þess að auðvelda konum sjálfskoðun brjósta og hvetja þær til að skoða þau reglulega en ein af hverjum sjö konum greinist með brjóstakrabbamein. Olivia Newton-John er stuðningsaðili LivAid, samtaka sem berjast gegn krabbameini um allan heim. Sjálf greindist Olivia með brjóstakrabbamein og tók það hana nokkur ár að sigrast á því. Frá því hefur hún verið verið ötull liðsmaður í baráttunni gegn brjóstakrabbameini og hvatt konur til sjálfskoðunar brjósta.

Brjóstaþreifarinn er hringlaga gelpoki sem á að leggja yfir brjóstið meðan brjóstið er þreifað. Það á að vera auðveldara að finna hnúta í brjóstunum með pokanum en ef fingurnir eru lagðir beint á brjóstið og má hugsa sér brjóstaþreifarann sem stækkunargler fyrir fingurna. Pokinn er lítill og léttur og auðvelt er að stinga honum í veski eða í náttborðsskúffuna, en honum fylgir lítill flauelspoki sem hægt er að geyma hann í. Konur þurfa þó eftir sem áður að fara í reglubundna brjóstaskoðun hjá Krabbameinsfélaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Brjóstaþreifarinn Liv virkar eins og stækkunargler fyrir fingurna.

Liv-brjóstaþreifarinn fæst í versluninni Maður lifandi og á vefsíðunni www.goodforhealth.com má sjá myndskeið þar sem sýnt er hvernig nota á brjóstaþreifarann við sjálfskoðun.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Lilju, Telmu og Daníel þykir gaman að koma í Nauthólsvík.

Heilsurækt í Nauthólsvík

Sumarið er komið með sól í heiði og því um að gera að drífa sig út og njóta þess að rækta heilsuna utandyra – til dæmis í Nauthólsvík.

Nauthólsvíkin er skemmtilegur staður til útivistar og á góðviðrisdögum er þar margt um manninn. Ylströndin dregur til sín fjölda fólks og á göngustígunum má sjá gangandi, skokkandi og hjólandi vegfarendur. Frá Nauthólsvík liggja leiðir til allra átta. Hægt er að fá sér góðan göngutúr upp í Öskjuhlíð, rölta meðfram ströndinni eða skokka alla leið út í Gróttu eða upp í Elliðaárdal. Nauthólsvíkin er því góður upphafspunktur fyrir hvers konar heilsurækt.

Systkinin Hrafnhildur og Sverrir fara eins oft og þau geta á línuskauta.

Hjólaferð eftir ströndinni

Jón Þorvarðarson, rithöfundur og kennari, stundar hjólreiðar af kappi. „Ég hjóla oft hér í kringum Nauthólsvíkina og Ægisíðuna og fer líka oft rúnt upp í Grafarvog. Ég á heima uppi í Gerðum og það er mjög passlegur hringur að hjóla út á Ægisíðuna og til baka. Þetta er svona klukkustundar hjólatúr," segir Jón.

Jón er mikill hjólagarpur og hefur verið það lengi. Hann lætur stígana í borginni ekki duga sér og hefur haldið út fyrir landsteinana með hjólið í farteskinu. „Um páskana í fyrra fór ég til Sikileyjar og hjólaði í kringum Etnu. Þetta var mjög skemmtileg ferð en dálítið erfið líka því við hjóluðum allt upp í 1.200 metra hæð."

Jón er ánægður með að geta hjólað út um allt á stígum borgarinnar og notar hjólreiðar sem sína líkamsrækt. „Ég sit á rassinum í vinnunni og verð þess vegna að hreyfa mig eitthvað til að halda mér í formi. Hjólreiðarnar eru fínar til þess."

Línuskautalíkamsrækt

Systkinin Hrafnhildur og Sverrir Sveinn Sigurðarbörn þeysa framhjá Nauthólsvíkinni á línuskautum oft í viku. Hrafnhildur segist fara eins oft á línuskauta og hún getur og hefur stundað þetta sport síðustu sjö ár. Sverrir hefur ekki eins langa reynslu og segist nota línuskautana með annarri líkamsrækt. Þau systkinin segjast alltaf skauta á þessum slóðum og eiga því iðulega leið framhjá Nauthólsvíkinni.

Sigrún og Einar Gunnar fara í göngutúr á hverjum degi.

„Þetta er frábær braut og maður kemst út um allt," segir Sverrir. „Ég get labbað út heima hjá mér, farið beint út á stíginn og skautað kringum allt Seltjarnarnesið og alla leið hingað.

Sverrir og Hrafnhildur segja að línuskautar séu góð líkamsrækt og frábær útivist. „Þetta reynir mest á fætur og bak og er mjög góð hreyfing," segir Hrafnhildur en bendir á að áreynsla á handleggsvöðva sé ekki mjög mikil. „Ætli það eigi ekki einhver Ameríkani eftir að finnna upp svona línuskautastafgöngu svo maður nái að þjálfa handleggina líka," segir hún og hlær.

Gangan er sálarfóður

Hjónin Sigrún Hjaltested og Einar Gunnar Ásgeirsson fara í göngutúr á hverjum degi. Stundum keyra þau í Nauthólsvíkina og ganga þaðan en annars er misjafnt hvert þau fara. Þau eru ánægð með göngustígana innan borgarinnar og finnst gott að geta komist í góða göngutúra. „Maður getur gengið út um allt án þess að þurfa að fara yfir götu. Það er alveg yndislegt," segir Sigrún.

Þau hjónin segja að göngutúrar séu góð heilsurækt og Sigrún bendir á að það sé svo nærandi að vera úti. Einar Gunnar vill ekki gera eins mikið úr hreyfingunni en viðurkennir að útiveran sé góð og það sé góð heilsubót að ganga úti. „Ég var áður í golfi en get það ekki lengur þannig að göngutúrarnir koma í staðinn," segir Einar.

Gaman að leika í Nauthólsvík

Lilja Jónsdóttir buslar í Nauthólsvíkinni ásamt syni sínum Daníel Leví Bragasyni og frænku þeirra Telmu Rut Sæþórsdóttur. Hún segir að þau komi oft þangað og séu ánægð með svæðið. „Þetta er nú meiri útivera en hreyfing," segir Lilja og bendir á að það sé gaman að gera eitthvað saman og fá í leiðinni ferskt loft. Það sé heilsurækt út af fyrir sig.

„Við komum oft hingað í fyrrasumar og Daníel talar mikið um að fá að fara á ylströndina þannig að við reynum að skreppa hingað þegar við getum."

Daníel gefur sér lítinn tíma til að tala við blaðamann enda mun meira spennandi að leika sér í sandinum og skoða steinana. Hann segist stundum fá að fara í sund í Nauthólsvíkinni en núna er hann bara að leika sér í fjörunni. Aðspurður segir hann að honum þyki skemmtilegast að moka sand með skóflu. Það er líka ágætist líkamsrækt.

Jón Þorvarðarson hjólar til að halda sér í formi.

thorgunnur@frettabladid.is

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI

Veldu það besta!

SOFÐU VEL Í SUMAR

EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

- GÆÐI
- GÓÐ VERÐ
- ÞJÓNUSTA
- ÚRVAL
- ÞEKKING



Svefn & heilsa

Verið velkomin

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

Sund er góð hreyfing sem styrkir hjartað og lungun.

Lítil hreyfing betri en engin

Flestir sitja við vinnuna og þurfa því að hreyfa sig utan hennar.

Lífnaðarhættir nútímafólks hafa leitt til þess að við hreyfum okkur ekki nóg. Vinna sem krefst líkamlegrar hreyfingar er mun minni en áður og flestir sitja við vinnuna sína allan daginn. Regluleg hreyfing er okkur nauðsynleg og þá sérstaklega hreyfing sem fær hjartað til að slá hraðar, eins og sund, rösk ganga, hlaup eða sipp. Við þessa tegund hreyfingar notar líkaminn súrefni til að framleiða þá orku til þarf fyrir hreyfinguna. Þolfimi af þessu tagi styrkir hjartað og lungun ef hún er stunduð við hæfilegt álag í það minnsta 30 mínútur nokkrum sinnum í viku. Hins vegar er engin þörf á að æfa eins og maraþonhlaupari til að koma sér í gott form. Hvaða hreyfing sem er, jafnvel þó hún sé aðeins í nokkrar mínútur á dag, er betri en engin hreyfing. Málið er að koma sér af stað og byrja og er ein ágæt leið til þess að ganga í 10-15 mínútur í hádeginu.

Kex myndi trúlega seint flokkast undir hollustu en Bretar eru orðnir ruglaðir af misvísandi hollustuupplýsingum.

Neytendur ruglaðir í hollustunni

Trúa ekki lengur upplýsingum um hollustu eða óhollustu matvæla.

Misvísandi skilaboð misviturra sérfræðinga um hvað sé hollt og hvað ekki fara í taugarnar á breskum neytendum, sem segjast hættir að hlusta á ráðleggingar sérfræðinganna. Fyrirtækið Mintel, sem gerði könnunina, segir að breskir neytendur séu hættir að trúa heilsuráðgjöfum þar sem uppýsingarnar breytist frá degi til dags og engin leið sé að henda reiður á þeim.

Tveir þriðju þátttakenda töldu sig ekki geta treyst ráðum fræðinganna og annar eins fjöldi sagðist heldur ekki treysta upplýsingum á pakkningum matvæla.

Þá kom einnig fram í könnuninni að til er orðin ný tegund neytenda, sem öfugt við hina trúa öllu sem þeir heyra og lesa um hollustu og grandskoða allan mat, logandi hræddir um að eitthvað verði þeim að fjörtjóni.

James McCoy, markaðsfulltrúi Mintel, sagði greinilegt að fjöldi fullorðinna einstaklinga þjáðist nú af „krónísku yfirflæði“ af hollustuupplýsingum.

„Heilbrigðisyfirvöld og seljendur matvæla verða að finna nýjar leiðir til að ná til neytenda. Ástandið núna veldur því bara að fólk verður ráðvillt og gefst upp,“ segir McCoy.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Brynjólfur Björnsson segir að það sé ekkert erfiðara að synda skriðsund en bringusund.

Virkar vel gegn vöðvabólgu

Námskeið fyrir fullorðna í skriðsundi eru afar vinsæl enda margir sem telja sig ekki kunna skriðsundið nægilega vel.

„Mörgum þeim sem ekki mega synda bringusund er ráðlagt að synda skriðsund í staðinn, þar sem bringusundið reynir mikið á hnjáliði og neðri hluta baksins,“ segir Brynjólfur Björnsson leiðbeinandi, sem kennir fullorðnum á öllum aldri skriðsund. „Skriðsund styrkir bakið án þess að reyna of mikið á það auk þess sem það er mýkra fyrir hnjá- og mjaðmarliði,“ segir Brynjólfur. Hann bætir við að skriðsundið sé mjög gott gegn vöðvabólgu, en allt of margir sem séu með vöðvabólgu syndi bringusund.

„Í upphafi getur skriðsund verið erfiðara en bringusund en þegar maður hefur náð góðum tökum á því er hægt að synda endalaust. Lykilatriðið er að ná að slaka á og hafa rétta öndun eða of mikil fótatök, sem þreyta mann fljótt.

Brynjólfur var sjálfur mikill sundkappi á árum áður og átti hann Íslandsmetið í 1.500 metra skriðsundi árið 1979, en segist ekki synda mikið nú í seinni tíð. „Ég er bara á bakkanum og leiðbeini fólki þaðan og gengur það mjög vel. Í þau tíu skipti sem ég hitti nemendurnar ná þeir góðum tökum á skriðsundi og ættu að komast vel af stað.

Þeim sem gengur vel kenni ég jafnvel að synda eftir klukku, en það er voðalega gott að kunna að synda eftir henni,“ segir Brynjólfur.

Síðasta námskeið Brynjólfs fyrir sumarið hefst 6. júní en þau hefjast aftur með haustinu. „Aldursdreifingin er mikil, en ég hef haft nemendur vel undir tvítugu og langt yfir sjötugt,“ segir Brynjólfur.

Frekari upplýsingar um námskeiðið er hægt að fá hjá Brynjólfi í síma 699 2998.

kristineva@frettabladid.is

Heilbrigðisstarfsfólk getur veitt upplýsingar og aðstoð í baráttunni við tóbakið.

Reyklaus dagur í dag

Alþjóða reyklausi dagurinn er haldinn í dag og tilvalið að nota daginn vel og slökkva í síðustu rettunni.

Alþjóða reyklausi dagurinn er haldinn árlega og ákveður Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (WHO) hvert þema dagsins er hverju sinni. Í ár er þemað heilbrigðisstarfsmenn og tóbaksvarnir og ætlunin er að vekja heilbrigðisstarfsmenn til umhugsunar um hlutverk sitt og tækifæri í tóbaksvörnum. Jafnframt er athygli almennings vakin á því að heilbrigðisstarfsmenn geta veitt aðstoð og stuðning í baráttunni við reykingarnar.

Í tilefni dagsins verður ýmislegt um að vera. Í Kringlunni og Smáralind veita hjúkrunarfræðingar og ljósmæður vegfarendum upplýsingar og aðstoð við að hætta tóbaksnotkun. Símaþjónustan „Ráðgjöf í reykbindindi“, sími 800 6030, verður opin frá 10 til 22 og þangað getur fólk hringt og fengið aðstoð hjá sérþjálfuðum hjúkrunarfræðingum. Einhverjar heilbrigðisstofnanir og heilsugæslustöðvar verða með sérstaka dagskrá í tilefni dagsins og Læknafélag Íslands, með stuðningi frá Lýðheilsustöð og Landlæknisembættinu, gefur út bækling fyrir lækna um viðtalsmeðferð fyrir fólk sem reykir. Þá verður einnig haldin uppskeruhátíð í myndasamkeppni um tóbaksvarnir að Ásvöllum í Hafnarfirði milli klukkan 15 og 17.

Hóstað í leikhúsi

Áður en haldið er á tónleika eða í leikhús er gott að róa hálsinn.

Hóstakast á tónleikum eða í leikhúsinu er óskemmtileg reynsla og verst er þegar maður þarf að halda niðri í sér hóstanum. Óttinn við að hóstakast byrji stressar mann upp og maður stífnar, sem gerir bara illt verra. Af tillitssemi við sjálfan sig og aðra er skynsamlegt að gera ráðstafanir áður en farið er í kvikmyndahús, leikhús eða á tónleika sé maður með mikinn hósta. Hægt er að fá sér vænan sopa af hóstamixtúru sem róar hálsinn rétt áður en sýningin hefst. Einnig er ráð að hafa með sér hálsbrjóstsykur sem hægt er að sjúga á meðan en forðast kalda drykki og poppkorn sem erta hálsinn og koma hóstanum af stað.

„Hægt er að fá sér kamillute sem róar taugarnar í hálsinum sem stjórnast af ósjálfráða taugakerfinu. Auk þess má taka regnálm og setja í heitt vatn, en þá þykknar það og verður slímkennt. Það róar slímhúðina og er sérstaklega gott þegar hóstinn er þurr," segir Kolbrún Björnsdóttir, grasalæknir í Jurtaapótekinu. Með smá fyrirhyggju er hægt að eiga ánægjulega stund á tónleikum jafnvel þótt kvef og hósti hrjái gestinn. ■

Erfitt getur verið að ráða við hóstann.

Hvers vegna notar þú Rautt Eðal Ginseng?

Kogga, listakona:
Það eykur einbeitingu og sköpun.

Sigurbjörn, hestamaður:
Til að ná árangri og svo er það líka hollt.

Sjöf Har., myndlistarmaður:
Það eykur hugmyndaflugið.

Mr. Lee, túlkur:
Til þess að brosa breitt.

Teitur Örlygsson Körfuknattleiksmaður:
Því að ég er einbeittari í öllu sem ég tek mér fyrir hendur auk þess er úthaldið betra.

Rautt Eðal Ginseng
Skerpir athygli og eykur þol

Flottar tær í sandalana

Ef neglur eru til vandræða er hægt að steypa nýjar neglur yfir, hvort sem er á tám eða fingrum.

Fátt er fúlla á fallegum sumardegi en að vera með svo illa snyrtar eða ljótar tær að sandalar og opnir skór séu ekki inni í myndinni. Inngrónar neglur eru miklu algengari en fólk heldur og margar konur láta sig aldrei dreyma um að ganga í opnum skóm vegna þessa. Nú er hinsvegar engin ástæða til að vera í felum lengur því á naglasnyrtistofum er hægt að gera kraftaverk á tám.

Rósa Björk Hauksdóttir, naglafræðingur hjá Nöglum og list á Grenásvegi 12a, segir að það sé nánast ekkert sem þær geti ekki lagað. „Við getum í næstum öllum tilfellum lagfært og steypt nýjar neglur nema ef engin nögl er fyrir. Það er nóg að nöglin sé agnarsmá og þá getum við steypt nýja yfir.“

Rósa segir að margar konur hafi áhyggjur af tánöglunum og margar komi reglulega þótt ekkert sérstakt sé að. „Þær koma svona á fjögurra til sex vikna fresti ef þær eru bara að halda sér við, en annars geta þær þurft að koma oftar. En þetta er ekki bara mikilvægt af því það er fallegra heldur líður fólki svo miklu betur með vel snyrta fætur. Það eru líka dæmi um að inngrónar neglur hafi vaxið eðlilega fram undir ásteyptu nöglinni og eina konu fékk ég til mín sem var búin að vera með klofna nögl í mörg ár, en hún lagaðist alveg.“

Rósa veit hvað hún syngur þegar neglur eru annars vegar því hún er Íslandsmeistari í naglaásetningu og í 11. sæti á heimslista. Á stofunni hjá henni vinna fjórir naglafræðingar og einn fótsnyrtifræðingur. Rósa er sjálf förðunarfræðingur að auki og kennir naglaásetningu auk þess sem hún býður upp á tattóveringar á augu, augabrúnir og varir og rekur heildverslun með snyrtivörur.

Rósa Björk Hauksdóttir fer létt með að laga neglur, hvort sem er á tám eða fingrum.

Inngrónar neglur eru hrikalega ljótar, en þarna er búið að steypa nýja nögl yfir aðra ónýtu nöglina og munurinn er ótrúlegur.

„Jú, það er heilmikið að gera,“ segir hún hlæjandi. „Ekki síst í tánöglunum nú þegar sumarið er í uppsiglinu og alls staðar til flottir opnir skór og sandalar.“

Sólin er ekki besti vinur barnanna

Slæmur bruni á unga aldri eykur líkur á húðkrabbameini og því er mikilvægt að hafa sólarvörnina á lofti.

Nú er sólin farin að skína og því tímabært að taka fram sólarvörnina og bera vel á litla kroppa.

Þótt við Íslendingar fáum ekki mikið af sólinni er hættan á húðkrabbameini síst minni hér en á suðlægari slóðum. Ósonlagið er tiltölulega þunnt yfir norðurhveli jarðar og útfjólublár geislar sólarinnar ná auðveldlega að vinna mikinn skaða þótt hitinn fari ekki upp í margar gráður. Það er algengt að krakkar sólbrenni illa á vorin því sólin er sterk þótt það sé kalt úti. Vorið er því tiltölulega hættulegur tími í sólinni og nauðsynlegt að fylgjast vel með húð barnanna.

Það er gríðarlega mikilvægt að verja húðina vel fyrir sólinni því þó að húðin jafni sig snemma á sólbruna getur bruninn haft varanleg áhrif á húðina. Börn eru sérstaklega viðkvæm fyrir geislum sólarinnar og því er mikilvægt að passa vel að þau sólbrenni ekki. Húð barna er þynnri og viðkvæmari en húð fullorðinna og sólbruni á unga aldri getur skemmt litafrumur í húðinni og leitt til húðkrabbameins síðar á ævinni. Einn slæmur bruni er allt sem þarf og að mati sérfræðinga tvöfaldast líkur á húðkrabbameini ef barn brennur illa snemma á ævinni.

Það er gríðarlega mikilvægt að verja húðina fyrir sól, ekki síst þegar börn eiga í hlut.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðlaugur Þór fer stundum út að hlaupa en það er eitt af mörgu sem hann gerir til að halda sér í formi.

Hristir af sér vetrarforðann

Guðlaugur Þór Þórðarson leggur mikið upp úr hreyfingu og finnst fjölbreytni mikilvæg.

„Fyrir mig eins og flesta er alger nauðsyn að hreyfa sig, annars kemur það í bakið á manni," segir Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður og segist vera nokkuð meðvitaður um að hreyfa sig en kannski ekki alltaf nógu duglegur. „Eina leiðin til að gera þetta af einhverju viti er að æfa reglulega í líkamsræktarstöð, en það hef ég gert lengi," segir Guðlaugur Þór.

Auk þess að sækja líkamsræktarstöðina spilar hann fótbolta og körfubolta, hjólar með fjölskyldunni, fer á skíði á veturna og út að hlaupa. Hann hefur líka vanið sig á að hlaupa alltaf upp stiga í stað þess að taka lyftu, en lykilatriðið segir hann að hafa fjölbreytni í hreyfingunni til að koma í veg fyrir stöðnun. „Stundum eru stigarnir eina hreyfingin sem ég fæ, sérstaklega þegar mikið er að gera og erfitt að komast frá. Starfið mitt er bara þess eðlis að maður veit aldrei hvenær stund gefst," segir Guðlaugur Þór, en vinnan getur tekið mikið af hans tíma og segir hann það hafa orðið til þess að allir fótboltahópar sem hann spilar með hafa gefist upp á honum. „Já, það gefast allir upp á mér því ég mæti svo illa," segir Guðlaugur Þór og skellihlær. Nú þegar komið er að sumarfríi segist hann ætla að nota það til að hreyfa sig aðeins. „Ég er búinn að safna á mig smá vetrarforða sem ég þarf að losna við, svo mér verði ekki of heitt í sumar," segir Guðlaugur Þór og skellir upp úr. „Konan er nýbúin að skoða gamlar myndir og heimtar að ég fari í átak," segir Guðlaugur Þór kíminn og tilkynnir með stolti að hann ætli að læra tennis í sumar og hann hafi verið úti að hlaupa nú síðast í morgun. „Ég er nú kannski enginn brjálaður hlaupagarpur, en mér líður voða vel á eftir," segir Guðlaugur Þór.

kristineva@frettabladid.is

Dansnámskeið hjá JSB í allt sumar
Drífðu þig!
Fyrir stelpur og stráka!
Innritun er hafin! í síma 5813730
Freestyle 10-12-13-15 Flottir dansar við heitustu lögin.
Danspúl! 16+ Geggjaðir og sveittir danstímar fyrir 16 ára og eldri.
Nánar um námskeiðin á www.jsb.is, kíktu.
Langar þig í Jazzballettskóla Báru næsta vetur?
Innritun nýnema fyrir skólaárið 2005-2006 stendur yfir til 15.ágúst.
DANSRÆKT JSB Jazzballett
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

ROPE YOGA
stöðin Bæjarhrauni 22
Frábært sumartilboð kr. 7.900
ótakmörkuð mæting í júní.
Kennari Guðbjörg Ósk Friðriksdóttir. Skráning er hafin í síma 555-3536 eða 695-0089 ropeyoga@internet.is
Bæjarhraun 22 / 220 Hafnarfjörður / 3. hæð til vinstri

Byggbuff - Rauðrófubuff
Byggsalat Tabúle
-lífrænn skyndibiti
Einu íslensku réttirnir úr 100% lífrænt ræktuðu hráefni
Ræktað og framleitt hjá Móður Jörð í Vallanesi á Héraði
móðir JÖRÐ
P & Ó www.internet.is/po

salatbarinn
Salatbarinn Faxafeni 9 • Sími 588 0222 • www.salatbarinn.is
50 rétta hlaðborð
heitir og kaldir réttir
súpa og salat
nýbakað brauð
gosdrykkir / kaffi
EITT VERÐ Í HÁDEGINU Kr. 1.250,-
hauverk / sía

umhyggja unicef
Gefðu öllum börnum sumargjöf
©CAOZ Ltd 2005

Ingvi Hrafn Jónsson útvarpsmaður

Vaknar þú oft á nóttunni?

„Ég hefði ekki trúað að ein lítil SagaPro tafla úr ætihvönn fyrir svefn myndi breyta svo gersamlega lífi mínu úr 4 til 5 salernisferðum á hverri nóttu í eina eða enga. Ég óska öllum fullorðnum karlmönnum til hamingju með SagaPro og ekki síður eiginkonum þeirra".

Naglafræðingar. óskast til naglaásetninga á Professionails naglastofur. Umsóknir sendist á info@professionails.is

Afleysingar síðdegis
Vantar fólk til ræstinga síðdegis, alla virka daga. Reynsla æskileg, en ekki skilyrði.
Upplýsingar á www.hreint.is eða hjá Hreint ehf, s. 554-6088.

Sumarafleysingar
Óskum eftir fólki til sumarafleysinga í júní, júlí og ágúst í allar tegundir ræstinga. Reynsla æskileg, en ekki skilyrði.
Upplýsingar á www.hreint.is eða hjá Hreint ehf, s. 555 6088.

Framtíðarstarf og sumarafleysingar
AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum í lagerstörf.Um er að ræða framtíðarstörf og einnig í sumarafleysingar.Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnuaðstöðu og mötuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.
Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík. Einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is

Aðstoð í smurbrauð og veisluþjónustu Jóa Fel.
Vegna mikilla anna vantar okkur vana smurbrauðs-manneskju í hlutastarf (einnig helgar) í smurbrauðs og veisluþjónustu okkar. Aðeins kemur til greina manneskja eldri en 25 ára og með reynslu af ofangreindu.
Áhugasamir hafið samband við Lindu Rós matreiðslumann Hjá Jóa Fel 863 7579 eða Jóa Fel á joifel@joifel.is, sem allra fyrst.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

AU-PAIR Í HELSINKI
Fjölskylda með 3 börn sem býr í Helsinki Finnlandi er að leita af Íslenskri AU-PAIR frá ágúst 2005. Ef þú hefur áhuga hafðu samband með tölvupósti í netföngin: p_storgard@hotmail.com johan.storgard@svenskateatern.fi

Sólpallar ehf. óska eftir röskum smið eða aðstoðarmanni sem fyrst. Áhugasamir sendi tölvupóst á solpallar@solpallar.is

Starfsmaður óskast í hlutastarf á Stjörnutorgi í Kringlunni. Nánari upplýsingar í síma 663 5165. Æskilegur aldur 18-50 ára.

Starfsmaður óskast í afgreiðslu í efnalaug. Um er að ræða 3-4 tíma á dag, verður að geta byrjað strax. Upplýsingar í síma 561 1216 og 896 8171 e. kl 18.

Vantar duglegt fólk í fjölbreytt starf á veitingahúsið Culiachan Faxafeni 9, umsóknir á staðnum, 17 ára og eldri.

Nasa - Nasa
Það er mikið framundan á Nasa, okkur vantar starfsfólk á bar og dyraverði. Einnig starfsfólk á daginn við veitingasölu. Uppl. á Nasa við Austurvöll frá kl. 13-16 þessa vikuna.

Óska eftir reglusömum og barngóðum baðverði í karlaklefa, vaktavinna. Uppl. í s. 822 0333.

Vantar duglegt starfsfólk til afgreiðslustarfa í bakarí í Grafarholti. Vaktar-og helgarvinna. Lágmarksaldur 25 ára. Upplýsingar gefur Brynhildur í síma 660 1789.

Aukavinna-uppgrip
Okkur vantar duglegt símasölufólk á öllum aldri 2-3 kvöld í viku. Uppl. í s. 511 4501 Ístal ehf.

Pizzan í Garðabæ auglýsir lausa stöðu bílstjóra í fullt starf til framtíðar. Upplýsingar í síma 660-3810 Guðmundur

Matvælafyrirtæki í Hafnarfirði Leitar að kraftmiklum og jákvæðum starfsmanni í framleiðslustörf. Framtíðarvinna hjá vaxandi fyrirtæki. Æskilegur aldur 25 ára eða eldri. Vinnutími mán-fim: 8.00-18.00 (frí á föstudögum). Laun skv. samkomulagi. Uppl. í síma 825 2048.

Hagkaup Skeifunni
óskar eftir að ráða öryggisvörð til starfa. Starfið felst í staðbundinni öryggisgæslu og almennu rýrnunareftirliti í verslunum Hagkaupa. Hagkaup leggur mikinn metnað í öryggismál í verslunum sínum og fá öryggisverðir Hagkaupa víðtæka þjálfun til að geta sinnt starfi sínu sem best. Við leitum að einstaklingi sem er líkamlega hraustur, heiðarlegur, með hreint sakavottorð, metnaðargjarn og útsjónasamur. Umsækjendur yngri en 20 ára koma ekki til greina.Áhugasömum er bent á að hafa samband við Jón Karlsson verslunarstjóra í síma 563-5000, auk þess sem hægt er að sækja um á www.hagkaup.is eða á staðnum.

Óska eftir heimilishjálp. Upplýsingar í síma 847 2200.

Fiskvinnsla
Óska eftir vönu fólki í fiskvinnslu í snyrtingu og pökkun. Reglusemi og stundvísi skilyrði. Uppl. í s. 698 7120 eftir kl. 15.

A. Hansen óskar eftir aðstoðarmanni/konu í eldhús. Þarf að hafa áhuga á matreiðslu. Upplýsingar í síma 565 1130.

Hagkaup Smáralind
Óskar eftir að ráða öryggisverði til starfa til afleysinga í sumar. Starfið felst í staðbundinni öryggisgæslu og almennu rýrnunareftirliti í verslunum Hagkaupa. Hagkaup leggur mikinn metnað í öryggismál í verslunum sínum og fá öryggisverðir Hagkaupa víðtæka þjálfun til að geta sinnt starfi sínu sem best. Við leitum að einstaklingi sem er líkamlega hraustur, heiðarlegur, með hreint sakavottorð, metnaðargjarn og útsjónasamur. Umsækjendur yngri en 25 ára koma ekki til greina.Áhugasömum er bent á að hafa samband við Benedikt starfsmann öryggisdeildar í síma 693-5545, auk þess sem hægt er að sækja um á www.hagkaup.is eða á staðnum. Umsóknafrestur rennur úr 2. júní nk.

Bílstjóri með ADR réttindi.
Atlantsolía leitar eftir meiraprófsbílstjóra með ADR réttindi. Við leitum að kröftugum bílstjóra sem er reiðubúinn að taka þátt í uppbyggingu á fyrirtæki í miklum vexti. Starfið felst í áfyllingu á bensínstöðvar fyrirtækisins, dreifingu olíu til verktaka, bænda og sjávarútvegs. Atlantsolía rekur nú fjórar bensínstöðvar auk þess sem áætlað er að byggja þrjár til viðbótar á þessu ári. Hjá fyrirtækinu starfa 11 manns. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Baldursson í síma 825-3110. Um framtíðarstarf er að ræða.

Atvinna óskast

21 árs stelpa óskar eftir vinnu, helst frá 9- 17. Flest kemur til greina. Uppl. í s. 663 6303.

Viðskiptatækifæri

Hefurðu hugleitt að stunda eigin viðskipti? Skoðaðu www.orvandi.is/upplysingar.htm

Ljósvirki ehf.

Óskar eftir að ráða í eftirtalin störf:

1. Jarðvinnudeild

Menn með vinnuvélaréttindi og meiraþróf.
Vönum jarðvinnumönnum. Vinnuvélapróf og meiraþróf æskilegt. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

2. Plægingar.

Menn með vinnuvélaréttindi og meiraþróf.
Þarf að vera tilbúinn til að vinna jafnt hér á höfuðborgarsvæðinu sem úti á landi. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar um störfin gefur í síma 595-1500.

FASTEIGNIR

Hæðargarður 29 Þjónustuíbúð fyrir aldraða

Stærð eignar: 77,5 fm
Fjöldi herb.: 3
Byggingarár: 1993
Brunab.mat: 10,7 millj.
Verð: 23,9 millj.

Guðbergur Guðbergsson
gsm 893 6001
beggi@remax.is

OPIÐ HÚS í dag milli kl 18:30-19:30
3ja herb. Þjónustuíbúð fyrir eldra borgara á frábærum stað. Holið er með fataskáp, svefnherb. með stórum fataskáp, auka herb, eldhús með nýlegri innréttingu og góðum borðkrók. Stofan er rúmgóð með útgengi á suður svalir. Baðherb. með sturtu og flísar á veggjum. Parket á íbúðinni, utan baðherb og geymslu. Geymsla í íbúðinni ca.4fm. Björt og falleg íbúð.

RE/MAX Kópavogur
Birgir Birgisson lögg. fasteignasali, hdl.

Furugrund 48 200 Kópavogi

Heimilisfang: Furugrund 48
Stærð eignar: 89,8 fm
Fjöldi herb.: 4
Byggingarár: 1974
Brunab.mat: 12,7 millj.
Verð: 17.9 millj.

Guðbergur Guðbergsson
gsm 893 6001
beggi@remax.is

OPIÐ HÚS í dag kl. 17:00 - 18:00 Hol með fataskáp, eldhús m / viðarinnréttingu og flísalagt milli skápa. Baðherb. flísalagt í hólf og gólf m/sturtuklefa og innréttingu. Stofan rúmgóð.Tvö herb. annað m/fataskáp Aukaherb.í kjallara m/aðgang að wc.

RE/MAX Kópavogur
Birgir Birgisson lögg. fasteignasali, hdl.

Þingholtin - Glæsieign

Vorum að fá í sölu eitt glæsilegasta einbýlishúsið í þingholtunum. Húsið er um 450 fm að stærð. Allt uppgert á sérlega vandaðan hátt.

Glæsilegur garður, panorama útsýni frá efstu hæð til suðurs. Eign í sérflokki.

Allar nánari upplýsingar veitir Bárður Tryggvason, sölustjóri hjá Valhöll fasteignasölu í síma 846 5221 eða á skrifstofu.

588-4477
Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

Sýslumaðurinn á Húsavík

UPPBOÐ

Eftirtaldar bifreiðir verða boðnar upp að við lögreglustöðina á Húsavík, miðvikudaginn 8. júní 2005 kl. 14:00:

A224 AY-416 ML-246

Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Húsavík, 30. maí 2005.

Sýslumaðurinn á Húsavík

UPPBOÐ

Eftirtaldar bifreiðir verða boðnar upp að við hreppsskrifstofuna á Kópaskeri, fimmtudaginn 9. júní 2005 kl. 09:30.

OO-490 PV-668

Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Húsavík, 30. maí 2005.

Sýslumaðurinn á Húsavík

UPPBOÐ

Eftirtaldar bifreiðir verða boðnar upp að við lögreglustöðina á Þórshöfn, fimmtudaginn 9. júní 2005 kl. 14.00:

ZV-224

Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Húsavík, 30. maí 2005.

VÉLRÁS
Bifreiða- og vélaverkstæði

Óskum eftir vönum mönnum til viðgerða á þungavinnuvélum og vörumbílum. Einnig vantar járnsmiði.

Mikil vinna framundan.
Upplýsingar í síma **555-6670**

Vélrás
Bifreiða- og vélaverkstæði

Óskum eftir vönum mönnum til viðgerða á glussakerfum og vinnuvélarafmagni.

Vélrás er þjónustuaðili fyrir:
New Holland – OK – HAMM vinnuvélum.
Sími 555-6670

Skólagarðar Reykjavíkur

Skólagarðarnir hafa það að markmiði að kenna börnum umgengni við gróður og ræktun. Hverjum einstaklingi er úthlutað garði og fræi, útsæði og grænmetisplöntum til ræktunar. Með börnunum starfa leiðbeinendur við ræktunina. Auk garðyrkjustarfa er farið í leiki og ferðir t.d í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, bíó o.fl. Haldnar eru sumarhátíðir í hverjum garði með grilli og ýmsum skemmtunum. Í lokin eru afhentar viðurkenningar fyrir sumarstarfið. Starfsemin byrjar 6. júní og lýkur um 19. ágúst.

Innritunarstaður: Í hverjum garði fyrir sig.
Opnunartími: 8.00 – 12.00 og 13.00 – 16.00.
Innritun 8-12 ára barna: 1. – 3. júní.
Innritun aldraðra: 3. júní.
Verð: 2.500,- (ath. tökum ekki greiðslukort)

Staðsetning Skólagarða:

Þorragötu í Skerjafirði	693-2443
Við Holtaveg í Laugardal	693-2442
Fossvogi við Bjarmaland	693-2329
Árbæ vestan Árbæjarsafns	693-2309
Dalbær við Stekkjarbakka	693-2308
Við Jaðarsel	693-2449
Kotmýri við Logafold	693-2447
Gorvík við Strandveg	693-2448
Verkstjóri	693-2323

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar – Garðyrkjudeild
Heimilisfang: Skúlagötu 19
Póstnúmer: 101, Reykjavík
Sími: 563-2700
Netfang: *skolagardar@rvk.is*

Talstöðin
FM 90,9

MORGUNÚTVARPIÐ
Í UMSJÓN SIGURJÓNS M. EGILSSONAR OG GUNNHILDAR ÖRNU GUNNARSDÓTTUR
Alla virka daga kl. 7.

EIGNALISTINN
fasteignasala

Félag Fasteignasala

www.eigna.is

Kringlunni 4 - 6 Norðurturni, 10. hæð • 103 Reykjavík • Sími 530 4600 • Fax 530 4609 • eigna@eigna.is

Sigurður Örn Sigurðarsson löggiltur fasteignasali

EINBÝLI

BLEIKJUKVÍSL / ÁRBÆR:
Stórt og reisulegt einbýlishús á góðum útsýnisstað. U.þ.b. 80 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi, nýl. endurinnréttuð, parket á gólfum. 65 fm bílskúr. Sérsmiðaðar innréttingar á efri hæð, arinn í stofu, góður sólpallur, baðherbergin eru flísalögð í hólf og gólf. **Glæsileg eign sem vert er að skoða nánar. V 55 millj.**

101 REYKJAVÍK

Miðbær - Brávallagata
Góð 3ja herbergja miðhæð í velviðhöldnu húsi. Mikið endurnýað í íbúðinni t.d rafmagn, eldhús ofl. Góð herbergi, rúmgóð geymsla í kjallara. Góðar suð-vestur svalir. Laus
1. sept.05 V: 18,9 millj.

ÁRBÆR

HRAUNBÆR. LAUS. 1. JÚLÍ.
Mikið endurnýuð 3ja herbergja íbúð á 2.hæð í vel viðhöldnu fjölbýlishúsi. Baðherbergi og rafmagn algjörlega endurnýað, eldhús mikið endurnýað. Mjög barnvænt hverfi og stutt í alla þjónustu.
Verð. 15,8 millj.

SELJAHVERFI

BREIÐH. - SELJAHVERFI
Góð og vel skipulögð 4ra herb. íbúð á jarðhæð ásamt stæði í bílskýli. Þvottahús innan íbúðar flísar á stofu, holi og eldhúsi. Sameign í góðu viðhaldi. Viðhald utanhús stendur til á kostnað seljanda. Stutt í skóla og þjónustu. **V: 20,8 millj.**

VESTURBÆR

HRINGBRAUT.- REYKJAVÍK
3ja herbergja íbúð á efstu hæð. Rúmgott hjónaherbergi með góðu skápalássi, barnaherbergi með fataskáp, baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Parket á stofu, holi og herbergjum . **V 15,5 millj.**

SAFAMYRIN

ÁLFTAMÝRI Góð íbúð á 4.hæð í vel viðhöldnu húsi á þessum eftirsóknarverða stað. Svefniherbergi með fataskápum. Suður- svalir, þvottahús og geymsla í sameign. **V: 15,5 millj.**

HAFNARFJÖRÐUR

BREIÐVANGUR - HFJ.
Mikið endurnýuð 113,5fm 3-4 herb. íbúð á 3. hæð. Ný eldhúsinnrétting og tæki, þvottahús/ geymsla innaf eldhúsi. Baðherbergið með fallegri innréttingu og tækjum, flísar á gólfi, mosaik flísar í kringum baðkar. nýlegt parket á gólfum. Húsið klætt með steni. Mjög góð staðsetning, stutt í alla þjónustu og skóla. **Eignin getur verið laus við kaupsamning**

GRAFAR VOGUR

GRAFARVOGUR - VEGHÚS.
Góð 4ra herb. íbúð á 2. hæð í vel viðhöldnu fjölbýli. Þvottahús innan íbúðar, baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Mjög gott skáparými í herbergjum, eldhús með góðri spautulakkaðri innréttingu. V: 20,1 millj.

Sumarbústaðir

SUMARHÚS -KIRKJUBÆJARKLAUSTUR.
Skemmtilega hannaður 60,8 fm sumarbústaður í landi Efri Víkur við Klaustur.Byggður 2004 **FULLINNRÉTTAÐUR MEÐ ÖLLUM HÚSGÖGNUM** Stutt í veiði, einstakt útivistarsvæði. **Verð 8,4 millj.**

SUMARHÚS NÝSMÍÐI:

Vönduð sumarhús, stærðir 59,4 fm og 63,4 fm. 3. afhendingastig **verð frá 3.9 milj.**
Nánari upplýsingar gefa sölumenn **Eignalistanns**

Fyrirtæki

SÖLUTURN / ÍSBÚÐ / GRILL
SKARI / NESTURNINN við sundlaug Seltjarnarness.

UM ER AÐ RÆÐA BÆÐI HÚSNÆÐI OG REKSTUR Til greina kemur að leigja út reksturinn TILBOÐ ÓSKAST
Uppl. gefur Ólafur á skrifstofu Eignalistans

Kaupandi í leit

HÖFUM VERIÐ BEÐIN UM AÐ FINNA FYRIR VIÐSKIPTAVIN GOTT RAÐHÚS EÐA HÆÐ MEÐ SÉRINNAGANGI, Á REYKJAVÍKURSVÆÐINU Í SKIPTUM FYRIR EINBÝLISHÚS MEÐ AUKAÍBÚÐ VERÐ 65 MILLJ.

SKOÐUN EIGNAR ER EKKI SKULDBINDING TIL SÖLU

EIGNALISTINN ÖRUGG MIÐLUN FASTEIGNA - NÁNARI UPPLÝSINGAR EFTIR OPNUNARTÍMA VEITA SÖLUMENN EIGNALISTANS Í SÍMA 864 1243

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.006 **+0,52%** **Fjöldi viðskipta:** 169 **Velta:** 1.537 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
Bakkavör	+2,94%	FL Group	-0,69%
SH	+2,27%	Kögun	-0,49%
Burðarás	+1,08%		

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,70 +0,49% ... Atorka 5,96 – ... Bakkavör 35,00 +2,94% ... Burðarás 14,05 +1,08% ... FL Group 14,40 -0,69% ... Flaga 4,97 – ... Íslandsbanki 13,10 +0,38% ... KB banki 525,00 +0,19% ... Kögun 61,40 -0,49% ... Landsbankinn 16,20 +0,62% ... Marel 56,50 +0,89% ... Og fjarskipti 4,09 – ... Samherji 12,10 – ... Straumur 11,80 +0,85% ... Össur 77,00 +0,65%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Hagnaður undir væntingum

Jón Kristjánsson er nýr stjórnarformaður Icelandic Group.

Þórólfur Árnason hefur verið ráðinn forstjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem nú ber nafnið Icelandic Group hf.

Jón Kristjánsson, stjórnarformaður Sjóvíkur, er formaður stjórnar Icelandic Group og Þór Kristjánsson, starfsmaður Samson, verður varaformaður stjórnarinnar en þeir koma báðir nýir inn. Þriðji nýi í stjórn er Hreggviður Jónsson, forstjóri Vistor.

Hagnaður Icelandic Group á fyrsta ársfjórðungi var 191 milljón króna, sem er undir væntingum greiningardeilda bankanna. Velta félagsins var tæpir 22 milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi, sem var lítillega yfir spám bankanna. Munar þar um veltu Sjóvíkur, sem sameinaðist Icelandic á tímabilinu.

Í tilkynningu frá félaginu segir að rekstur SH á flestum markaðssvæðum hafi gengið vel og afkoman verið betri eða í samræmi við áætlanir. Erfiðleikar hafi þó verið í rekstri Icelandic USA og Icelandic France. Jafnframt hafði lækkun á gengi skráðra hlutabréfa í eigu samstæðunnar neikvæð áhrif á rekstrarafkomu samstæðunnar.

-dh

SPÁR UM AFKOMU ICELANDIC GROUP – í milljónum króna:

Íslandsbanki	225
KB banki	268
Landsbankinn	207
Hagnaður	191

ÞÓRÓLFUR ÁRNASON, NÝRÁÐINN FORSTJÓRI ICELANDIC GROUP.

MOSAIC Á MARKAÐ Útboðslýsing vegna almenns hlutafjárútboðs Mosaic Fashion verður birt í dag. Útboðið fer fram dagana 6.-10. júní.

Útboðslýsing birt í dag

Í dag verður birt útboðslýsing vegna sölu á hlutabréfum í Mosaic Fashion til almennings. Mosaic rekur meðal annars tískufatakeðjurnar Karen Millen og Oasis. Kaupþing banki er umsjónaraðili útboðsins. Hlutafjárútboðið fer fram dagana 6.-10. júní og verða bréf félagsins skráð í Kauphöllina upp úr miðjum mánuðinum. Almenningi býðst að kaupa hlutafé fyrir 1,2 milljarða króna.

Kauphöllin setur það skilyrði fyrir skráningunni að fjórðungur bréfanna verði í dreifðri eignaraðild og fjöldi hluthafa verði að minnsta kosti 300 talsins. Um undanþáguskráningu er að ræða þar sem Mosaic uppfyllir ekki skilyrði um þriggja ára rekstrarsögu.

- eþa

HAGAR HAGNAST Hagar högnuðust um 1,3 milljarða króna á síðasta rekstrarári. Söluhagnaður vó þungt á metunum, enda var hann 2,4 milljarðar króna.

Söluhagnaður vegur þungt

Hagar, stærsta verslunarfyrirtæki landsins, sem reka meðal annars Bónus, Hagkaup og Skeljung, högnuðust um 1,3 milljarða króna á síðasta rekstrarári. Er um verulegan viðsnúning að ræða frá árinu áður, þegar tap varð á rekstri félagsins að upphæð 374 miljónir króna.

Hagnaðurinn er tilkominn vegna jákvæðra fjármagsliða en söluhagnaður nam 2,4 milljörðum króna. Hagar seldu lyfjabúðakeðjuna Lyfju til VÍS og fleiri fjárfesta. Rekstrarhagnaður (EBITDA) var svipaður og árið 2003, um 1,5 milljarðar króna, en hagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT) var aðeins 26 milljónir króna.

- eþa

LEIÐRÉTTING

Íslandsbanki spáði því að HB Grandi myndi hagnast um 465 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi en ekki um 96 milljónir líkt og ranghermt var í Fréttablaðinu á föstudaginn. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

WALT WHITMAN (1819-1892)
fæddist þennan dag.

„Ég verðskulda eflaust alla mína óvini, en ég held ég eigi ekki skilið að eiga vini mína að.“

Bandaríska skáldið Walt Whitman er dáð meðal landa sinna. Whitman lést úr heilablóðfalli árið 1892.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST

Búastríðinu lýkur

Á þessum degi árið 1902 undirrituðu fulltrúar Bretlands og Búaríksins í Suður-Afríku Vereeniging-sáttmálann og bundu þar með enda á Búastríðið, sem hafði staðið í hálft fjórða ár.
Búar voru afkomendur hollenskra landnema í Suður-Afríku. Bretar sölsuðu undir sig völdin í hollensku nýlendunni í Napóleonsstríðunum árið 1806. Upp úr 1830 stofnuðu Búar tvö ný ríki, Óraníu og Transvaal, í landi sem fram að því hafði tilheyrt innfæddum Afríkumönnum. Sambúð nýju ríkjanna við Bretland var friðsæl framan af þar til á sjöunda áratug 19. aldar, þegar stórar demanta- og gullnámur fundust á svæðinu. Skærur milli Búaríkjanna og Bretlands hófust upp úr 1890 og stigmögnuðust allt til ársins 1899 þegar stríð skall á. Bretar höfðu hertekið stærstan hluta Búaríkjanna um mitt ár 1900, en skæruliðar Búa gerðu breska herliðinu margar kárínur. Árið 1901 fóru Bretar að leita að og gera út af við skæruliða á kerfisbundinn hátt. Fjölskyldum þeirra var smalað í fangabúðir. Árið 1902 höfðu Bretar brotið andspyrnuhreyfingu Búa á bak aftur og hinn 31. maí gáfust þeir upp. Friðarsáttmálinn fól í sér að Bretar hefðu yfirráð í Búaríkjunum, en skæruliðum var veitt sakaruppgjöf. Árið 1910 stofnuðu Bretar sjálfstætt ríki Suður-Afríku, sem samanstóð af Búaríkjunum tveimur, Góðrarvonarhöfða og Natal.

HERMENN BÚA

MERKISATBURÐIR

1809 Franz Josef Haydn tónskáld ber beinin.

1962 Adolf Eichmann hengdur í Jerúsalem.

1973 Richard Nixon Bandaríkjaforseti og Georges Pompidou Frakklandsforseti funda í Reykjavík.

1979 Simbabve lýsir yfir sjálfstæði.

1990 Gamanþátturinn Seinfeld frumsýndur.

1991 Alþingi kemur saman í fyrsta sinn eftir að deildaskipting var afnumin.

1991 Hin ástralska Minnie Munro giftir sig 102 ára að aldri og verður elsta brúður allra tíma.

†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi
Magnús Nikulásson
fyrrv. yfirverkstjóri, Snorrabraut 56, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 25. maí síðastliðinn.

Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 2. júní kl. 15.00.

Elín Þorsteinsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir, Krístín Magnúsdóttir, Guðni R. Ragnarsson, Þóra Magnúsdóttir, Magnús Magnússon, Lára Snæbjörnsdóttir, barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Sveinbjörn Sigurðsson
byggingameistari, Miðleiti 7,

lést föstudaginn 27. maí. Útförin verður auglýst síðar.

Helga Kristinsdóttir
Kristinn Sveinbjörnsson
Sigurður Sveinbjörnsson
Árni Sveinbjörnsson
Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Anna María Sveinbjörnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Valgerður Bjarnadóttir
Dagný Jónasdóttir
Áslaug Sigurðardóttir
Auður Jónsdóttir
Egill Ingibergsson

Viðskiptavinir athugið!

†

Tengi verður lokað í dag 31. maí vegna útfarar Sigurjóns G. Sigurjónssonar forstjóra Tengis

TENGI
Smiðjuvegi 11 • 200 Kópavogur
Sími: 564 1088 • Fax: 564 1089 • tengi.is

TÍMAMÓT: 60 ÁR SÍÐAN GEIRÞRÚÐUR HILDUR BERNHÖFT LAUK EMBÆTTISPRÓFI Í GUÐFRÆÐI

Þrír prestar hótuðu uppsögnum

Í dag eru liðin 60 ár síðan Geirþrúður Hildur Bernhöft lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands, fyrst kvenna.

Af því tilefni verður hátíðarsamkoma í kapellu Háskólans sem að standa guðfræðideild HÍ, Félag guðfræðinga og Kvennakirkjan.

Geirþrúður Hildur fæddist 19. júlí 1921. Hún varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1940 og cand theol frá Háskóla Íslands 31. maí 1945.

Eins og gefur að skilja var Geirþrúður Hildur eina konan í sínum árgangi og það var raunar ekki fyrr en hátt í tuttugu árum síðar sem önnur kona lauk embættisprófi frá deildinni. Var það Auður Eir Vilhjálmsdóttir, sem lauk námi 1962 og var vígð til embættis 1974. Nú er öldin önnur og í guðfræðideild HÍ eru 95 konur og 53 karlar.

Að sögn Ingibjargar Bernhöft, dóttur Geirþrúðar Hildar, hafði móðir hennar hug á að verða prestur en af því varð ekki. „Sigurgeir Sigurðsson, sem þá var biskup, hvatti hana til að gerast kirkjunnar þjónn en heimilisaðstæður buðu ekki upp á það.“ Og hún rifjar upp að ekki voru allir jafn hrifnir af að fá konu í prestastétt. „Biskup sagði mömmu að þrír prestar hefðu hringt í sig og sagst segja af sér embætti ef hann vígði þessa stelpu. Hún spurði hann þá hvað hann myndi gera ef hún vildi vígjast og biskup svaraði: „Ja, þeir verða þá bara að hætta“.“

Geirþrúður Hildur var ellimálafulltrúi Reykjavíkurborgar frá 1965 og starfaði að málefnum aldraðra til æviloka. Hún var einn af stofnendum kvennadeildar Rauða kross Íslands og var varaþingmaður Reykjavíkur fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

GEIRÞRÚÐUR HILDUR BERNHÖFT Í dag eru liðin sextíu ár síðan Geirþrúður Hildur lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands, fyrst kvenna. Af því tilefni verður hátíðarsamkoma í kapellu Háskólans klukkan fimm í dag.

Geirþrúður Hildur skrifaði fjölda greina um málefni kvenna og aldraðra og um félagsmál og stjórnmál. Hún var sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu 1983 fyrir störf að málefnum aldraðra. Geirþrúður Hildur lést 15. júní 1987.

Eiginmaður hennar var Sverrir Bernhöft, stórkaupmaður í Reykjavík.

Börn þeirra eru Hildur Bernhöft, Sverrir Vilhelm Bernhöft, Ingibjörg Bernhöft og Kristín Edda Bernhöft.

Hátíðarsamkoman í kapellu Háskólans hefst klukkan 5 í dag og er öllum opin. ■

†

Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Sigurbjörg Stefánsdóttir
Hjallaseli 55, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotsspítala sunnudaginn 29. maí.
Jarðarförin auglýst síðar.

Örn Baldursson
Jóna Þorvaldsdóttir
Anna Þorvaldsdóttir
Lára Þorvaldsdóttir
Brynja Þorvaldsdóttir
Regína Þorvaldsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Elísabet Weisshappel
Guðmundur Gylfason
Björn Guðmundsson
Steindór Helgason
Jón Björn Hjálmarsson
Örn Pálsson

ANDLÁT

Sveinbjörn Sigurðsson, byggingameistari, Miðleiti 7, lést föstudaginn 27. maí.

JARÐARFARIR

11.00 **Benedikt Már Aðalsteinsson**, Holtagerði 65, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.

13.00 **Jóhanna Ásdís Jónasdóttir**, Mánatúni 2, Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

14.00 **Guðríður Stefanía Vilmundsdóttir**, Hraunsvegi 17, Njarðvík, verður jarðsungin frá Ytri-Njarðvíkurkirkju.

15.00 **Sigurjón G. Sigurjónsson**, Birkigrund 71, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju.

LOKUM HRINGNUM
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
BJÖRGUNARBÁTAÁTAK 2005

Hvað ef...?

Sjóbjörgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar hafa á undanförnum árum bjargað fjölda mannslífa úr bráðum sjávarháska. Í mörgum þessara tilfella tókst svo giftusamlega til vegna öflugra og sérútbúinna björgunarbáta félagsins. Þessir björgunarbátar þola veður og sjó einstaklega vel og komast á vettvang þegar hreinasta óráð væri að fara þangað á venjulegum bátum.

Nú eru ellefu slíkir bátar staðsettir víða um land tilbúnir til björgunar um leið og kallið kemur. Enn vantar þrjá báta upp á að allir sjófarendur við Íslandsstrendur njóti fyllsta öryggis.

Gerðu okkur kleift að loka hringnum og kaupa þá þrjá báta sem upp á vantar.

Ef út af bregður verða allir sjómenn að geta reitt sig á það öruggasta!

Taktu þátt í þessu átaki með því að greiða heimsendan gíróseðil í banka eða heimabanka.
Þú getur einnig hringt í **905 5900**
og færast þá sjálfkrafa 2.000 krónur á næsta símareikning.

Slysavarnafélagið Landsbjörg þakkar eftirtöldum aðilum stuðning við átakið:

SJÓVÁ SAMSKIP Esso

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG
www.landsbjorg.is

Heyrst hefur ...

... að HSÍ leiti hugsanlega réttar síns hjá evrópska handknattleikssambandinu í baráttu sinni við að fá Ólaf Stefánsson lausan frá Ciudad Real svo hann geti tekið þátt í undirbúningi landsliðsins fyrir undankeppni Evrópumótsins. Ciudad vill ekki hleypa Ólafi heim fyrr en að loknum kveðjuleik Talant Dujshebaev en hann leggur nú skóna á hillinuna og tekur við þjálfun spænska liðsins.

sport

sport@frettabladid.is

MAGNÚS GYLFASON ÞJÁLFARI KR: EKKI SÁTTUR VIÐ DÓMGÆSLUNA Í TAPLEIKNUM GEGN FH

Magnús varð rosalega reiður eftir leik

Magnús Gylfason, þjálfari KR, reiddist mjög þegar hann skoðaði myndbandsupptöku af ákveðnu atviki úr leik liðsins gegn FH. Umrætt atvik var að brotið var á sóknarmanninum Grétari Hjartarsyni í seinni hálfleik og Ólafur Ragnarsson dómari dæmdi vítaspyrnu. Einar Örn Daníelsson aðstoðardómari flaggaði þá óvænt rangstöðu og því hætti Ólafur við vítaspyrnuna. Staðan var 1-0 fyrir FH þegar þetta gerðist og þannig var staðan er leiknum lauk.

„Þetta er alveg ótrúlegt. Ég skil ekki hvernig maðurinn getur dæmt rangstöðu, Grétar var dekkaður af tveimur leikmönnum þegar sendingin kom og hann stakk sér milli þeirra. Ég varð rosalega reiður þegar ég sá þetta svart á hvítu á upptöku strax eftir leik. Meðan leikurinn var í gangi var ég ekkert reiður þar sem maður verður að treysta þessum línuvörðum og ég taldi hann hafa gert rétt. Þarna voru þó skelfileg mistök á ferðinni.“ sagði Magnús.

Þegar Magnús kom heim eftir leikinn skellti hann myndbandsupptöku af honum í tækið og ákvað að rýna nánar í hann. „Þegar ég sá þetta síðan þá trúði ég þessu ekki í einlægni minni. Dómarinn var tíu metra frá þessu en línuvörðurinn lengst úti í horni en tekur samt vítið af honum! Svona á maður ekki að gera nema maður sé alveg 100% viss. Það segir mjög skýrt í reglunum að sóknarmaður eigi að njóta vafans sé einhver vafi fyrir hendi.“

Magnús vill meina að KR hafi einnig átt að fá víti þegar Auðun Helgason klifraði upp á bak Garðars Jóhannssonar. „Ég vil ekki láta það hljóma eins og ég sé að væla en það er enginn vafi á að það var líka víti. Við fengum á okkur vafasamt víti í Keflavík en þetta atvik var mun verra.“

> Við erum hræddir um ...

... að fimmtán ára vera Eyjamanna í efstu deild gæti verið á enda haldi áfram sem horfir. Eyjaliðið er stigalaust eftir fjóra fyrstu leikina í fyrsta sinn í sögu félagsins í tíu liða deild og það er ljótt að brottfallið úr liðinu hafi verið of mikið. Vörnin er hriplek og sóknarleikurinn bitlaus og margt þarf að breytast til svo fari ekki.

> Við hrósum ...



.... Fylkismönnum fyrir að spila frábæran fótbolta á Akranesi í gær. Það mæta ekki öll lið upp á Skipaskaga og kenna heimamönnum að spila fótbolta. Fylkismenn sýndu í gær örugglega það besta sem sést hefur til þessa í sumar.

LANDSBANKADEILDIN

Leikur kattarins að músinni

Það var ótrúlegur styrkleikamunur á ÍA og Fylki á Akranesi í gær. Heimamenn máttu þakka fyrir að hafa „aðeins“ tapað 3-0.

ÍA 0-3 Fylkir

Akranesv., áhorf: 1412 Kristinn Jakobsson (7)

0-1 Hrafnkell Helgason (23.)
0-2 Björgólfur Takefusa, víti (54.)
0–3 Erik Gustafsson (57.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	6–15 (1–8)
Varin skot	Páll Gísli 4 – Bjarni Þórður 1
Horn	5–3
Aukaspyrnur fengnar	9–16
Rangstöður	5–0

FÓTBOLTI Þetta var svo sannarlega leikur kattarins að músinni og var engu líkara á köflum en leikmenn Fylkis trúðu ekki hversu lítil mótspyrna Skagamanna var í leiknum. Heimamenn voru átakanlega slakir í fyrri hálfleik og voru spilaðir hvað eftir annað upp úr skónum af sprækum Fylkismönnum. Hrafnkell skoraði með góðu skoti og gestunum óx ásmegin í kjölfarið. Sóknarlotur þeirra þyngdust með hverri mínútunni og meðvitundarlausir heimamenn vissu vart sitt rjúkandi ráð.

Blessunarlega fyrir heimamenn voru miðverðirnir Gunnlaugur Jónsson og Reynir Leósson vel vakandi og þeir sáu til þess að Fylkir leiddi aðeins með einu marki í leikhléi. Hálfleiksræða Ólafs Þórðarsonar virðist hafa farið inn um annað eyrað og út um hitt því Skagamenn voru í sama tjóninu í síðari hálfleik. Fylkismenn gerðu síðan út um leikinn á þriggja mínútna kafla í síðari hálfleik með tveim verðskulduðum mörkum.

Það var frábært að fylgjast með Fylkisliðinu í gær. Liðið er mjög léttleikandi, sækir hratt og leikmenn eru ekki að eyða of mörgum snertingum á boltann. Helgi Valur var sem kóngur í ríki sínu og Björgólfur var verulega sprækur í fremstu víglínu.

„Þetta var frábært hjá okkur og ekki alltaf sem okkur hefur gengið svona vel uppi á Skaga,“ sagði Helgi Valur Daníelsson, leikmaður Fylkis. „Sérstaklega gekk þetta vel í fyrri hálfleik þar sem við lékum okkar besta bolta. Svo komu tvö mörk snemma í seinni hálfleik og óþarfi að halda áfram að pressa jafn mikið eftir það. Þótt það hafi vantað fastamenn í liðið í dag eigum við mjög sterka menn sem eru klárir í að koma inn. Hópurinn er því gífurlega sterkur.“

Um Skagaliðið er lítið annað að segja en að það var arfaslakt og olli gríðarlegum vonbrigðum. Liðið getur þakkað miðvörðunum og markverðinum Páli Gísla fyrir að ekki fór verr.

„Þetta var bara rassskelling í orðsins fyllstu merkingu,“ sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA, skiljanlega óánægður með sína menn. „Við höfðum tekið sex stig á heimavelli fyrir leikinn og svo koma Fylkismenn og hreinlega kenna okkur að spila fótbolta. Ég bara vona að við höfum lært eitthvað af þessu.“ **-hbg, -esá**

SVONA ÓLI MINN, ÞAÐ GENGUR BARA BETUR NÆST Þetta gæti þessi ágæti stuðningsmaður ÍA verið að segja við Ólaf Þórðarson, þjálfara liðsins, sem var ráðalaus. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

ÍA 4–3–3		FYLKIR 4–3–3	
Páll Gísli	7	Bjarni Þórður	7
Finnbogi	4	Kristján	6
Reynir	7	Ragnar	8
Gunnlaugur	7	Valur Fannar	7
Guðjón Heiðar	4	Gunnar Þór	7
Helgi Pétur	3	Finnur	–
Jón Vilhelm	3	(15., Eyjólfur	7)
(59. Andri	5)	Hrafnkell	6
Pálmi	4	(66. Björn Viðar	5)
Martin	3	*Helgi Valur	9
(59. Kári Steinn	4)	Björgólfur	8
Hjörtur	3	Gustafsson	7
(59. Sigurður R.	6)	(81. Arnar Þór	–)
Hafþór	4	Viktor Bjarki	7

*MAÐUR LEIKSINS

Eyjamenn töpuðu fjórða leiknum í röð í gær:

Fyrstu stig Grindvíkinga

Grindavík 2-1 ÍBV

Grindavík, áhorf: 718 Jóhannes Valgeirsson (5)

1–0 Sinisa Valdimar Kekic (11.)
1–1 Matthew Platt (12.)
2–1 Óli Stefán Flóventsson, víti (16.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11–8 (6–6)
Varin skot	Savic 4 – Birkir 5
Horn	3–0
Aukaspyrnur fengnar	21–14
Rangstöður	1–1

FÓTBOLTI Grindvíkingar hrepptu sín fyrstu stig og skildu Eyjamenn eftir stigalausa á botninum þegar þeir unnu leik liðanna 2–1 í Grindavík í gær. Öll mörk leiksins komu á fjörugum fimm mínútna kafla í fyrri hálfleik. ÍBV gerði sitt besta til að jafna metin í síðari hálfleik og færðu Grindvíkingar sig aftar á völlinn með hverri mínútunni sem leið – og einum of aftarlega undir það síðasta. En vörn liðsins, með Óla Stefán Flóventsson sem langbesta mann, stóðst allar atlögur ÍBV án teljandi vandræða og uppskar liðið þannig sinn fyrsta sigur, býsna verðskuldaðan sem slíkan.

Það er ótrúlegt á köflum að sjá áhrifin sem Kekic hefur á lið Grindavíkur. Hann er þessi afgerandi leikmaður sem allir þjálfarar vilja hafa í sínu liði – sá sem gerir samherja sína betri.

„Það skiptir öllu máli að fara með sigur á bakinu í þetta frí sem er fram undan. Mér fannst við spila vel í fyrri hálfleik en duttum aðeins niður í þeim síðari en lengunin í sigur skipti sköpum hér í dag,“ sagði Kekic eftir leik. Um eigin frammistöðu sagði Kekic hana aukaatriði, honum sé alveg sama hvar á vellinum hann spili. „Bara að við vinnum, þá er ég ánægður,“ sagði Kekic.

Öðruvísi horfir við hjá ÍBV, sem enn á eftir að finna stöðugleikann. Það sem liðið vantar sárlega er hinn eiginlegi leikstjórnandi og leikmaður sem getur bundið enda á sóknir.

Á meðan þjálfarinn Guðlaugur Baldursson finnur ekki þessa menn verður ÍBV í vandræðum með sóknina og ef mark er tekið af varnarleiknum verður ekki annað séð en að liðið muni aðeins auka á þau vandræði, því ekki er hann sannfærandi. Liðið er stigalaust á botni deildarinnar og ef áfram heldur sem horfir mun sú staða ekki breytast. **- vig**

BESTUR Á VELLINUM Sinisa Kekic spilaði vel fyrir Grindavík gegn ÍBV í gær og er ekkert að gefa eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN

GRINDAVÍK 4–4–2		ÍBV 4–5–1	
Savic	6	Birkir	7
Óðinn	5	Pétur	5
Jack	6	Páll Hjarðar	5
Óli Stefán	8	Bjarni Hólm	5
Eyþór Atli	5	Bjarni Geir	5
McShane	6	(83. Sæþór	–)
(90. Páll G.	–)	Platt	5
Niestroj	6	Andri	5
Eysteinn Húni	6	Jeffs	6
Magnús Þ.	6	Magnús Már	6
(60. Óskar Örn	6)	Atli	4
Ahandour	7	(72. Bjarni Rúnar	–)
(87. Andri Hjörvar	–)	Steingrímur	4
*Kekic	8	(46. Dodds	6)

*MAÐUR LEIKSINS

LEIKIR GÆRDAGSINS

Landsbankadeild karla:

FH	4	4	0	0	12–1	12
VALUR	**3**	**3**	**0**	**0**	**7–2**	**9**
FRAM	3	2	0	1	6–1	6
FYLKIR	**4**	**2**	**0**	**2**	**7–5**	**6**
KR	4	2	0	2	4–4	6
KEFLAVÍK	**3**	**2**	**0**	**1**	**5–6**	**6**
ÍA	4	2	0	2	4–7	6
GRINDAVÍK	**4**	**1**	**0**	**3**	**6–12**	**3**
ÞRÓTTUR	3	0	0	3	1–6	0
ÍBV	**4**	**0**	**0**	**4**	**3–11**	**0**

Umspil í ensku 1. deildinni:

WEST HAM–PRESTON 1–0
1–0 Bobby Zamora /(57.). **West Ham** spilar í ensku úrvalsdeildinni næsta vetur og markið sem **Bobby Zamora** skoraði í leiknum er talið vera um 35 milljón punda virði.

Norska úrvalsdeildin:

VÅLERENGA–START 1–1
Árni Gautur Arason lék allan leikinn í marki Vålerenga og **Jóhannes Harðarson** var allan tímann á miðjunni hjá Start. Báðir stóðu sig vel.

Sænska úrvalsdeildin:

HAMMARBY–HÄCKEN 3–1
Pétur Marteinsson lék allan leikinn með Hammarby, sem er í 4. sæti eftir sigurinn.
LANDSKRONA–HELSINGBORG 4–3

IFK GÖTEBORG–ELFSBORG 1–1
Hjálmar Jónsson lék fyrri hálfleikinn með IFK.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

28 29 30 **31** 1 2 3

Þriðjudagur

LEIKIR

- 19.15 **Valur** og **Fram** mætast að Hlíðarenda í Landsbankadeild karla.
- 19.15 **Þróttur** og **Keflavík** mætast á Laugardalsvelli í Landsbankadeild karla.
- 20.00 **Keflavík** og **Valur** mætast á Keflavíkurv. í Landsbankad. kvenna.
- 20.00 **Stjarnan** og **ÍA** mætast á Stjörnuvelli í Landsbankad. kvenna.
- 20.00 **KR** og **FH** mætast á KR-velli í Landsbankadeild kvenna.
- 20.00 **ÍBV** og **Breiðablik** mætast á Hásteinsvelli í Landsbankad. kvenna.

SJÓNVARP

- 7.00 **Olíssport** á Sýn endursýnt fjórum sinnum frá kvöldinu áður.
- 15.35 **Landsbankadeildin** á Sýn. Grindavíkur-ÍBV frá því í gær.
- 16.45 **Fótboltakvöld** á RÚV. (e)
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 22.20 **Smáþjóðaleikarnir** á RÚV. (1:5)

Reyklausi dagurinn er í dag - 31. maí

FABRICA

TALAÐU VIÐ OKKUR ÁÐUR EN ÞAÐ ER ORÐIÐ OF SEINT

Hafirðu spurningar um áhrif tóbaksnotkunar á heilsuna eða þarft á stuðningi að halda við að hætta tóbaksnotkun þá getur heilbrigðisstarfsmaður hjálpað þér.
Heilbrigðisstarfsmenn eru t.d. læknar, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, tannlæknar, tannfræðingar, sálfræðingar og lyfjafræðingar.
Einnig er hægt að fá ókeypis persónulega ráðgjöf hjá sérþjálfuðum hjúkrunarfræðingum í síma:

800 6030

WORLD HEALTH ORGANIZATION
ORGANISATION MONDIALE DE LA SANTÉ

HEILBRIGÐIS-
STARFSMENN
GEGN TÓBAKI

Gefið út af WHO - Íslensk útgáfa: Lýðheilsustöð.

Morgunblaðið fer vísvitandi með rangt mál!

Í tilefni af auglýsingum Morgunblaðsins og Fréttablaðsins á blaðalestri Íslendinga sendi Gallup frá sér tilkynningu.

Gallup lýsir þar aðferðum sem fyrirtækið mælir með að notaðar séu við útreikninga á lestrartölum á sérblöðum og efnisþáttum.

Fréttablaðið hefur farið eftir leiðbeiningum frá Gallup, Morgunblaðið ekki!

Staðreyndirnar tala sínu máli. Það er ekki marktækur munur á lestri atvinnublaðanna.



Aðalhópur á vinnumarkaði
25-49 ára

FRÉTTABLAÐIÐ

Stærsti fjölmiðillinn

*Lestur atvinnublaða. Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup maí 2005

STUÐ MILLI STRÍÐA : Náttúrurómantík bölsýnismanns

ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON ER HÆTTUR AÐ LEITA OG SEFUR Í TJALDI.

MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég hef allt mitt líf leitað langt yfir skammt og hef einhverra hluta vegna samt aldrei fundið neitt. Tilviljanakennt fálm mitt út um allar trissur í leit að tilgangi lífsins og fullkominn skortur á rökréttri réttlætingu fyrir jarðvist minni gerði mig vitaskuld að þunglyndum bölsýnismanni.

Ég hef samt alltaf staðið bjargfastur í þeirri trú að lífið sé flókið og verði ekki ráðið á einni morgunstund eins og sunnudagskrossgáta. Ég hef því alltaf getað huggað mig með máltækinu „sælir eru fattlausir því þeir fatta ekki hvað þeir eru vitlausir“. Þunglyndi og bölsýni er því ekkert annað en sá kross sem vel upplýst og gáfað fólk verður að bera á meðan hinir einföldu njóta þess að vera sælir í notalegri fullvissunni um að þeir séu lítið en mikilvægt tannhjól í gangvirki sem er hannað af einhverju afli sem er manninum æðra.

Það er auðvitað mesta mildi að ég sé enn uppistandandi eftir að hafa bögglast með þessar ranghugmyndir í þrjá áratugi og leitað blindandi að einhverju sem skiptir engu máli. Ég hef þó sem betur fer tekið síðbúinn þroskakipp og er farinn að njóta þess einfalda og fallega í lífinu.

Þessi skyndilegi andlegi þroski minn, sem ég botna ekkert í, hefur orðið til þess að ég ætla að keyra um Ísland og sofa í tjaldi á Snæfellsnesi og Vestfjörðum. Ég hef oft heyrt að Ísland sé fallegt land en hef ekki trúað þeim tröllasögum vegna þess að það sem er innan seilingar getur aldrei verið annað en fábrotið og ómerkilegt. Ég hélt að maður yrði að leita lengra að fegurð og tilgangi en nú veit ég fyrir fram að ég mun finna eitthvað magnað á ferð minni. Veit ekki nákvæmlega hvað en eitthvað er þarna. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

PÚ OG PA

Eftir SÖB

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

Persónur í eigin verki

Tvær sýningar verða í kvöld í Þjóðleikhúsinu á áhugasýningu ársins, sem að þessu sinni er sýning Stúdentaleikhússins Þú veist hvernig þetta er.

„Þetta er ádeiluverk og fjallar um Ísland samtímans. Við vildum vekja upp spurningar og vekja máls á ýmsu sem okkur leikurunum finnst vera að og ekki er talað um í þjóðfélaginu," segir Hannes Óli Ágústsson, sem hefur starfað með Stúdentaleikhúsinu í fjögur ár.

„Þetta er mjög óhefðbundin sýning og við veltum því dálítið fyrir okkur hvort við ættum að taka boðinu ef við yrðum fyrir valinu. En svo ákváðum við að halda henni að mestu óbreyttri. Að minnsta kosti lofum við því að þetta verður ekki hefðbundin stóra sviðs sýning í Þjóðleikhúsinu."

Sýningin er samin af leikhópnum sjálfum og leikstjóra sýningarinnar, Jóni Páli Eyjólfssyni.

„Þetta er algjörlega okkar sýning og hún er síbreytileg. Hún er að mestu byggð upp á stuttum atriðum og þótt formið sé fast þá breytast umræðuefnin frá sýningu til sýningar."

Leikararnir í sýningunni nota eigin nöfn á sviðinu og eru að segja má sjálfir persónur í eigin verki.

ÁHUGASÝNING ÁRSINS Stúdentaleikhúsið sýnir „Þú veist hvernig þetta er" í Þjóðleikhúsinu í kvöld. Í gær var leikhópurinn að koma sér fyrir á stóra sviðinu.

Í umsögn dómnefndar segir að sýning Stúdentaleikhússins komi „sem hressilegur gustur inn í áhugastarf leikfélaganna, textinn er bæði fyndinn og alvarlegur og kemur við kaunin á áhorfendum. Framsetning og túlkun hópsins er í ætt við pólitískt leikhús eins og það gerðist best á síðustu öld."

Þetta er í annað sinn sem sýning á vegum Stúdentaleikhússins er valin áhugasýning ársins, því fyrir fjórum árum sýndi leikfélagið leikritið Ungir menn á uppleið.

Í ár sóttu tólf leikfélög um að koma til greina við valið á áhugasýningu ársins, og buðu fram alls fjórtán verk. Auk verðlaunasýningarinnar hlutu fjórar aðrar sérstaka viðurkenningu dómnefndar, sem í ár var skipuð Tinnu Gunnlaugsdóttur þjóðleikhússtjóra, Hlín Agnarsdóttur, leiklistarráðunauti Þjóðleikhússins, og Þórhalli Sigurðssyni leikstjóra. ■

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

29 30 **31** 1 2 3

þriðjudagur

TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Mezzósópransöngkonan **Sibylle Köll** heldur burtfararprófstónleika frá Söngskólanum í Reykjavík í Íslensku óperunni við Ingólfsstræti. Undirleikari er **Iwona Ösp Jagla**.

LEIKLIST

☐ 20.00 **Áhugaleiksýning ársins** í Þjóðleikhúsinu er sýning Stúdentaleikhússins, **Þú veist hvernig þetta er**.

☐ 22.30 Stúdentaleikhúsið sýnr **Þú veist hvernig það er**, áhugaleiksýningu ársins, aftur í Þjóðleikhúsinu.

SÝNINGAR

☐ 12.10 **Hádegisleiðsögn** verður í Listasafni Reykjavíkur og Listasafni Íslands um sýninguna **Dieter Roth - Lest**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

ÞÚ VEIST HVERNIG ÞETTA ER
TVÆR SÝNINGAR Í KVÖLD!

■ **Stóra sviðið**

ÞÚ VEIST HVERNIG ÞETTA ER
Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins. **Stúdentaleikhúsið.**
Í kvöld þri. 31/5 kl. 20:00 **uppselt** kl. 22:30 **örfá sæti laus.**

DÍNAMÍT - *Birgir Sigurðsson*
9. sýn. fös. 3/6 **nokkur sæti laus,** 10. sýn. lau. 11/6. **Síðustu sýningar.**

ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA - *Hallgrímur Helgason/leikgerð Baltasar Kormákur*
Lau. 4/6 **örfá sæti laus,** fös. 10/6. **Síðustu sýningar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - *H.C. Andersen*
Sun. 5/6 kl. 14:00 **nokkur sæti laus. Síðasta sýningar í vor.**

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

RAMBÓ 7 - *Jón Atli Jónasson*
Fös. 3/6 **nokkur sæti laus,** lau. 4/6 **nokkur sæti laus,** fös. 10/6.

■ **Valaskjálf Egilsstöðum**

EDITH PIAF Á AUSTURLANDI - *Söngdagskrá*
Mið. 1/6 kl. 20:00 **örfá sæti laus,** fim. 2/6 kl. 20:00 **örfá sæti laus.**
Miðasala á Bókasafni Héraðsbúa.
Opið alla virka daga frá kl. 14-19. Sími 471 1546

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is.** Miðasalan er opin kl. **12:30-18:00** mán. og þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00.** símapantanir frá kl. **10:00** virka daga
Þjóðleikhúsið sími 551 1200

GLÆSILEGAR GENERAL ELECTRIC ÞVOTTAVÉLAR

OPNUNARTILBOÐ

Electric flytur til Eirvíkur

Af því tilefni bjóðum við frábær opnunartilboð á þvottavélum frá **General Electric**

General Electric

WWH7709FWW	WWH9809FWW
Verð áður kr. 54.900	Verð áður kr. 79.900
TILBOÐ: kr. 43.920	**TILBOÐ: kr. 63.920**
Tekur 6 kg., 500-1000 sn./mín. Minni kerfi fyrir eina flík Einkunn: A-nýtni, A-þvottahæfni, B-vinda	Tekur 6 kg., 500-1400 sn./mín. Forritanlegt þvottakerfi Einkunn: A-orkunýtni, A-þvottahæfni, A-vinda

